HEILSAN ER EKKI ÓKEYPIS

Kolbrún grasalæknir segir fólk viljugra en áður til að gera róttækar breytingar á lífi sínu

VIÐTAL **24**

POPPHÆNSN OG JAÐARHUNDAR

TÓNLIST **26**

TVÖ SÉRBLÖÐ FYLGJA Í DAG

Mín Borg ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.

GEYMIÐ BLAÐIÐ

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

14. febrúar 2009 — 40. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

YFIRHEYRSLA 32

Versta starfið var að selja harðfisk

DARWINISMI 18

Þróunarkenningin í eina og hálfa öld

MATUR



Komdu ástinni á óvart með sælkeramat

SKÓLASTARF 22

Söngleiknum í Hlíðaskóla bjargað af sjálfboðaliðum

Komið og skoðið myndirnar í ljósmyndasamkeppninni í stóru versluninni Miðhrauni 2

DÝRARÍKIÐ
Sími 568 66 68

HJÖRTU FYRIR ÞINGHEIM Vetrarhátíð í Reykjavík hófst í gær og var ýmislegt gert af því tilefni í höfuðborginni. Stundum er sagt að yfirvöld hugi ekki nógu vel að málefnum barna en börnin gleyma ekki yfirvöldum sínum. Þessir hjartahlýju krakkar fóru með hjörtu til þingmanna, en Bergljót Arnalds barnabókahöfundur virðist vera að segja þeim eitthvað sem er henni hjartans mál.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Persónuvernd seinkar greiningu Seðlabanka

Viðamikil greining Seðlabanka á fjárhag einstaklinga, heimila og fyrirtækja frestast um nokkrar vikur. Beðið með óþreyju, segir fjármálaráðherra.

EFNAHAGSLÍF Fyrstu niðurstöður úr umfangsmikilli upplýsingaöflun Seðlabankans, um áhrif kreppunnar á efnahag heimila og fyrirtækja, ættu að koma í ljós innan fárra vikna, að sögn Arnórs Sighvatssonar, aðalhagfræðings bankans. Í minnisblaði bankans, frá því í desember, kom fram að starfshópur bankans ætti að skila bráðabirgðaniðurstöðum upp úr gögnunum um miðjan febrúar, eða fyrr.

Arnór segir verkefnið hafi tekið lengri tíma en til stóð. Hingað til hafi verið unnið að gagnaöflun, en nú sé byrjað að skila gögnum inn: „Menn ákváðu að fara þessa leið, að afla leyfa hjá Persónuvernd og fylgja mjög ítarlegum skilgreiningum [hennar] á verkferlum.“

Starfshópurinn á að afla fjárhagsupplýsinga um lánþega frá innlendum fjármálafyrirtækjum svo sem viðskiptabönkum, Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum, fjármögnunarfyrirtækjum og sparisjóðum. Upplýsingarnar á að tengja saman til að varpa betra ljósi á stöðu lánþega. Í minnisblaðinu segir að æskilegt sé að óska eftir gögnum ríkisskattstjóra, til að fá greinargóðar upplýsingar um tekjur.

Starfshópnum er ætlað að meta getu heimila og fyrirtækja til að geta staðið undir stóraukinni greiðslubyrði skulda þegar tekjur minnka og atvinnuleysi eykst. Því skal kanna hver sé til dæmis fjöldi heimila með neikvæða eign í húsnæði sínu og hvort skuldugt fólk eigi fé í bönkum og séreignasparnað. Þetta geti orðið grunnur stefnumótunar hins opinbera. Gögnin eigi að senda dulkóðuð í miðlara Decode.

Spurður hvort ekki muni taka mikinn tíma að fara yfir þessi gögn, segir Arnór tölvukerfin eiga að ráða við það. Þó sé spursmál hvaða tæknilegir örðugleikar komi í ljós þegar farið verður að vinna með gögnin.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, segir að greining Seðlabankans myndi grunn undir ýmsar aðgerðir stjórnvalda sem séu í undirbúningi.

„Þess vegna hafa menn beðið með óþreyju eftir að fá þessar gríðarlega viðamiklu upplýsingar,“ segir hann. **- kóþ**

Vinnumálastofnun:

Tvö hundruð störf auglýst

SAMFÉLAGSMÁL Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar, segir 198 störf auglýst laus hjá stofnuninni, fleiri störf en voru á skrá í janúarlok í fyrra.

Telur hún skýringarnar felast í því að vinnuveitendur auglýsi nú frekar hjá Vinnumálastofnun en öðrum vinnumiðlunum og að margir telji að engin störf séu í boði. **- jse/** **sjá síðu 16**

Brauðostur á tilboði

Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum kílóastykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!

SPURNING DAGSINS

Hrannar, er forsætisráðherra að spá í Bolla?

„Hún er reyndar alltaf að spá í framtíðina og hver veit nema Bolli gæti reynst henni vel í þeim bollaleggingum.“

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri, er í leyfi frá störfum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gær að ráðuneytið mætti þó leita til hans. Hrannar B. Arnarsson er aðstoðarmaður Jóhönnu.

Faðir drengs sem lenti í snjóflóði í gær var sem sturlaður í óvissunni:

Var í bakaríinu allan tímann

SLYS „Ég varð náttúrulega alveg sturlaður þegar ég frétti að annar þeirra væri sonur minn. Þetta var mjög erfiður hálftími meðan við foreldrarnir vorum hér í óvissu,“ segir Ragnar Þór Jónsson smiður.

Sonur Ragnars, Friðrik, var svo heppinn að sleppa ómeiddur úr snjóflóði í gær. Friðrik hafði ásamt öðrum nemum fengið leyfi úr skóla til útivistar. Hann gekk upp Húsavíkurfjall um hádegið og félagi hans á undan honum: „Og þegar hann var kominn upp á topp þá brotnaði allur snjórinn undan mér. Ég rann svona tíu til tuttugu metra en fór svo bara aftur upp og renndi mér niður,“ segir Friðrik.

Móðir Friðriks, Helga Björg Sigurðardóttir, segir að óvissan hafi ekki verið notaleg. Hún heyrði þegar björgunarsveitin var ræst út og varð hugsað til stráksa, en náði ekki sambandi við hann. Hún frétti skömmu síðar að hann hefði sést á leiðinni upp í fjall.

En Friðrik sjálfur renndi sér niður brekkuna, sem fyrr segir, og þeir félagar fóru beint í bakaríið, sem er við hlið verslunar móður Friðriks. Á meðan leitaði björgunarsveitin Garðar í fjallinu. „Já, við vorum einmitt að hlæja að því að hann var allan tímann í næsta húsi að næra sig!“ segir Helga Björg. **- kóþ**

FJÖLSKYLDAN Í BREKKUNNI Sonurinn var í næsta húsi við mömmu sína meðan foreldrarnir voru viti sínu fjær af ótta. MYND/HALLDÓR GUÐNI TRAUSTASON

Fjármálaráðherra:

Peningaþvætti verði skoðað

EFNAHAGSMÁL „Peningaþvætti og skattaundanskot og slíkt, eru grafalvarleg mál og það á að taka allt slíkt alvarlega. Ég treysti því að þau stjórnvöld sem eiga að sinna slíku geri það, hvort sem það er Fjármálaeftirlit eða lögregla eða hvað það nú er,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Hann var spurður um staðhæfingar Boriss Berezovsky, sem sagði í viðtali við Sky-fréttastöðina á fimmtudag að Rússar hefðu notað Ísland í umfangsmikið peningaþvætti. Ísland hefði verið „keypt“ af Rússum þar sem reglur hér væru aðrar en í Evrópu. **- kóþ**

YS OG ÞYS ÚT AF ELDI Gestir komu sér fyrir í einum salnum þar sem þeir fylgdust með framgöngu slökkviliðsmanna út um gluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hótel Loftleiðir:

Eldur á salerni

BRUNI Eldur kom upp á salerni í kjallara á Hótel Loftleiðum um klukkan hálf átta í gærkvöldi. Einn maður var sendur á sjúkrahús með snert af reykeitrun. Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað á vettvang og gekk slökkvistarf greiðlega. Fólki sem var á göngunum var komið fyrir í einum salnum á meðan á öllu stóð.

Eldsupptök eru ekki kunn að sögn lögreglunnar. **- jse**

Flugvél hrapar í BNA:

Fimmtíu létu lífið í flugslysi

BANDARÍKIN, AP Fimmtíu manns fórust með tveggja hreyfla farþegaþotu sem hrapaði á íbúðarhús skammt frá borginni Buffalo í New York ríki.

Um borð voru 44 farþegar, fjögurra manna áhöfn og flugmaður í fríi, sem hafði fengið far. Auk þess fórst einn íbúi hússins á jörðu niðri. Tveir íbúar sluppu naumlega.

Vélin var á leiðinni frá Newark í New Jersey til Buffalo og var að búa sig undir lendingu. Vitni heyrðu sprengihljóð frá vélinni áður en hún hrapaði.

Neyðarkall barst ekki frá vélinni eða vísbendingar um að eitthvað væri að. - gb

Nýtt gervitunglanet fyrir Norðurlöndin

Lagt er til að komið verði á fót norrænu gervihnattakerfi á norðurslóðum sem gæti kostað á annað hundrað milljarða króna. Formaður utanríkismálanefndar segir gervihnettina og hamfarateymi geta leyst Varnarmálastofnun af hólmi.

UTANRÍKISMÁL Lagt er til að komið verði á fót gervihnattakerfi fyrir Norðurlöndin sem mun kosta tugi, ef ekki hundruð milljarða króna. Þetta kemur fram í Stoltenberg-skýrslunni, sem fjallar um norrænt samstarf í utanríkis- og öryggismálum. Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, leiddi vinnuna við skýrsluna. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tók vel í hugmyndir Stoltenbergs sem og ráðherrar hinna Norðurlandanna.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, segir margt athyglisvert í skýrslunni og hún gæti boðað nýtt upphaf í norrænni samvinnu. Sér hugnist vel hve mikil áhersla er lögð á borgaralega þáttinn. Hvað gervihnattakerfið varðar segir hann það vissulega geta verið dýrt. Spurning sé þó hve mikinn þátt Íslendingar taki í því.

„Við gætum farið í þetta á hreinum borgaralegum grunni. Þetta vekur upp spurningar um Varnarmálastofnun, sem við höfum verið andvíg. Þetta kerfi, ásamt hugmyndum um hamfarateymi, gæti leyst hana af hólmi. Vegna aukinnar skipaumferðar gæti þetta verið ódýrara þegar til lengri tíma er litið; eitthvað af þjónustunni kaupum við nú þegar.“

VARÐSKIP Á NORÐURSLÓÐUM Lagt er til að komið verði á fót norrænu gervihnattaneti, meðal annars til að fylgjast með skipaumferð á norðurslóðum og vinnslu á auðlindum þar. Kerfið gæti kostað vel á annað hundrað milljarða króna. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Skýrslan gerir ráð fyrir að gervihnattakerfið verði komið upp fyrir árið 2020. Það geti gefið rauntímamyndir, sem uppfærist reglulega, af aðstæðum á hafsvæðunum, en það sé skilyrði fyrir skilvirku eftirliti með hafsvæðum og viðbrögðum við neyðarástandi.

Reiknað er með þremur gervihnöttum sem byggi á hárri sporöskjubraut, sem nái yfir svæðið frá um það bil 52. gráðu norðlægrar breiddar til Norðurpólsins. „Þetta verður dýrt kerfi og verður varla að veruleika fyrr en nær dregur árinu 2020,“ segir í skýrslunni.

Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur segir erfitt að meta kostnað við svona kerfi. „Þetta er ofboðslega dýrt fyrirbæri. Gervihnettirnir sjálfir yrðu væntanlega búnir til á Norðurlöndum og þeim síðan skotið á loft úr Evrópu eða Bandaríkjunum. Verðið rokkar líka eftir því hve fullkomnir gervihnettirnir eru, en þessir virðast eiga að vera mjög fullkomnir.“

Samkvæmt upplýsingum kosta gervihnettir á bilinu 50 til 400 milljónir dollara. Það eru 5,8 til 46 milljarðar íslenskra króna á hvern hnött. Þrír hnettir gætu því kostað á bilinu 18 til 138 milljarða króna.

kolbeinn@frettabladid.is

Fulltrúdeild Bandaríkjaþings:

Aðgerðaráætlun samþykkt

BANDARÍKIN, AP Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær björgunarpakka fyrir efnahagslífið þar í landi að upphæð 787 milljarðar bandaríkjadala, eða tæplega 90 þúsund milljarðar króna, sem Barack Obama lagði fram. Obama segir að þetta sé einungis upphafið af tilraunum hans til að ná tökum á efnahagslífinu.

Alls greiddu 246 þingmenn atkvæði með björgunarpakkanum en 183 greiddu atkvæði gegn. Málið hefur enn ekki verið afgreitt í öldungadeild þingsins.

Eldarnir í Ástralíu:

Brennuvargur handtekinn

ÁSTRALÍA, AP Maður á fertugsaldri var handtekinn í Ástralíu í gær, sakaður um að hafa kveikt einn af eldunum sem orðið hafa nærri 200 manns að bana undanfarið.

Maðurinn er sakaður um íkveikju skammt frá bænum Churchill og þar með orðið 21 manni að bana. Hann er einnig ákærður fyrir að hafa barnaklám í fórum sínum. Maðurinn er sagður veill á geði.

Sjö þúsund manns misstu heimili sín í eldunum í suðaustanverðri Ástralíu og heilu þorpin þurrkuðust út. **- gb**

Lést í vinnuslysi

Karlmaður um sextugt lést í vinnuslysi við Bæjarhraun í Hafnarfirði í fyrradag. Verið var að þrýstiprófa síló á vinnusvæðinu þegar slysið varð. Maðurinn mun hafa fengið lok af sílóinu í höfuðið með þeim afleiðingum að hann lést.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var maðurinn íslenskur og fæddur árið 1949.

Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Árvakurs, Fréttablaðsins og Pósthússins:

Enginn samruni í þessari atrennu

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið ógilti í gær samruna Árvakurs, Fréttablaðsins og Pósthússins. Í ákvörðuninni segir að samruninn hefði haft í för með sér alvarlegar samkeppnishömlur á mörkuðunum fyrir útgáfu dagblaða, auglýsingar í dagblöðum, dreifingu dagblaða og prentun dagblaða.

ARI EDWALD

Einnig er ljóst að ekki verður af samvinnu né samruna þessara þriggja í dagblaðaprentun og dagblaðadreifingu að þessu sinni.

„Í raun er nokkuð síðan mönnum varð ljóst að þessi fullnaðarsamruni yrði ekki heimilaður,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs. „Varðandi hitt þá voru samkeppnisyfirvöld tilbúin að heimila það með nokkuð ströngum skilyrðum. En eins og sakir standa þá falla þau ekki að hagsmunum 365. En þó málinu sé nú lokið þá lítum við svo á að sá kostur er lítur að prentun og dreifingu sé ennþá opin þó ekki hafi orðið af því í þessari atrennu.“

Ari Edwald, forstjóri 365, tekur í sama streng en bætir við að skilyrði Samkeppniseftirlitsins hafi verið of ströng. „Blaðaútgáfa beggja blaða þarf nauðsynlega á því að halda að menn fái að hagræða, því það er mjög tvísýnt um útgáfuna,“ segir hann. „En hið góða er að eftirlitið skilur þannig við málið að sjónarmið þess eru kunn og ég á von á því að þessi mál verði skoðuð upp á nýtt og þá frá grunni. **- jse**

PRENTSMIÐJA ÁRVAKURS Fréttablaðið verður ekki prentað í Hádegismóum enn um hríð.

Dagur elskenda

Með hverjum keyptum blómvendi í Blómavali á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Reykjanesbæ fylgir 2 fyrir 1 bíómiði á hina frábæru rómantísku gamanmynd **Vicky Christina Barcelona** með Penélope Cruz, Scarlett Johansson og Javier Bardem í aðalhlutverki.

HÁSKÓLABÍÓ
Meðan birgðir endast

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ 13.02.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,41	114,95
Sterlingspund	166,26	167,06
Evra	147,49	148,31
Dönsk króna	19,789	19,905
Norsk króna	16,768	16,866
Sænsk króna	13,694	13,774
Japanskt jen	1,2482	1,2556
SDR	170,69	171,71

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 182,8536

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríki og borg greina frá ákvörðun sinni um Tónlistarhús í næstu viku:

Gestaherbergin líklega út

SKIPULAGSMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að ýmsar hugmyndir hafi verið ræddar við Austurhöfn, sem stendur að framkvæmdunum við Tónlistarhúsið, um það hvernig spara megi við framkvæmdirnar. Þeirra á meðal sé sú hugmynd að sleppa gestaherbergjum eða viðhafnaraðstöðu fyrir heldri gesti. „Það er verið að skoða ýmislegt í þessum tilgangi en auðvitað er ekki verið að gjörbylta neinu en líklega verða þessi herbergi ekki," segir hann.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að ríki og borg muni í næstu viku gefa frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þar sem greint verður frá því hvenær hafist verður handa að nýju en framkvæmdir hafa legið niðri frá því fyrir áramót.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, gagnrýndi meirihlutann í Fréttablaðinu í gær fyrir að taka ekki ákvörðun um málið á borgarráðsfundi á þriðjudag en kalla þarf til aukafundar þar sem málið verður afgreitt af hálfu borgarinnar. Júlíus Vífill hefur nokkuð út á þann málflutning að setja. „Hann sagðist ekki vita hvort það hefði verið vegna ákvörðunarkvíða hjá okkur í meirihlutanum," segir hann.

TÖLVUMYND AF TÓNLISTARHÚSINU
Niðurskurðarhnífurinn mun aðeins skafa af upphaflegum hugmyndum.

„Staðreyndin er sú að það var ekki síst að kröfu flokkssystkina hans að ákveðið var að ganga ekki frá málinu á þessum fundi." - jse

Kolbrún Halldórsdóttir:

Fullgilda Árósasamninginn

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Kolbrúnar Halldórsdóttur umhverfisráðherra um að fullgilda Árósasamninginn. Hann fjallar meðal annars um réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.

Ísland undirritaði samninginn í Árósum árið 1998. Fjörutíu og eitt ríki, auk Evrópusambandsins, hafa fullgilt hann, þar með talið öll norrænu ríkin utan Íslands. Samningurinn fjallar meðal annars um kærurétt og geta aðildarríki valið hvort ákvarðanir um útgáfu leyfa verði lagðar fyrir úrskurðarnefndir eða fyrir almenna dómstóla. - kóp

Ráðherrar sverja eiða:

Ráðherraefni sett í fangelsi

SIMBABVE, AP Roy Bennett, háttsettur félagi í flokki Morgans Tsvangirai, var handtekinn í gær, stuttu áður en ráðherrar í nýrri ríkisstjórn Tsvangirais sóru embættiseiða sína. Bennett átti að verða einn af aðstoðarráðherrum stjórnarinnar.

MORGAN TSVANGIRAI

Tsvangirai sór embættiseið sinn sem forsætisráðherra á miðvikudag. Samkvæmt samkomulagi hans við andstæðing sinn, Robert Mugabe forseta, skipta flokkar þeirra með sér ráðherraembættum, þannig að hvor flokkur er með fimmtán ráðherra.

Mugabe hugðist í gær einnig láta sjö aðstoðarráðherra úr sínum flokki sverja embættiseiða, en samkomulagið hafði ekki gert ráð fyrir því. - gb

SKIPULAGSMÁL

Víggirðing fellur

„Það er tákn um nýja tíma að girðing sem lokað hefur gömlu herstöðinni á Keflavíkurflugvelli er nú að falla. Girðingarnetið hefur verið fjarlægt á stórum kafla og nú standa bara staurarnir eftir," segir á heimasíðu Kadeco, félagsins sem annast breytingu varnarsvæðisins við Keflavíkurflugvöll til borgaralegra nota.

LEIÐRÉTTING

Í frétt í blaði gærdagsins af broti Félags íslenskra stórkaupmanna gegn samkeppnislögum féll orðið ‚ekki' fyrir mistök úr setningu sem átti að vera á þessa leið: „FÍS segir þó að ásetningurinn hafi ekki verið að hindra samkeppni."

Seðlabankafrumvarp úr nefnd á þriðjudag

Til stendur að afgreiða Seðlabankafrumvarpið úr viðskiptanefnd á þriðjudag. Seðlabankinn tefur málið með því að heimta lengri frest til umsagnar. Umsögn AGS kallar á algera endurskoðun frumvarpsins, segir fulltrúi Sjálfstæðisflokks.

ALÞINGI Formaður viðskiptanefndar Alþingis gerir ráð fyrir því að afgreiða frumvarpið um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans úr nefndinni á þriðjudaginn næsta. Til stóð að gera það á mánudag, en vegna beiðni Seðlabankans um lengri frest til að skila um það umsögn er fyrirséð að það frestist um einn dag. Þetta sagði Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, á fundi hennar í gær.

BIRGIR ÁRMANNSSON

LÚÐVÍK BERGVINSSON

Hún sagði um umsögnina að nefndin ætti enn eftir að fá í hausinn „einhverja tíu síðna langloku frá Seðlabankanum" sem myndi flækja málið frekar. Búist er við að umsögnin berist á mánudag. Eftir afgreiðslu úr nefndinni verður málið tekið til annarrar umræðu í þinginu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sendi nefndinni umsögn um frumvarpið að fyrra bragði þar sem gerðar eru athugasemdir við ýmis atriði. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á von á því að frumvarpið muni taka einhverjum breytingum af þeim völdum. Helst mun vera til skoðunar að breyta reglum um hæfniskröfur, bæta við ákvæði um uppsagnarfyrirkomulag bankastjóra, stytta skipunartíma og fækka fulltrúum Seðlabankans í svokallaðri peningastefnunefnd.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir umsögn AGS kalla á að frumvarpið verði unnið aftur frá grunni. „Mér finnst augljóst að AGS er að gera athugasemdir við öll meginatriðin í frumvarpi forsætisráðherra," segir hann. Nauðsynlegt sé að taka mark á ábendingum sjóðsins í ljósi sérfræðiþekkingar hans.

„Þetta er bara vitleysa," segir Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi Samfylkingar, um þá skoðun Birgis að vinna þurfi frumvarpið upp á nýtt. „Stjórnarandstaðan er bara að reyna að beita einhverri tækni til að tefja málið. Hún hefur svo sem rétt á því og við virðum það," segir Lúðvík.

Að sögn Lúðvíks þarf viðskiptanefnd alls ekki að hlíta ábendingum AGS um breytingar á frumvarpinu frekar en nefndarmenn vilja. „Nei, nei, þetta er nú ekki svo stórt mál," segir hann. stigur@frettabladid.is

SEÐLABANKINN VILDI TÍFALDAN FREST

Seðlabankinn fór fram á það við viðskiptanefnd Alþingis að fá þrjár vikur til að veita umsögn um frumvarpið í stað þeirra tveggja daga sem viðskiptanefnd hafði veitt umsagnaraðilum. Enginn annar umsagnaraðili fór fram á lengri frest.

Segir í bréfi Seðlabankans til nefndarinnar að tveggja daga frestur sé óraunhæfur „ef undirbúa á eðlilega og faglega umsögn innan bankans" og að í ljósi mikilvægis málsins óski bankinn eftir því að meginreglunni um allt að þriggja vikna frest til umsagnar verði fylgt.

Viðskiptanefnd kallaði fulltrúa Seðlabankans á sinn fund í gær og óskaði eftir því að bankinn skilaði umsögn sinni fyrir fund nefndarinnar næsta þriðjudag.

ÁBENDINGAR AGS UM FRUMVARPIÐ

- Skýrt ætti að vera kveðið á um það hvenær seðlabankastjóri er óhæfur eða við hvaða aðstæður hægt er að víkja honum frá.
- Öllu jafna eru hæfniskröfur til bankastjóra ekki tiltekin menntun, heldur „viðurkennd þekking eða reynsla".
- Yfirleitt nýtur seðlabankastjóri aðstoðar eins eða tveggja aðstoðarbankastjóra.
- Skipunartími nefndarmanna í peningastefnunefnd er yfirleitt ekki skemmri en skipunartími þeirra sem þá skipa.
- Gott gæti verið að skilgreina frekar hvernig fulltrúar Seðlabankans í peningastefnunefndinni eru valdir.
- Skýrt ætti að kveða á um hæfniskröfur utanaðkomandi nefndarmanna í peninganefnd til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

AGS gerir einnig fjölda athugasemda við núgildandi löggjöf um Seðlabankann.

FÁNABRENNA Á VESTURBAKKANUM
Palestínskur mótmælandi fylgist með þegar ísraelski fáninn brennur.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvissa um stjórnarmyndun:

Loftárásir á Gasasvæðið

ÍSRAEL Enn ríkir óvissa um stjórnarmyndun í Ísrael. Ísraelski herinn gerði hins vegar árás á Khan Younis á Gasasvæðinu í gær, felldi þar einn mann og særði annan.

Palestínumenn höfðu skotið nokkrum sprengjuflaugum yfir landamærin, án þess þó að valda manntjóni.

Ísraelska dagblaðið Haaretz hafði eftir háttsettum félaga í Kadima-flokknum að svo gæti farið að Kadima gengi í stjórn undir forystu Benjamins Netanyahu og Likud-flokksins.

Kadima muni þó gera kröfu til þess að Tzipi Livni verði áfram utanríkisráðherra. - gb

LANDSBYGGÐ

Styrkir til ferðaþjónustu

100 milljónum af byggðaáætlun 2006-2009 verður veitt til að styrkja uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Styrkirnir skiptast í tvo flokka, móttökuaðstöðu í höfnum fyrir farþega skemmtiferðaskipa og nýsköpun í ferðaþjónustu. Umsóknir skulu hafa borist til Ferðamálastofu, Akureyri, 6. mars.

RÁÐSTAFAÐU ENDURGREIÐSLUNNI Á SJOVA.IS

Þú gætir tvöfaldað endurgreiðsluna.

SJÓVÁ
STOFN

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HÆGLÆTISVEÐUR
Þær eru fínar veðurhorfur dagsins. Hæglætisveður, hiti um og yfir frostmarki og úrkomulítið, síst þó reyndar suðvestanlands. Á morgun kemur ný lægð upp að landinu með hlýindi og vætu og má búast við rigningu og súld sunnan og vestan til en hætt við að úrkoman verði slyddukenndari á landinu norðan og austanverðu, einkum til landsins.



HEIMURINN

Alicante	18°
Amsterdam	5°
Basel	3°
Berlín	1°
Billund	1°
Eindhoven	5°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	18°
London	5°
New York	9°
Orlando	26°
Osló	-5°
París	4°
Róm	7°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

12. - 22. FEBRÚAR

KNÚS & KOSSAR

KÆRLEIKSRÍKIR DAGAR

Upplifðu gleði, ást og kærleika í Smáralind dagana 12.- 22. febrúar. Allir sem versla í Smáralind á þessum dögum og fylla út þátt-tökuseðil eiga möguleika á funheitum vinningum sem verða dregnir út á Bylgjunni 14. og 22. febrúar.

VALENTÍNUSARDAGURINN 14. FEBRÚAR

Dagskrá kl. 14 – 16 í Vetrargarðinum: Beggi og Pacas bjóða gestum upp á ástarköku frá Jóa Fel, ásamt vænum skammti af kærleika. Sigríður Klingenberg verður á svæðinu og leggur ástarálög á fólk. Geir Ólafsson tekur létta sveiflu klukkan 15. Gestir geta átt von á skemmtilegum glaðningi!

Verslanir Smáralindar eru fullar af rómantík og flottum vorvörum. Vertu velkomin!

OPIÐ Í DAG 11-18

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

KJÖRKASSINN

Er rétt að fækka ferðum strætisvagna í kreppunni?

Já	18,2
Nei	81,8

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti Geir H. Haarde að biðjast afsökunar á þætti sínum í efnahagshruninu?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Judd Gregg afþakkar embætti viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Obama:

Skyggir á sigurgleði forsetans

BANDARÍKIN, AP Repúblikaninn og öldungadeildarþingmaðurinn Judd Gregg hætti við að þiggja embætti viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Baracks Obama. Gregg segir ástæðuna ágreining út af efnahagsráðstöfunum forsetans, sem eiga að kosta ríkissjóð 790 milljarða dala.

Ákvörðun Greggs þykir töluvert áfall fyrir Obama, ekki síst þar sem hann er þriðji maðurinn sem hættir við að þiggja ráðherraembætti í stjórninni.

Áður hafði Bill Richardson, sem einnig átti að verða viðskiptaráðherra, hætt við vegna ásakana um misferli. Einnig hætti Tom Daschle við að þiggja embætti heilbrigðisráðherra út af skattamálum.

Gregg var þriðji repúblikaninn, sem demókratinn Obama hugðist fá til liðs við sig í stjórnina. Með þessu hefur Obama viljað leggja áherslu á vilja sinn til þess að flokkarnir starfi meira saman en verið hefur.

Ríkisstjórnin er nú fullskipuð að undanskildum ráðherrum viðskipta- og heilbrigðismála.

Afsögn Greggs skyggir nokkuð á sigurgleði Baracks Obama vegna efnahagsaðgerðanna, sem báðar deildir Bandaríkjaþings hafa komist að samkomulagi um. Búist var við því að fulltrúadeildin myndi samþykkja frumvarpið í gær, og hugsanlega öldungadeildin einnig, eða ekki síðar en um helgina. - gb

Á FUNDI MEÐ VIÐSKIPTALEIÐTOGUM Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi við viðskiptaleiðtoga um efnahagsmálin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grímuklædds ræningja leitað:

Rændi sjoppu vopnaður hnífi

LÖGREGLUMÁL Grímuklæddur maður rændi verslun Bónus-vídeós í Lóuhólum í Breiðholti í gærmorgun. Maðurinn ruddist inn í verslunina um klukkan tíu vopnaður hnífi og krafði afgreiðslumann um peninga, sem hann fékk og hvarf síðan á braut.

Afgreiðslumaðurinn, sem var einn við störf þegar ránið var framið, rispaðist á hendi af völdum hnífsins. Ekki liggur fyrir hve hár ránsfengurinn er en hann er þó talinn óverulegur.

Ræninginn er ófundinn og lögregla veit ekki hver hann er. Talið er að hann sé íslenskur karlmaður á þrítugsaldri. - sh

Handa elskunni

1.490,-
Glæsilegur blómvöndur

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

Vasi seldur sér.

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

STUND MILLI STRÍÐA Bandaríski ljósmyndarinn Callie Shell tók þessa mynd af Barack Obama og eiginkonu hans Michelle í miðri kosningabaráttunni í Bandaríkjunum á síðasta ári.

GEGN OFUREFLINU Brasilíski ljósmyndarinn Luiz Vasconcelos tók þessa mynd í mars síðastliðnum af konu sem reynir að koma í veg fyrir að hópur lögreglumanna beri fólk út úr húsum í Manaus í Brasilíu.

Kreppan sem stríðsástand á heimilum

Úrslit í hinni virtu keppni um bestu fréttaljósmyndir ársins voru kunngerð í gær. Meira en 96 þúsund ljósmyndir frá 124 löndum bárust í keppnina. Formaður dómnefndar segir sigurmyndina vera táknræna fyrir heimskreppuna.

HOLLAND, AP Bandaríski ljósmyndarinn Anthony Sau þótti taka bestu fréttaljósmynd ársins á nýliðnu ári. Úrslit úr árlegu ljósmyndakeppninni World Press Photo voru kunngerð í Hollandi í gær.

Verðlaunamyndin er tekin í íbúðarhúsi í Cleveland í Bandaríkjunum seint í mars á síðasta ári. Allt er á tjá og tundri í íbúðinni. Fyrir miðri mynd er lögreglumaður, við öllu búinn og með byssu í hönd, að horfa í gegnum dyr á íbúðinni. Hann fékk það hlutverk að bera út íbúana vegna ógreiddra skulda.

Ljósmyndin þykir sýna vel ástandið í efnahagskreppunni, sem hófst með hruni á húsnæðismarkaði í Bandaríkjunum og hefur síðan breiðst út um heim allan.

„Nú er stríð í hefðbundnum skilningi komið inn á heimili fólks vegna þess að það getur ekki greitt af húsnæðislánunum sínum," segir Mary Anne Golon, formaður dómnefndar keppninnar.

Nærri 5.600 ljósmyndarar frá 124 löndum sendu ljósmyndir í keppnina. Dómnefndin var þrettán daga að skoða meira en 96 þúsund ljósmyndir sem bárust.

Verðlaunin skiptust niður á 20 flokka og komu í hlut 44 ljósmyndara frá 27 löndum. - gb

FRÉTTAMYND ÁRSINS Bandaríski ljósmyndarinn Anthony Suau fékk aðalverðlaun samkeppninnar fyrir þessa ljósmynd af lögreglumanni, sem er við öllu búinn í miðju efnahagsfárviðrinu sem hófst í Bandaríkjunum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkoma á hverju sunnudagskvöldi kl. 20:00 hjá KFUM og KFUK, Holtavegi 28.

Allir hjartanlega velkomnir.

KFUM KFUK

byggtogbúið

Í SMÁRALIND LOKAR
Á MORGUN

Hækkum lágmarksafsláttinn í 50% af öllum vörum og allt að 90%.

Athugið nýtt kortatímabil
Allt á að seljast, síðasti séns.

Nokkrar bílasölur hafa lokað og aðrar eru í erfiðleikum eftir bankahrunið:

Kaupa ódýrari bíla en áður

EFNAHAGSMÁL Margar bílasölur eiga í erfiðleikum eftir bankahrunið og nokkrar hafa þegar lokað. Bílasalar segja fólk frekar sækja í ódýrari bíla, þótt einhver hreyfing sé á nýlegum dýrum bílum. Bílaplön á bílasölum eru víða þétt setin.

Fjöldi seldra bíla það sem af er árinu er svipaður og á sama tíma í fyrra, segir Ingimar Sigurðsson, eigandi Nýju bílahallarinnar. Veltan sé þó minni, enda kaupi flestir bíl á verðbilinu 500 þúsund til 1.500 þúsund krónur.

Ingimar segir sölumenn notaðra bíla ekki örvænta þótt ástandið hjá bílaumboðunum sé slæmt. Fólk sem áður hafi ekki hikað við að kaupa nýja bíla velji nú heldur nýlega notaða bíla.

„Það hefur aldrei gengið jafn vel hjá okkur," segir Guðfinnur Halldórsson, forstjóri Bílasölu Guðfinns. Hann segir að frá 1969 hafi hann lagt áherslu á að taka við ódýrari bílum í sölu, og nú búi hann að því, enda sæki fólk nú í ódýru bílana.

HREYFING Bílaplön eru víða þétt setin en bílasalar segja talsverða hreyfingu á notuðum bílum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vissulega er erfitt hjá mörgum bílasölum, en erfitt ástand skilur hafrana frá sauðunum, bílasalana frá afgreiðslufólkinu, segir Guðfinnur. - bj

Valentínusardagur
dekraðu við ástina!

OPIÐ til 20 alla daga

42% afsláttur við kassa

ANDABRINGUR
1.969 kr/kg.
Merkt verð 3.395.-

42% afsláttur við kassa
1.971 kr/kg
Merkt verð 3.398.-

Íslenskt nautafile

ÍSLANDS NAUT
3% FITA
30% afsláttur við kassa
1.259 kr/kg
Merkt verð 1.798.-

Íslenskt ungnautahakk
aðeins 3% fita

499 kr/pk
Merkt verð 749.-

Hamborgarar
4 stk. með brauði

Holta-kjúklingur
41% afsláttur við kassa
1.769 kr/kg
Merkt verð 2.998.-

Kjúklingabringur
ferskar

Valentínusar vöndur
1.499.-
Verð áður 1.989.-

599 kr/pk.
Merkt verð 989.-

Emmessís Konfektísblóm
8 stk. í pakka

Jarðarber
í hjartalaga öskju

Þeyti toppur og súkkulaði fondue
tilvalið með jarðarberjum

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni
24 skeifan

Gildir til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hver er ritstjóri Lögreglublaðsins?*
2. *Hvað seldi MS mikið af skyri til Bandaríkjanna í fyrra?*
3. *Hvað heitir tónlistarmaðurinn 7oi fullu nafni?*

PRÓFKJÖR

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Einar Skúlason býður sig fram í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Ólöf Nordal hefur ákveðið að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Unnur Brá Konráðsdóttir býður sig fram í annað sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Efnt til átaks til að létta móralinn í þjóðfélaginu og létta lund fólks:

Dreifa bjartsýni og jákvæðni

AKUREYRI „Við vildum gera eitthvað til að létta móralinn í þjóðfélaginu sem var orðinn mjög þungur," segir Bryndís Óskarsdóttir hönnunar- og viðskiptastjóri hjá Stíl auglýsingastofu á Akureyri en Bryndís er forsvarsmaður átaksins Brostu með hjartanu.

Markmið átaksins er að sögn Bryndísar að smita jákvæðni og bjartsýni og fá fólk til að gera eitthvað skemmtilegt. Grunnskólabörn tóku þátt í verkefninu með því að skrifa fallega texta á hjörtu sem var dreift til fyrirtækja í bænum auk þess sem Rafeyri, Becromal og Norðurorka komu upp stóru lýsandi hjarta í Vaðlaheiði.

HJARTA Hjörtun í bænum eiga að hlýja fólki um hjartaræturnar og kosta ekki mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/INDÍANA

„Viðbrögðin voru dásamleg. Krakkarnir vildu ólm taka þátt og höfðu gaman af því að geta smitað gleði og jákvæðni frá sér og við gáfum svo hjörtun til þeirra fyrirtækja sem vildu vera með," segir Bryndís. Hún segist ekki viss um að álíka átak hefði fengið jafn góð viðbrögð fyrir bankahrunið.

„Við erum eitthvað svo máttvana gagnvart þessu öllu saman og finnst við lítið geta gert. Ef við getum glatt einhverja með fallegum orðum og minnt þannig á hvað við höfum það í rauninni gott og hvað við búum í dásamlegum bæ þá léttir það aðeins lundina."

Borgarbúar munu eflaust taka eftir hjörtunum á næstum dögum en ætlunin er að dreifa áfram þessum jákvæða boðskap. - iáh

Ráðstafanir vegna slyss:

Allir þurfa að vera upplýstir

ATVINNUMÁL Slysið sem varð í Akraneshöfn á sunnudag, þegar tveir menn urðu fyrir súrefnisskorti af völdum rotnunargass frá gulldeplufarmi, kallar á það að gerðar verði sérstakar öryggisráðstafanir, að mati Vinnueftirlitsins.

Segir í tilkynningu frá eftirlitinu að veruleg slysahætta sé fyrir hendi í lestum skipa, hráefnisgeymum og -þróm þegar hráefni sé farið að rotna. Þá myndist hættulegar lofttegundir og súrefnisskortur geti orðið. Því þurfi að tryggja að allir starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður séu upplýstir um hættuna. - sh

Kærir sölu fjögurra flugvéla úr þrotabúi

Stjórnarformaður íslenska eignarhaldsfélagsins City Star Airlines hefur kært til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra sölu fjögurra flugvéla úr þrotabúi félagsins. Lögreglan hefur leitað til dómstóla til að fá kaupsamningana afhenta.

LÖGREGLUMÁL Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar nú sölu á fjórum Dornier-skrúfuþotum úr þrotabúi íslenska eignarhaldsfélagsins City Star Airlines ehf. Flugvélarnar voru seldar þýsku flugrekstrarfélagi, sem er hluti af Lufthansa-samstæðunni.

Tvær umræddra véla voru í eigu City Star Airlines en tvö rekstrarleigufyrirtæki áttu sitt hvora hinna vélanna. Áætluð samanlögð verðmæti vélanna fjögurra voru talin allt að tíu til tólf milljónir dollara, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Hluthafar í City Star Airlines voru hátt í níutíu talsins, bæði félög og einstaklingar. Þeir voru langflestir íslenskir en um tíu prósent þeirra voru erlendir.

Félagið hóf rekstur með því að yfirtaka innanlandsflug Íslandsflugs síðla árs 2004, í kjölfar sameiningar Air Atlanta og Íslandsflugs. Það hóf áætlunarflug frá Aberdeen í Skotlandi í lok mars 2005. Það rak þá fjórar vélar. Fljótlega vatt reksturinn upp á sig og níu flugvélar voru í rekstri félagsins. Það hafði lagt drög að kaupum á þremur vélum til viðbótar þegar keyrt var á eina af vélum þess á Aberdeenflugvelli 25. nóvember 2006. Vélin stórskemmdist og í kjölfarið fór að halla undir fæti í rekstrinum. Félagið fór svo á hliðina og er nú í gjaldþrotameðferð.

Það var Gunnar Þórarinsson stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins City Star Airlines sem kærði Atla Georg Árnason fyrrverandi stjórnarformann þess, Rúnar Árnason fyrrverandi framkvæmdastjóra og einn til viðbótar; fyrrum stjórnarformann félagsins. Þeir Atli Georg og Rúnar voru meðal stofnenda, ásamt fleiri athafnamönnum, meðal annars í Grindavík. Gunnar kom inn í reksturinn á síðari stigum. Kæra hans varðaði meint fjársvik og fjárdrátt í sambandi við sölu og kaup fjögurra flugvéla, svo og ólöglega meðferð fjármuna félagsins. Grunur leiki á að við sölu flugvéla eignarhaldsfélagsins hafi söluverð verið óeðlilega lágt miðað við verðmæti. Efnahagsbrotadeild hefur kallað eftir kaupsamningum og fleiri gögnum. Málið er í dómstólaferli.

DORNIER-328 SKRÚFUÞOTA Ein af vélum City Star Airlines meðan reksturinn var í blóma. Á þeim tíma rak félagið samtals níu flugvélar.

Ekki náðist í Gunnar við vinnslu fréttarinnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Atli Georg kvaðst ekki vilja tjá sig um málið á þessu stigi að öðru leyti en því að Gunnar hafi kært á eigin forsendum sem hluthafi, þvert á vilja sitjandi stjórnar.

jss@frettabladid.is

Birkir Jón Jónsson:

Sparisjóðirnir eignist banka

ALÞINGI Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, vill skoða möguleikann á að sparisjóðirnir eignist einhvern ríkisbankanna þriggja, Nýja Glitni, Nýja Landsbankann (NBI), eða Nýja Kaupþing.

BIRKIR J. JÓNSSON

Í umræðum um efnahagsmál sem fram fóru á Alþingi í fyrradag sagði Birkir Jón vera óþarfa fyrir ríkið að standa í rekstri þriggja banka. Taldi hann að tveir bankar væru nóg.

Hann sagði að vel myndi fara á því að „sparisjóðafjölskyldan" tæki yfir rekstur eins bankanna enda hefðu sparisjóðirnir sýnt og sannað gildi sitt á umliðnum árum. - bþs

Evrópunefnd að störfum:

Skilar skýrslu fyrir landsfund

STJÓRNMÁL Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins er enn að störfum og vinnur að skýrslu sem lögð verður fyrir landsfund flokksins. Kristján Þór Júlíusson, sem leiðir starf nefndarinnar ásamt Árna Sigfússyni, segir tillögu að málsmeðferð verða lagða fram á fundinum.

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

„Ég held að þetta verði samt ekki sama stóra málið og stefndi í, einfaldlega vegna þess hvernig ákvæði minnihlutastjórnarinnar gagnvart Evrópu eru. Sjálfstæðisflokkurinn mun ræða þessi mál eins og hann gerir alltaf á landsfundum. Kristján segir enn óákveðið hvort hann gefi kost á sér sem formaður. - kóp

Sýslumaðurinn í Reykjavík:

Nauðungarsölum fjölgar ekki

FÉLAGSMÁL Ekki hefur orðið fjölgun á nauðungaruppboðum á fasteignum hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Í janúar voru 6 fasteignir seldar á nauðungaruppboði hjá embættinu. Skráðar nauðungarsölubeiðnir vegna fasteigna voru 216.

Árið 2008 var 161 fasteign seld nauðungarsölu í Reykjavík, en nauðungarsölubeiðnir voru 2.227. Það var fjölgun frá því árið 2007, þegar 137 fasteignir voru boðnar upp. Fjöldi beiðna 2007 var hins vegar 2.482. Árið 2006 voru mun færri eignir seldar, eða 91.

Alls komu 134 beiðnir um nauðungarsölu bifreiða nú í janúar. Í fyrra var 491 bifreið seld á uppboði hjá embættinu. - kóp

Fjölskyldur fá ...

... endurgreiðslu!

Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar
Þjónustuver 550 1400 | spron.is

spron

ARGUS / 09-0034

N1
Syngjandi góð tilboð*
Renndu við á N1 og reddaðu Eurovision kvöldinu!
Coke 2,0 l
229 kr.
Coke Zero 0,5 l
2 fyrir 1
Paprikustjörnur
179 kr.
Maxi popp
129 kr.
Svali ¼ ltr
2 fyrir 1
Kaffi
99 kr.
Prince Polo
69 kr.
Nammibar
52% afsláttur
Snickers King size
99 kr.
* Tilboðin gilda í dag, laugardaginn 14. feb. 2009
SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
Meira í leiðinni

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 141 **Velta:** 334 milljóni

OMX ÍSLAND 15 309 **-0,69%**

OMX ÍSLAND 6 940 **+4,36%**

MESTA HÆKKUN

STR.-BURÐARÁS	10,46%
ALFESCA	8,57%
BAKKAVÖR	4,47%

MESTA LÆKKUN

FØROYA BANKI	1,35%
ÖSSUR	0,52%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,80 +8,57% ... Atlantic Airways 161,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,00% ... Bakkavör 1,87 +4,47% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 110,00 -1,35% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 51,50 +0,78% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,43 +10,46% ... Össur 95,00 -0,52%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Nafnar með áhuga á Íslandi

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni hefur Jón Ólafsson lagt fram tilboð í Senu ásamt bandaríska umboðsrisanum William Morris Agency. Áhugi Morris-a á Íslandi er með eindæmum en fyrir tæpum 140 árum kom hingað til lands í tvígang breski listamaðurinn William Morris, nafni og samtímamaður bandaríska umboðsmannsins. Sá breski hreifst mjög af landinu á ferðum sínum, sérstaklega af íslenska hestinum. Tímarnir hafa breyst talsvert síðan þá en bandaríska umboðsskrifstofan hefur lýst yfir áhuga á íslenskum listum og hugviti þjóðarinnar. Gangi allt eftir ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir skelli sér á hestbak.

Aurum eða Aurum Holding

„Ótrúlegt er hvað þessi umfjöllun um Baug og tengd fyrirtæki hefur vakið mikinn misskilning," segir Karl Jóhann Jóhannsson sem rekur skartgripaverslunina Aurum við Bankastræti í Reykjavík. Hann segir viðskiptavini og fleiri hafa komið í verslunina sem hann rekur með Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur skartgripahönnuði, og talið að hún væri að fara á hausinn, eða loka. Slíkt væri þó af og frá. Fyrirtækinu hefur nefnilega verið ruglað saman við Aurum Holding í eigu Baugs í Lundúnum. Þau félög hafa eðlilega verið nokkuð í fréttum vegna greiðslustöðvunar Baugs.

Flokkadrættir og hégómi víki

„Stjórnvöld og embættismenn ættu að sýna gott fordæmi með því að láta flokkadrætti og pólitískan hégóma víkja fyrir þjóðarhagsmunum og leggja alla áherslu á að veita góðum og mikilvægum verkefnum brautargengi fram að kosningum."

Þetta segir í nýju áliti sem Viðskiptaráð Íslands sendi frá sér í gær. Jafnframt var fjallað um tillögur samræmingarnefndar um endurreisn bankakerfisins. Viðskiptaráð segir í hæsta máta óheppilegt að hið opinbera verði „stærsta og veigamesta" aflið í íslensku viðskiptalífi með því að ríkisvæða fjölda fyrirtækja sem eigi í vandræðum. **- óká**

Tónlistarskóli FÍH

auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2009-2010

Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2009-2010 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 1. mars n.k.
Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.fih.is/sk og á rvk.is (Rafræn Reykjavík)
Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.
Umsækjendur fá bréf um tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 9-10-11. mars n.k. Umsækjendur fá svar um skólavist fyrir 1.apríl nk.
Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð. Um leið eru gerðar kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.
Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

Lifandi tónlist – Lifandi fólk

Minni velta en fjórðungi dýrari

Vísbendingar eru um breytt neyslumynstur í kreppunni. Áfengi selst þó sem fyrr.

„Velta í dagvöruverslun hefur ekki verið minni frá því í byrjun árs 2007 að raunvirði þótt neytendur verji mun fleiri krónum til innkaupanna en áður," segir í nýrri úttekt Rannsóknaseturs verslunarinnar. „Þannig jókst velta dagvöru á breytilegu verðlagi um 23,1 prósent á einu ári." Á föstu verðlagi dróst verslun hins vegar saman um 6,8 prósent milli ára.

„Í janúar síðastliðnum voru fimm helgar en fjórar í janúar í fyrra sem hefði átt að leiða til aukinnar sölu en raunin varð samdráttur," segir í samantektinni og bent á að verð á dagvöru hafi hækkað um 32 prósent á einu ári.

Á föstu verðlagi jókst hins vegar sala á áfengi um 2,2 prósent miðað við sama mánuð í fyrra og um 37,6 prósent á breytilegu verðlagi. Bent er á að verð á áfengi hafi hækkað um 34,6 prósent milli janúarmánaðanna, en ástæðu aukinnar áfengissölu megi líklega rekja til þess að einni helgi fleira var í nýliðnum janúarmánuði en var í fyrra.

„Undanfarna sex mánuði hefur velta dagvöruverslana verið lægri að raunvirði en árið áður. Ástæðuna má rekja til gengisfalls krónunnar, verðhækkana og minnkandi kaupmáttar. Verð á dagvörum í janúar var 32 prósentum hærra en í fyrra og kaupmáttur var 8,2 prósentum minni í desember en árið áður. Greinilegar vísbendingar eru um að þetta hafi leitt til breytts neyslumynsturs."

ÚTSALA Í JANÚAR Í samantekt Rannsóknaseturs verslunarinnar kemur fram að útsölur í janúar hafi haft minni áhrif til veltuaukningar en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

TÖLUR UM VERSLUN Á FÖSTU VERÐLAGI Í JAN´09

Breyting: milli mán.		á 12 mán.
Dagvara	-25,2%	-6,8%
Áfengi	-47,0%	+2,2%
Föt	-28,5%	-11,3%
Skór	-22,2%	-18,0%
Húsgögn	+9,2%	-22,0%

Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar

Þannig segir í niðurstöðu Rannsóknasetursins að meiri hagkvæmni gæti í innkaupum og vöruval sé annað en áður. „Ljóst er að meiri ásókn er í lágvöruverðsverslanir en áður var og ódýrari matvæli valin frekar en það sem dýrara er. Þó svo að áfengi hafi hækkað heldur meira í verði en dagvörur virðist kreppan ekki hafa sömu áhrif á sölu þess og dagvöru."

Þá er sagt annað einkenni breytts neyslumynsturs að verslun fari minnkandi í fatnaði, skóm og öðrum varanlegum neysluvörum. „Janúarútsölurnar skiluðu versluninni ekki sama árangri og í fyrra því töluverð raunminnkun varð í sölu á fötum og skóm í janúar miðað við sama mánuð í fyrra."

Þá er tekið fram að þótt velta í húsgögnum hafi dregist saman um 22 prósent að raunvirði á einu ári hafi salan heldur glæðst frá því fyrir jól. „Áhrif kreppunnar í haust komu greinilega fram í sölu húsgagna." **- óká**

Hjartamiðstöðin

Höfum hafið starfsemi í Holtasmára 1, 6. hæð, í Kópavogi

Við sinnum greiningu, eftirliti og meðferð hjartasjúkdóma og helstu áhættuþátta þeirra. Markmið okkar er að veita greiðan aðgang að þverfaglegri þjónustu.

Markhópar okkar eru:
- Sjúklingar með hjarta- og æðasjúkdóma
- Einstaklingar með áhættuþætti eða einkenni hjarta- og æðasjúkdóma
- Allir sem þurfa ráðgjöf eða leiðbeiningar vegna sjúkdóms eða einkenna frá hjarta og æðakerfi

Við bjóðum upp á viðtal og skoðun hjartalæknis, ráðgjöf og fræðslu hjúkrunarfræðinga, viðtal við sálfræðing auk þess sem við framkvæmum helstu rannsóknir sem notaðar eru við greiningu hjartasjúkdóma svo sem:
- Hjartalínurit
- Óm- og dopplerskoðun af hjarta
- Áreynsluhjartaritun (þolpróf)
- Hjartasírit (Holter)

Unnið er samkvæmt núgildandi samkomulagi hjartalækna og heilbrigðisráðuneytis sem gerir ráð fyrir greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is

Furse kveður LSE

Clara Furse, forstjóri kauphallarinnar í Lundúnum í Bretlandi (e. London Stock Exchange), mun stíga úr forstjórastólnum um miðjan næsta mánuð.

Eftirmaður hennar er Frakkinn Xavier Rolet, fyrrverandi framkvæmdastjóri bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers í Frakklandi.

Furse tók við forstjórastólnum árið 2001 og er fyrsta konan til að stýra kauphöllinni, einni þeirri umsvifamestu í heimi. Hún mun sitja í stjórn kauphallarinnar fram í júlí.

Furse hlaut mikið lof fyrir þegar hún varðist fjandsamlegum yfirtökutilraunum á kauphöllinni í holskeflu kauphallarsamruna á árabilinu árið 2006 og 2007. **- jab**

FURSE KVEÐUR FORVERA SINN Clara Furse, forstjóri kauphallarinnar í Lundúnum, fékk mikið lof fyrir skörumannlega framgöngu sína gegn fjandsamlegum yfirtökutilraunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Horn fær eignir gamla bankans

„Fjárfestingarfélagið Horn var stofnað utan um þær hlutafjáreignir gamla Landsbankans sem færast yfir í nýja bankann," segir Ívar Guðjónsson, nýskipaður framkvæmdastjóri félagsins.

Félagið hefur tekið við nær öllum hlutafjáreignum gamla Landsbankans í skráðum og óskráðum fyrirtækjum.

Með stofnun fjárfestingarfélagsins er stefnt að því að aðgreina utanumhald vegna fjárfestinga í hlutabréfum frá meginstarfsemi nýja Landsbankans en það mun starfa sem venjulegt fjárfestingarfélag í framtíðinni. Ekkert félag hélt utan um þessar fjárfestingar gamla Landsbankans, að sögn Ívars.

ÚR FRAMLEIÐSLUSALNUM Hlutur Nýja Landsbankans í Marel Food Systems er stærsta eignir fjárfestingafélagsins Horns.

Eigið fé félagsins nemur tuttugu milljörðum króna en mat á virði hlutafjáreignar hans er ólokið.

Bæði innlend og erlend hlutabréf eru í félaginu og er 18,76 prósenta hlutur félagsins í Marel Food Systems sá stærsti. **- jab**

Bílasamningar lækki tímabundið

Glitnir Fjármögnun býður viðskiptavinum með bílasamninga í erlendri mynt skilmálabreytingu sem felur í sér tímabundna lækkun á leigugreiðslu í átta mánuði og lengingu á samningi um fjóra mánuði.

„Lækkunin er um 50 prósent miðað við fulla leigugreiðslu í janúar 2009 og verður greiðslan föst krónutala þá átta mánuði sem um ræðir. Hingað til hefur Glitnir Fjármögnun boðið viðskiptavinum sínum sem eru með bílasamninga í erlendri mynt að greiða eingöngu vexti af samningnum," segir í tilkynningu.

Nefnt er sem dæmi að leigugreiðsla sem hafi verið 100 þúsund krónur í janúar í fyrra hafi í janúar á þessu ári verið komin í 175 þúsund. „Lækkun á leigugreiðslum um 50 prósent miðað við janúar 2009, þýðir að leigugreiðslan verður 87.500 krónur næstu átta mánuði."

- óká

NÝR BÍLL Greiðslur af kaup- eða leigusamningum sem bundnir eru erlendri mynt hafa hækkað gífurlega með veikingu krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samdráttur aldrei meiri

Hagvöxtur dróst saman um 1,5 prósent á evrusvæðinu á fjórða ársfjórðungi í fyrra, samkvæmt nýjustu tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Þetta er umfram spár en þvílíkur samdráttur hefur ekki sést innan myntsvæðisins síðan byrjað var að taka tölurnar saman árið 1995.

Bloomberg-fréttaveitan segir þetta setja þrýsting á evrópska seðlabankann, sem gæti lækkað stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunardegi í mars. Stýrivextir á evrusvæðinu standa nú í 2,0 prósentum.

Bloomberg segir að reikna megi með samdrætti næstu þrjá ársfjórðunga, í versta falli um tvö prósent, og viðbúið verði að atvinnuleysi aukist verulega.

STUNGIÐ SAMAN NEFJUM Gonzalez-Paramo, hér til vinstri, vænti betri tíðar á evrusvæðinu á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Jose Manuel Gonzalez-Paramo, stjórnarmaður evrópska seðlabankans á Spáni, sagði á blaðamannafundi í gær betri tíðar mega vænta á næsta ári enda geri áætlun ráð fyrir að hagvöxtur verði jákvæður um hálft prósent í byrjun árs.

- jab

Einlægar þakkir til allra sem lögðu hönd á plóg

Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild RKÍ þakka öllum sjálfboðaliðum frábæra hjálp við jólaaðstoðina.

Húsnæði og öll aðstaða var endurgjaldslaus og velvild svo margra áþreifanleg. Rausnarleg framlög á erfiðum tímum gerðu gæfumuninn.

Hjálparstarf kirkjunnar · Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur · Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

NOTICE TO THE SHAREHOLDERS

OF

KAUPTHING MANAGER SELECTION - BRIC
KAUPTHING MANAGER SELECTION - EUROPE
KAUPTHING MANAGER SELECTION - EMERGING MARKETS
KAUPTHING MANAGER SELECTION - GLOBAL EQUITY
(THE "SUB-FUNDS")

Dear Shareholders,

Luxembourg, 14th of February 2009

The board of directors (the "Board") of Kaupthing Manager Selection ("KMS") hereby informs you that it has made the following decisions in relation to the Sub-Funds:

1. Lifting up of suspensions and related operations

The Board has decided to lift the temporary suspension of the calculation of the net asset value per share of all share classes in the Sub-Funds. The determination of the net asset value per share of all classes of the Sub-Funds will be resumed as from 17th of February, 2009.

The Board has decided to lift the suspension, in relation to the share classes of the Sub-Funds, of the issue and the redemption of shares as well as of the conversion from and to shares of each of such share class. Issue, redemptions and conversion of shares of the Sub-Funds will be resumed as from 17th of February, 2009.

Orders received for the Sub-Funds' shares not later than 12.00, Luxembourg time on 17th of February, 2009 will be attributed a price based on the net asset value of the Sub-Funds' shares dated 18th of February, 2009 calculated and published on 19th of February, 2009. Orders received after such time will be processed on the basis of the net asset value of the Sub-Funds' shares calculated as of the following valuation date as defined in KMS' prospectus.

2. Creation of a side-pocket and coupons for the shareholders subsequently to a freezing of some of the Sub-Funds' assets

Since 9 October 2008 (the "Suspension Date"), all payments by Kaupthing Bank Luxembourg S.A., then custodian bank of KMS and with which part of KMS' cash assets were deposited, have been suspended. This has resulted in the temporary freezing of all cash assets of the Sub-Funds held by Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (all such cash assets being referred to as the "Cash Portfolio").

Due to this situation, the Board has decided that it is in the shareholders' interest that the Cash Portfolio be considered as excluded from the assets of the Sub-Funds as from 17th of February, 2009. As a consequence, the net asset value of all share classes of the Sub-Funds will, from such date, exclude the value of the Cash Portfolio. The net asset value per share of each class of shares will subsequently be reduced proportionately to the value of the portion of the Cash Portfolio allocated to such share class on the Suspension Date.

The Cash Portfolio shall be considered as allocated to a "side pocket" within KMS (the "Side Pocket"). Such Side Pocket shall represent the value of the cash assets contained in the Cash Portfolio as of the Suspension Date and shall be allocated to shareholders proportionally to their holding upon the release, partial or total, of the Cash Portfolio by Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (the "Release").

In order to be entitled to have a claim against a portion of the Cash Portfolio at the time of the Release, all shareholders will automatically be allocated a coupon (the "Coupon") on 17th of February, 2009.

The Side Pocket and the Coupons relating thereto will last only until the Release and subsequent recovery by KMS of all or part of the Cash Portfolio. Once the Cash Portfolio recovered, payments of the relevant amounts will be done to shareholders; the Side Pocket will subsequently be dissolved and the Coupons cancelled.

All expenses incurred in relation to the Side Pocket and the Coupons will be borne by the relevant investment manager of each of the Sub-Funds, i.e.:

- Kaupthing Bank hf, Finnish Branch (KB) for the sub-funds KAUPTHING MANAGER SELECTION – EUROPE and KAUPTHING MANAGER SELECTION - EMERGING MARKETS;
- Kaupthing Bank Asset Management Company hf for the sub-funds KAUPTHING MANAGER SELECTION - GLOBAL EQUITY and KAUPTHING MANAGER SELECTION - BRIC.

Should you have any question, please do not hesitate to contact Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Fund Administration department, at the following numbers +352 46 31 31 213/425.

The Board

KAUPPING

KAUPTHING MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable

Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy, L-1855 Luxembourg, RC Luxembourg B 72.942

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugmyndir um norrænt öryggismálasamstarf:

Tækifæri fyrir Ísland

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Þær hugmyndir að efldu samstarfi Norðurlanda á sviði utanríkis- og öryggismála, sem kynntar eru í skýrslu sem utanríkisráðherrar landanna fimm hafa nú fengið í hendurnar, varpa nýju ljósi á valkosti og möguleika Íslands í að tryggja öryggi og varnir ríkisins.

Sú af þeim þrettán tillögum sem lýst er í þessari óvenju skorinorðu skýrslu sem vakti strax mesta athygli var að Norðurlöndin fjögur, sem ráða yfir flugher, axli ásamt Íslendingum höfuðábyrgðina á að sinna eftirliti og gæzlu í loftrými Íslands. Þetta er athyglisvert með tilliti til þess að tvö ríkjanna, Svíþjóð og Finnland, eru ekki í Atlantshafsbandalaginu. Þar sem NATO og íslenzk stjórnvöld hafa gert með sér samkomulag um tilhögun eftirlits og gæzlu þess stóra loftrýmis sem lögsaga Íslands nær yfir myndi virk þátttaka sænska og finnska flughersins í því verkefni fela í sér allstóran áfanga að enn nánari tengslum Svíþjóðar og Finnlands við Atlantshafsbandalagið.

Rökin fyrir því að Norðurlöndin skipti þessu verkefni með sér öðrum þjóðum frekar er sú forsenda, að Norðurlöndin öll eigi ríka eigin hagsmuni undir því að þessu eftirliti sé sinnt. Að svo sé tengist ekki sízt þeim nýju ógnum sem loftslagsbreytingar og bráðnun norðurheimskautsíssins hafa í för með sér.

Enda skrifar Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs sem stýrði gerð skýrslunnar, í inngangi að hann hafi komist að raun um að á Norðurlöndunum væri nú „almennt litið svo á að norræna svæðið verði stöðugt mikilvægara í landfræðipólitískum og hernaðarlegum skilningi“. Það sé „vegna þess mikilvægis sem norrænu hafsvæðin hafa sem framleiðslu- og flutningasvæði fyrir olíu og gas“. Með loftslagsbreytingunum og bráðnun íss muni umferð á þessum hafsvæðum aukast til muna enda horfur á að nýjar skipaleiðir munu opnast yfir Norður-Íshafið til Kyrrahafsins. Þetta geri norrænt samstarf á hafsvæðunum og á norðurslóðum eftirsóknarvert.

Sumar tillagnanna þrettán snúa líka að öryggisþáttum öðrum en hernaðarlegum, svo sem vörnum gegn tölvuárásum, samhæfðum og sérhæfðum hamfarabjörgunarsveitum og viðbragðssveitum á landi og sjó, og fleiru sem öll löndin gætu haft hag af að leggja í púkk til að efla öryggi borgaranna og svæðisins í heild.

Þessar niðurstöður Stoltenbergs skapa Íslandi tækifæri á áður óséðum lausnum til að tryggja öryggi og varnir landsins, sem full ástæða er til að stjórnvöld skoði með opnum huga. Og þá ekki eingöngu með það í huga að hinar nýju lausnir geti sparað fé sem Ísland ver til þessa málaflokks. Enda gerir sú áherzla sem lögð er í skýrslunni á borgaralegt öryggi að verkum, að hið herlausa Ísland getur lagt sitt af mörkum til slíks samstarfs á jafningjagrundvelli. Vissulega er æskilegt að það kosti sem minnst að tryggja öryggi landsins, en Íslendingar, sem vöndust því í meira en hálfa öld að erlent ríki sinnti sem verktaki á eigin kostnað þessum grunnþætti íslenzks fullveldis, verða hins vegar að venjast því að það heyrir til sjálfsagðra þátta í rekstri sjálfstæðs ríkis að axla ábyrgð á og bera kostnað af vörnum þess og öryggi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Draugagangur á þingi

Á dagskrá Alþingis í gær var frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis. Flutningsmenn frumvarpsins eru Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Bjarni Harðarson, sem er athyglisvert í ljósi þess að Bjarni sagði af sér þingmennsku í nóvember síðastliðnum. Bjarni er sem kunnugt er mikill áhugamaður um kukl og dulspeki og einn af stofnendum Draugasetursins á Stokkseyri og fer því væntanlega létt með að bregða sér í líki pólitískrar afturgöngu, sem eigrar um þingsali og flytur frumvörp, löngu eftir afsögn. Það er óneitanlega skemmtilegri skýring en sú að frumvarpið hafi verið lagt fram áður en Bjarni hætti en er nú fyrst að komast á dagskrá þingsins.

Neyðarskata

Sagt var frá því í fréttum í gær að Kristján Berg, eigandi fiskibúðarinnar Fiskikóngsins, hafi ákveðið að gefa öllum sem legðu leið sína í verslun hans kæsta skötu. Með þessu kveðst Kristján vilja leggja sitt af mörkum í kreppunni og hjálpa þeim sem hafa lítið á milli handanna. Þetta mætti ríkisstjórnin taka sér til fyrirmyndar – þó ekki bókstaflega, almenningur hefur líklega fengið sig fullsaddan af björgunaraðgerðum í skötuliki.

Sálrænn stuðningur

Sagt var frá því í gær að velgerðarsjóðurinn Aurora, sem auðmaðurinn Ólafur Ólafsson og kona hans, Ingibjörg Kristjánsdóttir, standa á bak við, hafi veitt Rauða krossinum 20 milljóna króna fjárstyrk sem meðal annars á að verja til að veita fólki sálrænan stuðning vegna efnhagsþrenginganna í landinu. Það var fallega gert. Ólafi hefur reyndar lengi verið annt um sálarheill landsmanna, til dæmis lýsti hann áhyggjum sínum af þeirri miklu öfund sem hefði brotist út í samfélaginu eftir að Elton John lék undir í afmælisveislu Ólafs um árið. Vonandi að milljónirnar 20 komi að gagni í baráttunni gegn þeim andlega vágesti sem öfundin er.

bergsteinn@frettabladid.is

Nú er lag

EIRÍKUR TÓMASSON
Í DAG | Stjórnlagaþing

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur sú hugmynd átt vaxandi fylgi að fagna að kosið verði sérstakt stjórnlagaþing, óháð Alþingi og þar með stjórnmálaflokkunum, til þess að endurskoða núgildandi stjórnarskrá. Tel ég afar brýnt að þessi hugmynd verði að veruleika. Það eru hins vegar blikur á lofti því að ýmislegt bendir til að komið verði í veg fyrir að við Íslendingar eignumst okkar fyrstu raunverulegu stjórnarskrá. Það sem ég óttast fyrst og fremst í því sambandi er að kosningum til stjórnlagaþings verði slegið á frest.

Veigamestu rökin fyrir því að kjósa stjórnlagaþing í vor eru þau að með því móti væri undanbragðalaust komið til móts við kröfuna um löngu tímabærar umbætur á stjórnskipun landsins. Ef ekki yrði kosið til þingsins fyrr en að afstöðnum kosningum, er hætt við að með pólitískri samtryggingu flokkanna myndi enn einu sinni takast að koma í veg fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar. Von þeirra, sem engu eða litlu vilja breyta, er einmitt sú að með því að tefja málið og þæfa það um hríð muni um síðir takast að koma í veg fyrir að einhverjir aðrir en pólitískir forkólfar fái að koma að því að setja þjóðinni stjórnarskrá.

Önnur veigamikil rök fyrir því að kjósa til stjórnlagaþings samhliða alþingkosningum eru þau að með því móti yrðu áhrif stjórnmálaflokkanna á skipan þingsins mun minni en ella. Það skýrist einfaldlega af því að flokkarnir munu verða of uppteknir við að tryggja völd sín og áhrif á Alþingi til þess að þeir hafi mikinn tíma aflögu til að sinna hinum kosningunum, en það myndu þeir aftur á móti gera ef kosið yrði sérstaklega til stjórnlagaþings síðar.

Von þeirra, sem engu eða litlu vilja breyta, er einmitt sú að með því að tefja málið og þæfa það um hríð muni um síðir takast að koma í veg fyrir að einhverjir aðrir en pólitískir forkólfar fái að koma að því að setja þjóðinni stjórnarskrá.

Þriðja röksemdin fyrir því að kjósa til stjórnlagaþings samhliða alþingiskosningum er að með því yrði tryggt að stór hluti kjósenda tæki þátt í kosningum til þingsins, en segja má að forsenda fyrir slíku þingi sé að það hafi umboð mikils meirihluta þjóðarinnar. Ef kosið yrði sérstaklega til þingsins er hætt við því, miðað við reynslu af sambærilegum kosningum, að kosningaþátttaka yrði mun minni.

Enn fleiri rök styðja það að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða þingkosningum, eins og þau að kostnaður því samfara yrði mun minni en ella.

Núverandi ríkisstjórn hefur heitið því í verkefnaskrá sinni að á yfirstandandi þingi verði samþykkt lög um skipan og verkefni stjórnlagaþings. Samkvæmt því er naumur tími til þess að setja slík lög, hvort sem kosið yrði til stjórnlagaþings fyrr eða síðar. Þó er tíminn nægur ef vilji stendur á annað borð til þess hjá meirihluta Alþingis.

Þá er rúmur tími til að undirbúa störf stjórnlagaþingsins, sem komið gæti saman til sín fyrsta fundar 17. júní nk., á 65 ára afmæli lýðveldisins. Þjóðkjörnir þingfulltrúar, kosnir sérstaklega til að fást við þetta verkefni, eiga líka að vera óbundnir af fyrirfram gefnum uppskriftum um það hvað þeim sé ætlað að gera.

Því hefur verið borið við að ekki sé unnt að kjósa stjórnlagaþing fyrr en búið sé að breyta stjórnarskránni. Eins og áður segir mælir ekkert á móti því að lög um stjórnlagaþing verði samþykkt á því þingi sem nú situr. Það væri síðan á grundvelli þeirra laga sem kosið yrði til þingsins samhliða alþingkosningum. Að afloknum þeim kosningum mætti síðan staðfesta stjórnarskrárbreytingu þess efnis að stjórnlagaþinginu væri fengið vald til að semja frumvarp til nýrrar eða breyttrar stjórnarskrár sem borið yrði undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Nú er lag til þess að breyta til og ýta hinni aldagömlu og úr sér gengnu stjórnskipun okkar Íslendinga til hliðar. Ekki er víst að slíkt tækifæri gefist aftur í bráð.

Höfundur er prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.

Rökstuðning eða afsökunarbeiðni

UMRÆÐAN
Árni Pétur skrifar um deilur hluthafa í Tali

ÁRNI PÉTUR JÓNSSON

Deilur í hluthafahópi Tals hafa verið áberandi á undanförnum vikum og í umræðunni hefur hallað mjög á Teymi hf., eiganda 51% hlutar í Tali. Teymi hefur viljað fjalla um málið fyrir þar til bærum yfirvöldum og án milligöngu fjölmiðla. Nú verður hins vegar ekki hjá því komist að upplýsa um aðdraganda og innihald málsins, enda hefur forstjóri Samkeppniseftirlitsins valið að tjá sig opinberlega um það.

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Teymi og skyldum félögum að áeggjan Símans, sem er markaðsráðandi á fjarskiptamarkaðnum. Hvort slíkt er eðlilegt eða ekki skal ósagt látið, en framkvæmd málsins hefur óneitanlega vakið ýmsar spurningar. Er það t.d. eðlilegt, að fyrrverandi framkvæmdastjóri Símans, sem nú er starfsmaður Samkeppniseftirlitsins, stýri húsleit hjá Teymi? Er eðlilegt að Samkeppniseftirlitið vísi eingöngu fulltrúum meirihlutaeigenda úr stjórn Tals, en skipti ekki út öllum stjórnarmönnum í félaginu á meðan rannsókn stendur? Er eðlilegt að tveir fyrrverandi framkvæmdastjórar Símans séu tilnefndir í stjórn Tals, eins og gert var? Er eðlilegt að Samkeppniseftirlitið krefjist þess, að farið sé á svig við hluta-félagalög í landinu og samþykktir Tals til að gera breytingar á stjórn félagsins fyrir tiltekinn tíma?

Fullyrðingar um að Teymi hafi brugðið fæti fyrir fulltrúa Samkeppniseftirlitsins í stjórn Tals eru óskiljanlegar. Þær hafa ekki verið rökstuddar og skora ég á umrædda menn að skýra mál sitt, enda hafa þeir vegið að æru starfsmanna Teymis. Fyrir þeirra hönd krefst ég skýringa á ummælunum eða afsökunarbeiðnar.

Deilurnar í eigendahópi Tals eru hluthafadeilur og snúast ekki um samkeppnislegt sjálfstæði Tals. Við stofnun félagsins var samið um að Teymi gæti á þessu ári keypt hlut minnihlutaeigandans Capital Plaza, félags í eigu Jóhanns Óla Guðmundssonar, á tilteknu verði sem tæki mið af rekstrarárangri félagsins. Í ljósi breytts árferðis er útlit fyrir að minnihlutaeigendur fái einungis brot af því verðmæti sem þeir stefndu að. Aðfarir Capital Plaza á undanförnum vikum bera öll merki fjárkúgunar, þar sem ætlunin er að þvinga Teymi til að kaupa hlut Capital Plaza í Tali.

Það er einlæg ósk mín, að málið verði framvegis rekið með faglegri hætti en hingað til. Einungis þannig getur sátt skapast um starfsemi Tals og vinnufriður fyrir starfsmenn félagsins.

Höfundur er forstjóri Teymis.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Safaríkt
íslenskt nautakjöt

Komdu elskunni þinni á óvart
með bragðgóðri nautasteik

Íslenskt nautakjöt er góður grunnur fyrir vel heppnaða máltíð. Á grillið, í ofninn eða á pönnuna. Veldu ferskt og gott hráefni þegar góða veislu gjöra skal.

Íslenskt og ferskt úrvals hráefni.

Valentínusardagurinn 14. febrúar

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

KJÚKLINGA ÚTSALA!

45% afsláttur
549 kr. kg
Móa kjúklingur ferskur

46% afsláttur
1489 kr. kg
Móa kjúklingabringur

40% afsláttur
569 kr. kg
Móa kjúklinga-læri/leggir

60% afsláttur
199 kr. kg
Móa kjúklinga-vængir

40% afsláttur
569 kr. kg
Móa kjúklinga-leggir

45% afsláttur
549 kr. kg
ÍM kjúklingur heill

46% afsláttur
1499 kr. kg
ÍM kjúklingabringur

998 kr.
Kjúklingur, hrásalat & 2L coke

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
virka daga 11-20
helgar 10-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

NÝTT KORTATÍMABIL ...í Krónunni

2 stk. í pk.

599 kr. pk.
Freschetta Champion pizza

149 kr. stk.
Myllu heilhveiti samlokubrauð 1/1

2 lítrar

329 kr. stk.
HD 100% ávaxtasafi

598 kr. pk.
Kellogg´s orkubitar

55 kr. stk.
Bravo Multivítamínsafi

469 kr. pk.
Góutvenna Hraun- & Æðibitar

25% afsláttur
Plastprent heimilispokar

299 kr. pk.
Egg Nesbú meðalstór 10 stk

20% afsláttur
Nivea lína

369 kr. stk.
Neutral zinksalve

Krónan Hvaleyrarbraut
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Mosfellsbæ
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
alla daga 11-19

Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-19
lau. 11-19 sun.12-16

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Fólkið sem tekur skellinn

Afleiðingar efnahagshrunsins skella misþungt á landsmönnum. Þeir sem fá eina stærstu holskefluna eru starfsmenn Vinnumálastofnunar en tæplega fimmtán þúsund manns eru nú á atvinnuleysisskrá. **Hugrún Jóhannesdóttir** forstöðumaður sagði *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* hvernig sé að taka á móti fólki með fullfermi af hremmingum úr þessum ólgusjó.

Klukkan er hálffjögur þegar blaðamaður kemur á Vinnumálastofnun ásamt Stefáni Karlssyni ljósmyndara á ísköldum fimmtudegi. En blákaldur veruleikinn nístir dýpra en vetrarhörkur. Bílastæðin eru fullnýtt og þótt hálftími sé liðinn frá því lokað var er enn verið að afgreiða fólk sem komið er að láta skrá sig. Fólk streymir út en fyrir innan eru starfsmenn Vinnumálastofnunar sem fengið hafa eina stærstu holskefluna inn á sig í þessum margumtalaða ólgusjó sem þjóðin er nú í eftir bankahrunið. Eftir stutta stund kemur skipstjórinn í brælunni; forstöðumaðurinn Hugrún Jóhannesdóttir. Manni verður strax ljóst að hlutirnir eru ekki teknir neinum vettlingatökum hér heldur af festu en samt með undirliggjandi æðruleysi. „Ekki einu sinni reyna það að taka mynd hérna inni," segir hún meðan gengið er í gegnum salinn í átt að skrifstofu hennar. „Það komu hérna einu sinni erlendir blaðamenn sem reyndu að taka myndir hérna inni; þeir hefðu ekki átt að gera það." Hafi Stefán verið í nokkrum vafa þá var nú búið að gera út um hann.

Þegar skriðan kom

Þegar komið er inn á skrifstofu kemur blaðamaður auga á barnabók sem stillt hefur verið upp í bókahillunni. Hún ber titilinn „Ungfrú ráðrík". „Hvað er þetta?" spyr blaðamaður. „Æ, mér var gefið þetta af miklum kvikindisskap," segir hún og skellir upp úr.

Það er ekki langt síðan Vinnumálastofnun var allt öðruvísi vinnustaður. „Þá var það gott ástand og lítið atvinnuleysi að hver einasti maður sem hingað kom fékk ítarlegt ráðgjafaviðtal," segir hún. „Þannig að öll þjónusta var mjög einstaklingsmiðuð. Síðan kemur þessi skriða um miðjan október. Til allrar hamingju var einmitt verið að breyta kerfinu þannig að menn gátu skráð sig á netinu og þurftu því ekki að koma hingað með handskrifað eyðublað sem síðan var handfært inn á tölvu. Ég veit satt að segja ekki hvernig ástandið væri núna hefði þessi breyting ekki gengið í gegn því atvinnuleysið hefur tífaldast frá því á sama tíma í fyrra. En nú snýst starf okkar aðallega um það að taka á móti fólki og koma því á bætur. Þannig að vinnumiðlun, ráðgjöf og allt annað starf hefur verið sett svolítið til hliðar. En hins vegar er þetta svo alvarlegt ástand að við verðum að geta aðstoðað fólkið." Nú getur fólk óskað eftir ráðgjafaviðtölum og getur verið nokkur bið eftir slíku en Hugrún segir að allir fái það sem óska þess. Áður fóru allir í ráðgjafaviðtöl og þurftu ekki að óska eftir því sérstaklega.

Ráðherranum leist ekki á ástandið

Það má ljóst vera að Hugrún hefur fengið dágóðan skammt af krafti í vöggugjöf en faðir hennar, Jóhannes Jóhannesson, bóndi í Kálfsárkoti í Ólafsfirði, kallar ekki allt ömmu sína. „Hann er 84 ára en í sumar var hann einmitt að tala um það að eftir 20 ár þyrfti hann endilega að saga aspirnar meðfram veginum," segir hún og brosir við. Hún er þó ekki bara sveitastelpa því hún hefur einnig stigið ölduna á handfæraveiðum.

Hún veit því mætavel að nú þegar gefur á bátinn þýðir ekki að loka sig af inni á skrifstofu uns stormur er afstaðinn. Hún fer iðulega fram og talar við fólkið sem er að bíða. Síðustu mánuðina hafa ávallt einhverjir beðið við útidyrnar áður en opnað er. Klukkan þrjú er síðan lokað aftur en þá tekur það nokkurn tíma að afgreiða þá sem komnir eru inn. Hugrún segir það geta tekið frá hálftíma og mest upp í tvær klukkustundir.

„Það sem kemur mér mest á óvart er hversu fólk er æðrulaust og rólegt. Þetta eru þung skref að koma hingað og hér getur fólk þurft að bíða dágóða stund og þegar það er allt stappað hérna frammi þá er þetta næstum eins og í Ópalauglýsingu; maður hefur náungann næstum framan í sér. Oft þegar ég er frammi kemur það upp úr dúrnum að einhverjir hafa komið of snemma til að fá fyrstu greiðslu og hafa þá kannski beðið til einskis í einhvern tíma. En það er sama hvað kemur upp á, það heyrir til algjörra undantekninga að menn hækki róminn. Félagsmálaráðherrann nýi, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, kom hingað fyrir skemmstu og henni var brugðið, þetta voru mun átakanlegri aðstæður en hún hafði gert sér í hugarlund.

En þó svo að fólk beri sig vel þá er ekki þar með sagt að fólk finni ekki til og þegar komið er inn á skrifstofu þá opnast oft gáttirnar. Hér er oft mikið grátið."

Þegar Benni bílstjóri hættir að vera bílstjóri

Hugrún er ekki ein um undrun sína á viðbrögðum atvinnulausra Íslendinga. „Fólk hér talar mikið um það að við Íslendingar höfum gott af þessari reynslu, þetta hafi verið komið í tóma vitleysu og það sé okkur hreinlega hollt að takast á við þetta. Þeir erlendu blaðamenn sem ég hef talað við voru alveg gáttaðir á þessu viðhorfi.

En eins verð ég vör við að fólk verður að berjast við eigin fordóma þegar það lendir í þeirri stöðu að verða atvinnulaust. Atvinnuþátttaka hér hefur verið með því mesta sem gerist í heiminum og vinnumenningin er sú að það sé skömm af því að vinna ekki. Eins getur atvinnan verið samofin sjálfsímynd margra. Þetta sjáum við best á því að víðs vegar, sérstaklega á landsbyggðinni, er starfsheiti skeytt við nafn manna: Benni bílstjóri, Lalli lögga og svo framvegis. Svo þegar þessi partur af þeim er ekki lengur til staðar getur verið erfitt að glíma við það."

Hlátrasköll á námskeiði atvinnulausra

Það er enga eymd að skynja hjá starfsfólkinu á Vinnumálastofnun. Hvernig fer það að því að takast á við hremmingarnar sem það fær inn á borð til sín? „Fyrst vil ég segja það að hér vinnur afar sérstakur hópur; það þarf sérstakan hóp til að vinna með fólki sem hefur misst vinnuna. Það þarf að vera vel menntað og með góða reynslu en það þarf einnig að vera með ákveðinn hugsunarhátt. Það þarf að hafa umburðarlyndi, áhuga á öðru fólki, skilning á hag annarra og það sakar heldur ekki ef það er temmilega glaðlynt. Það kemur reyndar ekki í ljós fyrr en á reynir hvort fólk hafi krafta í kögglum og ég hef fengið það ærlega staðfest í þessum þrengingum að hér starfar góður hópur. En auðvitað þreytist fólk og tekur hlutina inn á sig. Þannig að við höfum fengið handleiðslu sálfræðinga en svo er líka nauðsynlegt að setja allt þetta til hliðar og gleyma sér í einhverju öðru. Við erum til dæmis að fara á þorrablót á morgun [í gær] og þá verður líka förðunarnámskeið. Þar að auki látum við á okkur reyna og höldum ferskeytlukeppni þannig að við erum ekki alltaf með hugann við harm heimsins.

Það má reyndar segja það sama um marga skjólstæðinga okkar. Til dæmis voru pólitíkusar á fundi í einu herbergjanna hér þegar þeir heyrðu hlátrasköll úr næsta fundarherbergi. Þeir áttu erfitt með að trúa því að þar voru atvinnulausir á námskeiði og varð þeim á orði að það væri gott til þess að vita að það væri svo glatt á hjalla hjá atvinnulausum."

En hvað finnst henni erfiðast við vinnuna? „Að tala við blaðamenn," segir hún og skellir upp úr en svo færist alvarleikinn yfir hana. „Nei, ég finn auðvitað til með fólki. Ekki síst Pólverjunum sem hingað koma. Þeir komu hingað því okkur vantaði vinnuafl. Svo kreppir að og þeir lenda í kröggum og satt að segja finnst mér eins og þá séu þeir meðhöndlaðir eins og annars flokks. Eins á mikið af þessu unga bankafólki verulega um sárt að binda. Það er ekki nóg með að það hefur misst vinnuna, margir hafa einnig fjárfest í hlutabréfum og tapað öllu þar líka. Svo hafa margir í góðri trú fengið mömmu gömlu eða aðra aðstandendur til að fjárfesta líka og þeirra sparifé er því allt farið. Þau glíma því ekki aðeins við atvinnuleysi heldur eru þeir einnig blórabögglar og kannski ekki vinsælasta fólkið í fjölskylduboðunum."

Fullt af lausum stöðum

En hvenær verður aftur umhorfs á Vinnumálastofnun eins og var hina rólegu daga árið 2007? „Hlutirnir verða sennilegast aldrei eins og þeir voru enda held ég að fólk vilji ekki það samfélag sem þá var. En það þýðir eiginlega ekkert að spyrja mig um framtíðina því ég er alltaf yfirmáta bjartsýn. Ég er alveg viss um að við komumst upp úr þessu með reisn. Það má meira að segja sjá ljósa punkta núna. Til dæmis eru 198 lausar stöður á skrá hjá okkur núna sem er meira en á sama tíma í fyrra. Og mörg þessara starfa eru bara hin fínustu störf. Reyndar ber þó að geta þess að vinnuveitendur auglýsa frekar endurgjaldslaust hjá okkur núna en hjá einkareknu vinnumiðlununum sem er náttúrlega stór hluti af skýringunni. En ég held líka að margir telji bara að hér sé allt í algjöru frosti og gái ekki einu sinni að því hvort eitthvað sé í boði."

Blaðamaður ákveður þá að umorða spurninguna og spyr hvenær hún telji að enginn verði bíðandi utandyra þegar hún mæti til vinnu á morgnana. Þá missir bjartsýnismanneskjan aðeins flugið, „ætli það séu ekki nokkur ár í það".

Við svo kveðið er knúið dyra. Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir samstarfsmaður rekur nefið inn og minnir á að það sé þorrablót daginn eftir. Hugrún brettir upp ermar og lætur greinilega engan bilbug á sér finna hvort sem taka þarf á hremmingum eða hrútspungum.

> Þeir komu hingað því okkur vantaði vinnuafl. Svo kreppir að og þeir lenda í kröggum og satt að segja finnst mér eins og þá séu þeir meðhöndlaðir eins og annars flokks fólk.

HUGRÚN Á SKRIFSTOFU SINNI Vissulega tekur starfsfólk Vinnumálastofnunar hlutina inn á sig en það á einnig sín brögð til að halda sjó þótt það gefi á bátinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVAÐ ÞARF AÐ GERA ÞEGAR SÓTT ER UM BÆTUR?

- Fylla út rafræna umsókn á vinnumalastofnun.is áður en farið er á Vinnumálastofnun
- Skrá sig á netinu fyrsta daginn sem maður verður launalaus
- Koma á skrifstofu Vinnumálastofnunar innan tveggja vikna frá netskráningu með umbeðin gögn (þeirra er getið við netskráningu)
- Greiðslutímabil atvinnuleysisbóta er 20. hvers mánaðar til 19. næsta mánaðar
- Útborgunardagur er fyrsta virka dag hvers mánaðar
- Fyrstu tíu dagana eru greiddar grunnatvinnuleysisbætur en eftir það tekjutengdar bætur, eigi menn rétt á þeim

MEÐAL 198 LAUSRA STARFA ERU

- Lífeindafræðingur
- Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
- Framkvæmdastjóri á Indlandi
- Sölu- og markaðsstjóri í prentiðnaði
- Auglýsingasölumaður
- Hárgreiðslumaður
- Rafeindavirki
- Matreiðslumaður

SEGÐU ÞAÐ MEÐ BLÓMUM!

Úrval af rósum, rómantískum – og praktískum gjöfum handa þeim sem þú elskar!

Ef þú kaupir Valentínusargjöf í Garðheimum áttu kost á:

Gestapassa frá Hreyfingu heilsulind
Gestur í 3 daga

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON

NINGS
Tilboð á ljúffengum réttum frá Nings

Gildir meðan birgðir endast.

Túlípanavöndur
– fallegur glervasi fylgir
1550kr

FERMINGARVEISLUSÝNINGIN HAFIN!

Allt það nýjasta í veisluskrauti: serviettur, kerti sálmabækur, áletranir, föndur og margt fleira!

Vorlaukarnir komnir!

Opið til **21.00** öll kvöld

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Pakkatilboð með fermingarafslætti

80 serviettur, kerti og sálmabók
- allt áritað: ***10.910kr***

Darwinismi í eina og hálfa öld

Á fimmtudaginn voru rétt 200 ár frá fæðingu **Charles Darwin** og seinna á árinu verða 150 ár frá útkomu hins byltingarkennda rits hans, Um uppruna tegundanna. *Auðunn Arnórsson* rekur hér hvernig kenningar Darwins gagnast til að skilja mannlega hegðun.

Það er alkunna að byltingarkennd kenning Charles Darwin um uppruna og þróun tegundanna reitti marga til reiði því hún stangaðist algerlega á við kenningu Biblíunnar um sköpun lífs á jörðu.

Færri vita að hún skapaði Darwin líka vandræði heima fyrir, því eiginkona hans, Emma, var mjög trúuð. Darwin frestaði því alllengi að gefa bókina út af tillitssemi við konu sína. „Hún sagði að hann virtist vera að vísa Guði æ lengra frá sér," hefur AP eftir Ruth Padel, einum fjölmargra afkomenda þeirra hjóna. „En þau ræddu málið í þaula og hún endaði með að segja: „Ekki breyta neinu af hugmyndum þínum mín vegna."

Útgáfa „Um uppruna tegundanna með náttúruvali" (On the Origin of Species by Means of Natural Selection) síðla árs 1859 breytti vísindalegri hugsun til frambúðar. Og kallaði á andstöðu sem varað hefur allt til okkar daga. Það er þessi heillandi kenning um að allar lífverur, maðurinn þar með talinn, hafi þróazt fyrir tilstilli náttúruvals sem gerir 200 ára afmæli Darwins að svo miklum viðburði, en hann fæddist 12. febrúar 1809 í Shrewsbury á Englandi. Í Bretlandi einu eru um 300 viðburðir á dagskrá í ár af þessu tilefni. Fjölmargir aðrir viðburðir eru skipulagðir út um allan heim til að minnast ævistarfs þessa nafntogaða náttúruvísindamanns.

Darwinsk atferlishagfræði

Mót darwinisma og hagfræði hefur getið af sér heila nýja fræðigrein, atferlishagfræði, en hana er mjög athyglivert að skoða „á þessum síðustu og verstu tímum" heimskreppu og efnahagshruns.

Hugmyndum um „homo oeconomicus", manninn sem skynsemiskepnu sem lætur stjórnast af rökréttum ákvörðunum, er kollvarpað af nýjum hugmyndum atferlishagfræðinnar. Frekar en að gera ráð fyrir að einstaklingar sem standa frammi fyrir hagfræðilegum ákvörðunum taki ákvarðanir í samræmi við það sem „sígild" hagfræði myndi álíta rökrétt – það er að hámarka framtíðarauð sinn – reynir hegðunarhagfræðin að skoða hvernig raunverulegar manneskjur hegða sér í raun.

Það sem kemur á óvart er að hve miklu leyti mannskepnan hegðar sér órökrétt, og að hve miklu leyti líklegt er að ástæðnanna sé að leita í þróunarkenningu Darwins.

Eitt dæmið um hag-hegðun sem líklegt er að eigi sér djúpar þróunarlegar rætur er „hjarðhegðun" sem ýtir undir fjármálaþenslubólur. Til forna kann að vera að það hafi reynzt affarasælt að fara að dæmi nágrannans – svo sem til að forðast hættur eða finna mat. Í fjármálakerfi nútímans getur slík hegðun aftur á móti skapað óstöðugleika. Hægt er að finna skynsemisrök fyrir því að fylgja eðlisávísuninni og fylgja hjörðinni, þar sem allir hagnast til skamms tíma svo lengi sem verðið ýtist upp á við. En þessi hegðun virðist öllu minna skynsamleg þegar flett er ofan af óstöðugleikanum, svo sem fyrir tilstilli ytra áfalls, og markaðurinn hrynur. Það sem virðist að minnsta kosti gerast í hverju slíku tilviki er að öllum markaðsaðilum finnst þeir verða að fylgja því sem hinir gera, frekar en að gera eigið yfirvegaða mat á stöðunni.

Afkoma og afkvæmi

Í augum darwinista snýst lífið reyndar aðeins um tvennt: að komast af og fjölga sér. Af þessu tvennu er það síðarnefnda mikilvægara. Gróft einfaldað þá er það eina sem er „darwinskt" við að komast af það að eignast afkvæmi, að tryggja viðgang ættar sinnar. Þar af leiðir að stór hluti daglegrar tilveru snýst um að sýnast, að ganga í augun á hinu kyninu og olnboga sig fram fyrir aðra af eigin kyni. Meðal mannskepnunnar á þetta við um bæði kynin – ólíkt til dæmis páfuglum, þar sem aðeins karlfuglinn státar af íburðarmiklu skrautstéli eða hjartardýrum, þar sem aðeins tarfarnir bera stærðarinnar horn. Vissulega gera karlar meira af því að reyna að ganga í augun á hinu kyninu, en „það þarf ekki að líta lengra en á Ascot-veðreiðarnar til að sjá að konur gera það líka", eins og bent er á í grein í Economist. Staða og goggunarröð í samfélaginu skiptir máli. Og í nútímasamfélagi eru fjárráð öflugasta stöðutáknið.

Afstæði samfélagsstöðu

Samfélagsleg staða er þó alltaf afstæð: hún tengist fjárráðum vegna þess að þau drífa áfram viljann til að afla meira fjár til að hafa betur en samkeppnin. Þetta er frumhvatinn að hagvexti. En þar sem staða er hreyfanlegt takmark, er ekki til neitt sem heitir nægileg fjárráð.

Afstæði stöðu skýrir þá mótsögn sem hagfræðingurinn Richard Easterlin uppgötvaði árið 1974. Hann komst að því að á meðan ríkt fólk er hamingjusamara en fátækt innan tiltekins lands, þá eykst ekki meðalhamingja þótt allt samfélagið verði ríkara. Standist þessi kenning skoðun þýðir hún að grundvallarröksemd frjálshyggjunnar – um að þar sem hagvöxtur bætir hag allra þá skipti ekki máli að sumir verði ríkari en aðrir – stenzt ekki, að minnsta kosti ekki ef ríkidæmi er mælt í hamingju. Það sem mestu skiptir að mati þeirra sem aðhyllast kenningar Darwins er að frjálst samfélag gerir fólki kleift að klífa upp metorðastigann á eigin verðleikum; „ameríski draumurinn" ef svo má segja.

Darwinsk skýring á sósíalisma

Á hinn bóginn er „darwinska" skýringin á því að stuðningur við sósíalisma er seiglíf meðal mannskepnunnar – þrátt fyrir að reynslan sýni að hann leiði til minni hagvaxtar – er að þótt það geri þá snauðu ekki ríkari að gera hina ríku fátækari í fjárhagslegum skilningi, þá myndi það breyta uppbyggingu samfélagsins á vegu sem fellur í geð þeim sem standa á neðsta þrepi samfélagsmetorðastigans. Þegar vísindamenn spyrja fólk hvort það vildi frekar vera hlutfallslega ríkara en jafningjar þess, jafnvel þótt það þýði að það fengi minna í sinn hlut í beinhörðu, þá er svarið já. Í slíkum rannsóknum er til dæmis spurt: Myndirðu frekar vilja þéna eina milljón þegar allir vinir þínir þéna hálfa, eða eina og hálfa milljón þegar hinir þéna þrjár?

Ástæðan fyrir því að sósíalismi virkar ekki í framkvæmd, að því er the Economist bendir á, er að þetta er ekki það sem fólk lætur almennt hafa mest áhrif á atferli sitt. Það velti því frekar fyrir sér hvernig það geti þénað þrjár milljónir þegar allir í kring þéna hálfa milljón. Með öðrum orðum: græðgin er jafnaðarhneigðinni yfirsterkari í eðli mannsins.

Afstæði fátæktar

Greining í anda Darwins styður þó eina röksemd sem vinstrimenn halda oft fram og hægrimenn blása oft á. Hún er sú að fátækt sé afstæð. Það sem sýnir þetta með mest afgerandi hætti er uppgötvun sem Richard Wilkinson við Nottingham-háskóla gerði, um að þegar hagvöxtur hefur einu sinni lyft samfélagi upp úr sjálfsþurftarbasli eru íbúar þess líklegri til að lifa lengra lífi við betri heilsu ef launamunur er ekki mjög mikill. Þetta þýðir að lönd með tiltölulega lágar þjóðartekjur en með jafna tekjudreifingu geta lífskjör verið betri að þessu leyti en í ríkari löndum þar sem tekjumunur er meiri.

Áfangar þróunarkenningarinnar

610-546 f.Kr.: Gríski heimspekingurinn ***Anaximander*** með tilgátu um að náttúran öll lúti lögmálum og að allar lífverur hafi þróast frá fiskum.

1735: Svíinn ***Carl Linnaeus*** birtir verk sitt ***Systema Naturae***, sem leggur grunninn að flokkunarfræði, skipun lífvera í ættkvíslir. Setur fram kenningu um að allar plöntur eigi sér sameiginlegan uppruna.

12. feb. 1809: ***Charles Robert Darwin*** fæðist í Shrewsbury á Englandi.

1830: ***Charles Lyell*** birtir verk sitt ***Principles of Geology***. Höfuðkenning höfundarins um að nútíðin sé lykillinn að fortíðinni hefur mikil áhrif á Darwin.

1831: Darwin leggur upp í fimm ára rannsóknaleiðangur umhverfis jörðina með ***HMS Beagle***

1838-1839: Darwin þróar með sér kenninguna um náttúruval – að sumar lífverur lifi betur af í ákveðnum aðstæðum en aðrar; slíkar lífverur fjölgi sér betur og þær verði þar með algengari með tímanum .

1858: Líffræðingurinn ***Alfred Russel Wallace*** sendir Darwin eigin ritgerð um þróun lífvera með náttúruvali, í grunninn nær samhljóða kenningar.

Nóvember 1859: Hvattur af Wallace birtir Darwin verk sitt ***Um uppruna tegundanna*** – bókin veldur miklu fári.

1865: Bæheimski munkurinn ***Gregor Mendel*** birtir rannsóknir sínar á erfðum, en mikilvægi kenninga hans hlýtur ekki viðurkenningu fyrr en snemma á 20. öld.

1871: Í bókinni ***The Descent of Man*** rekur Darwin uppruna mannsins til prímata. Þrátt fyrir hneykslan sumra hlýtur bókin viðurkenningu í vísindaheiminum.

19. apríl 1882: Darwin deyr, 73 ára að aldri. Hann er greftraður í Westminster Abbey.

© GRAPHIC NEWS

1925: ***Aparéttarhöld Scopes*** í Tennessee; ***John Scopes*** dæmdur fyrir að kenna þróunarkenninguna. Málið er byggt á lögum Tennessee-ríkis sem banna nokkra kenningu sem véfengir að Guð hafi skapað manninn. Eftir áfrýjun er dómurinn ógiltur vegna formgalla.

1933: ***Mannkynbótafræðin*** – sem miðaði að því að bæta mannlegt samfélag með kynbótum – er gerð að ríkisstefnu í Þýskalandi nasismans. Í Kalifornía, þar sem mannkynbótafræðin nýtur mikils fylgis, eru um 60.000 manns gerðir ófrjóir og þúsundum bannað að giftast.

1953: ***James D. Watson*** (t.h.) og ***Francis Crick*** (t.v.) uppgötva uppbyggingu erfðaefnis mannsins, ***DNA***; þar með verður mögulegt að rannsaka líffræði þróunar.

2005: Erfðagreining bendir til að mannkynið hafi líka tekið þróunarbreytingum svo nýlega sem á síðustu 10.000 árum.

12. febrúar 2009: ***Alþjóðlegur Darwin-dagur***

> Útgáfa „Um uppruna tegundanna með náttúruvali" síðla árs 1859 breytti vísindalegri hugsun til frambúðar og kallaði á andstöðu sem varað hefur allt til okkar daga

UMDEILD VÍSINDI



Undur náttúrunnar blasa hvarvetna við: á hverju vori rata kríur og laxar á varp- og klakstöðvar sínar; þegar bjalla lendir brýtur hún saman vængi sína eins og þjálfaður origami-meistari; lauf lótusblómsins vaxa í vatni en hrinda frá sér óhreinu vatni eins og væru þau teflonhúðuð. Frá örófi alda hefur fólk sem sá þessi undur hugsað um þau og álitið þau birtingarmyndir snilldar skaparans, jafnvel vitnisburð um tilvist hans.

En fyrir 200 árum fæddist maður sem átti eftir að andmæla slíkum kenningum með áhrifamiklum hætti. Hið byltingarkennda verk hans Um uppruna tegundanna, sem kom út síðla árs 1859, gerbreytti vísindalegri hugsun til frambúðar.

Frá dögum Darwins hefur heimur náttúru- og raunvísinda gerbreytzt. Við fæðingu hans var frumeindakenningin aðeins sex ára gömul og heimurinn var talinn vera sex þúsund ára. Það hafði enginn hugmynd um hve miklar óravíddir himingeimsins í raun eru, né gat nokkur ímyndað sér fyrirbæri eins og geislavirkni, afstæðiskenninguna eða skammtafræði. En af öllum vísindauppgötvunum nítjándu og tuttugustu aldar – ósýnilegar frumeindir, endalaus himingeimur, afstæði tímans og umbreytingahæfni efnis – er þróunarkenningin ein um að hafa ekki hlotið almenna viðurkenningu utan heims vísindanna. Fáir leikmenn myndu halda því fram að þeir tryðu ekki kenningum Einsteins. En margir virðast stoltir af að trúa ekki Darwin. Jafnvel menn sem eru viljugir að fylgja hugsunarhætti Darwins hafa verið tregir til að fallast á gildi hugmynda hans, jafnt fyrir 150 árum sem nú.

Mikill munur er þó á því eftir löndum og menningarsvæðum, hve margir telja þróunarkenningu Darwins rétta, eins og sjá má í meðfylgjandi grafi. Íslendingar teljast vera sú þjóð heims sem minnstar efasemdir hefur um að kenning Darwins sé sönn. Fylgjendur sköpunarkenningarinnar – um að Guð hafi skapað manninn fyrir minna en 10.000 árum – eru enn margir víða um lönd, þar á meðal í „landi frelsisins", Bandaríkjunum.



© GRAPHIC NEWS & NEW SCIENTIST

13. - 14. febrúar 2009

Vetrarhátíð

í Reykjavík

Dagskráin í dag, laugardaginn 14. febrúar

10:00 – 18:00
Ljóðalampar lýsa upp skammdegið.
Kaffi Loki, Lokastíg 28.

10:00 – 11:30
Laugardagsgangan með gönguhópunum Hana-nú og Göngu-Hrólfar. Hressing, harmonikkuleikur og línudans að göngu lokinni. *Félagsmiðstöðin, Hæðagarði 31.*

10:00 – 17:00
Kvosin - vagga leiklistar. Sýning Leikminjasafns Íslands um gömlu leikhúsin í Kvosinni og þá sem þar komu mest við sögu. *Fógetastofa, Aðalstræti 10.*

10.00 – 17.00
Ljósberar. Sesselja Tómasdóttir sýnir málverk á striga. *Karlmenn, Laugarvegi 7.*

10:00 - 18:00
Innangarðs - ljóðasýningar. *Hólavallagarði v/Suðurgötu.*

11:00 – 03:00
Tangómaraþon. Dansinn dunar fram á nótt. Gestir geta litið við hvenær sem er. Sérstakur Kvöldverður að hætti Sigga Hall í tilefni af Valentínusardegi. Pantanir í síma 585 1295. *Leikhúskjallarinn, Hverfisgötu 19.* **Iceland Express styrkir Tangómaraþon.**

11:00 – 16:00
Listakonur Listaselsins sýna verk sem tengjast þema Vetrarhátíðar, ljósi og vatni. *Listaselið, Skólavörðustíg 17b.*

12:00 – 18:00
Leikbrúðuhátíð í Ráðhúsinu. Leikminjasafn Íslands sýnir nokkrar af leikbrúðum Jóns E. Guðmundssonar.
Ráðhús Reykjavíkur.

12:00 – 17:00.
Íslensk hönnun í Kraumi. Starfsfólk Kraums tekur vel á móti gestum með heitt kaffi á könnunni. Jóel Pálsson spilar kl. 14:00. *Kraum, Aðalstræti 10.*

12:00 – 17:00.
Fiskur í steini og Persónur og leikendur. Skúlptúrar og myndir úr bæjarlífi Reykjavíkur í lok 19. aldar.
Handverk og Hönnun, Aðalstræti 10.

12:00 – 18:00
Frístundamálarar í Kaaber húsinu. Sýningin veitir almenningi sýn inn í gróskumikið starf frístundamálara. *Kaaber húsið við Sæbraut.*

13:00 – 17:00
Heimsdagur barna í Gerðubergi. Vegleg fjölskyldudagskrá með margs konar listasmiðjum tengdum litríkri menningu ýmissa þjóða. Origamismiðja, Maracas hristusmiðja, sjóræningjasmiðja og margt fl. Í lokin verður boðið upp á og fjörugt salsaball. *Gerðuberg 3 - 5.*

13:00 – 17:00
Fagurt galaði fuglinn sá. Einstaklega fallegar ljósmyndir af íslensku fuglalífi. Heyra má fuglahljóð úr hinum skemmtilega dagskrárlið RÚV, Fugli dagsins. Leiðsögn um fuglalíf við Tjörnina kl. 14:00. Einar Ó. Þorleifsson og Jakob Sigurðsson leiðsegja. *Safnaðarheimili Dómkirkjunnar við hliðina á Iðnó.*

13:00 – 17:00
Að skyggnast inn í líf listamannsins - Opnar vinnustofur á Vetrarhátíð. Kíktu við í spjall, forvitnastu um sköpunarferlið og njóttu verkanna. Vinnustofur á Korpúlfsstöðum og einkavinnustofur víðsvegar um borgina verða opnar almenningi í dag milli kl. 13:00 og 17:00.

Eftirfarandi vinnustofur verða opnar:
- Korpúlfsstaðir.
- Vinnustofa myndhöggvarans Brynhildar Þorgeirsdóttur, Bakkastaðir 113.
- Vinnustofa Sigurborgar Stefánsdóttur og Áslaugar Jónsdóttur, Grensásvegur 12 A.
- Vinnustofa Cinziu D'Ambrosi, Ljósheimar 11.
- Vinnustofa Jóhönnu Þorkelsdóttur, Flókagata 69.

13:00 – 15:00
Stafganga í Viðey. Guðný Aradóttir stafgönguleiðbeinandi kennir áhugasömum stafgöngu. *Viðey.*

13:00 – 17:00
Sögur úr kreppunni. Miðstöð munnlegrar sögu býður gestum að líta við í garðhúsinu og segja frá upplifun sinni af kreppum fyrr og nú. *Glasgowtorg við Fischersund.*

13:00 – 18:30
Endurskilgreindar hafnarborgir II. Alþjóðleg ráðstefna um lýsingu og borgir, ljós og list, upplifun og rými. *Norræna húsið, Sturlugötu 5, aðalsalur.*

13:00 – 23:30
Hiphop Bíódagar@Hitt Húsið. TFA Viðburðir og Hiphop.is bjóða í bíó. Sýndar verða nokkrar klassískar kvikmyndir Hiphop menningarinnar í bland við nýrra efni. *Kjallari Hins hússins.*

13:00 - 19:00
London þegar allt kemur í ljós. Ljósmyndasýning. *Gallerí Lost Horse, Skólastræti 1.*

13:30 – 18:00
Skammdegissöngur á Vetrarhátíð. Fjöldasöngur, söngvar sem tilheyra árstíðinni og röð einsöngstónleika. Veitingar á þjóðlegum nótum. *Snorrabúð – Tónleikasalur Söngskólans í Reykjavík, v/Snorrabraut.*

14:00 -18:00
Freyja og Vatnið. Freyja Önundardóttir málar með olíu á striga.
Kaffi Loki, Lokastíg 28.

14:00 & 16:00
Fortíðarflakk í Grjótaþorpinu – Leiðsagnir. Gestum er boðið á fortíðarflakk með leiðsögn um Grjótaþorpið.
Lagt af stað frá Landnámssýningunni, Aðalstræti 16.

14:30 – 17:00
Breiðhyltingar og vinir í Ráðhúsi Reykjavíkur – Menningarhátíð eldri borgara. Borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir, setur hátíðina. Kynnir er Raggi Bjarna, sem slær á létta strengi með Þorgeiri Ástvaldssyni. *Ráðhús Reykjavíkur.*

15:00
Vetrarþytur verkalýðsins – barna- og fjölskyldutónleikar. Lúðrasveit Verkalýðsins heldur sína árlegu barnatónleika í samvinnu við Íslensku Óperuna. *Íslenska Óperan, Ingólfsstræti.*

15:00 – 18:00
Á leið út í lönd - þrennir einsöngstónleikar í Söngskóla Sigurðar Demetz. Einsöngstónleikarnir hefjast á heila tímanum kl. 15:00, 16:00 og 17:00. *Söngskóli Sigurðar Demetz, Granagarði 11.*

16:00
Frostrósir á skautum. Synchrohópurinn Frostrósir frá Birninum, sýnir samhæfðan skautadans og iðkendur frá Birninum sýna listhlaup á skautum. *Egilshöll, Fossaleyni 1.*

16:00 – 18:00
Reykvíkingar og nágrannar. Stórskemmtilegar mannlífsmyndir frá Reykjavík og nágrenni eftir blaðamanninn Einar Jónsson. *Tröð á Háskólatorgi.*

16:00
Smábílaklúbbur Íslands keppir í flokki bensínknúinna off-road bíla. *Ingólfstorg.*

17:00 – 18:00
Johnny Stronghands spilar mjúkan delta-blús eins og hann gerist bestur.
Kaffi Loki, Lokastíg 28.

17:30
Esjuljósaganga. Lagt verður af stað við sólsetur og gengið inn í myrkrið. Toppfarar vísa veginn. Allir mæti með nesti, góða skó og höfuðljós eða vasaljós. Boðið uppá Rútuferð frá malarbílastæði við Háskóla Íslands kl. 17:30, frá Orkuveituhúsinu 17:45. Gangan hefst kl. 18:15.
Nánari upplýsingar um gönguna má finna á toppfarar.is

18:00
Vatnsberinn upplýstur Í tilefni 100 ára afmælis vatnsveitu í Reykjavík verður Vatnsberinn, stytta Ásmundar Sveinssonar, lýst upp. *Litla Hlíð, Bústaðavegi.*

18:00 –19:00
Kærleikar. Sameinumst öll um kærleikann. Hist verður á Austurvelli þar sem ýmsir þekktir einstaklingar leggja fram fallega hugsun um kærleikann. Frábærir hljóðfæraleikarar leiða okkur hringinn í kringum Tjörnina og leika þekkt ástarlög. Þá sameinast kórar Reykjavíkur við Reykjavíkurtjörn og taka lagið undir stjórn Harðar Áskelssonar. Allir hvattir til að mæta í einhverju Rauðu. *Austurvöllur.*

19:00
Norðurljósin á skautum. Listhlaupadeildir Skautafélags Reykjavíkur sýna dans á ís ásamt einstaklingsskautadönsurum.
Skautahöll Reykjavíkur, Laugardal.

22:00
Sjóðheitt salsa á Hressó. Salsakvöld með Salsalceland og Tepokanum. Salsalceland sýnir suðræna salsatakta og býður uppá kennslu fyrir reynda jafnt sem óreynda.
Hressó, Austurstræti 20.

Liima Inui
- lokaatriði Vetrarhátíðar

Grænlenska reggae-popphljómsveitin Liima Inui slær lokatóninn á hátíðinni. Hljómsveitin er mjög vinsæl á Grænlandi, enda þykir hún sérlega áhrifamikil á tónleikum og nær að skapa einstaka stemningu. Nemendur við Myndlistaskólann í Reykjavík vinna með ljósainnsetningar sem öðlast líf í myrkrinu. *Norræna húsið kl. 22:00, aðalsalur.*

Skoðaðu dagskrána á **www.vetrarhatid.is**
Fáðu dagskrána í farsímann þinn á **ymir.is**

zetor

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

NÝTT KORTATÍMABIL

498

NV FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/ BRAUÐI 498 kr.

1998

NV FERSK NAUTAPIPARSTEIK
1998 kr./kg.

898

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.

50%
AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
949 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

50%
AFSLÁTTUR

ALI FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHNAKKI
899 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.

40%
AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR

ALI ÚRBEINAÐAR HELGARSTEIKUR 1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG

498

GRÍSAVEISLU FERSKT GRÍSAHAKK
498 kr.kg.

898

GRÍSAVEISLU ÚRB./GRÍSAHNAKKI
898 kr./kg.

898

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 kr./kg.

1359

KS FROSIÐ LAMBLÆRI
Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.

50%
AFSLÁTTUR

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSALUNDIR
1249 kr./kg. MERKT VERÐ 2498 KR./KG.

198

BÓNUS NÝBAKAÐAR
MJÚKAR KRINGLUR
4 stk 198 kr.

98

BÓNUS
PYLSUBRAUÐ
5 STK 98 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

198

BÓNUS NÝBAKAÐ
KORNKUBBAR & BIRKIKUBBAR
4 stk 198 kr.

198

BÓNUS NÝBAKAÐ
KLEINUHRINGIR **2 stk 198 kr.**
SÚKKULAÐI OG KARAMELLU

259

BÓNUS FETI **250g 259 kr.**

89

BÓNUS KOLSÝRT VATN
2 ltr. 89 kr.

50%
AFSLÁTTUR

SÆLGÆTISBARINN
50% afsláttur
ALLA DAGA Í BÓNUS
75 kr. 100 gr.

Ferskur kjúklingur

40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. **523 kr./kg.**

40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **1798 kr./kg.**

35%
AFSLÁTTUR

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 2598 KR./KG. **1689 kr./kg.**

1476

KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. **1476 kr./kg.**

50%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 398 KR./KG. **198 kr./kg.**

40%
AFSLÁTTUR

KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
1455 kr.kg. MERKT VERÐ 2425 KR.KG.

499

399

KJARNAFÆÐI NÝTT KJÖTFARS
GAMALT VERÐ **399 kr./kg.**
KF FROSIÐ SPARHAKK **499 kr./kg.**

998

GULL BITAFISKUR **200g 998 kr**
81% PRÓTEININNIHALD.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Sjálfboðavinna gerir unglingasöngleik í Hlíðaskóla að veruleika

Í fimmtán ár hefur **Anna Flosadóttir** kennari við Hlíðaskóla leikstýrt viðamiklum söngleik unglingadeildar Hlíðaskóla. Í haust leit út fyrir að efnahagshrunið hefði þær afleiðingar að ekkert yrði úr uppfærslu á söngleiknum, því skrúfað hafði verið fyrir alla styrki. Anna var ekki til í þær málalyktir eins og *Sigríður Björg Tómasdóttir* komst að.

Það er spenna í loftinu í Hlíðaskóla, verið er að æfa fyrir umsvifamikinn söngleik sem verður frumsýndur eftir nokkrar vikur. Þó að komið sé fram yfir lok skóladags er skólinn enn fullur af nemendum og þegar dyrum að samkomusal skólans er lokið upp blasir við fjöldinn allur af einbeittum unglingum. Það er verið að æfa söngleikinn Það er að koma og þegar blaðamann ber að garði er verið að æfa senu þar sem barn er á leiðinni, það er líklega að koma.

Anna Flosadóttir kennari við skólann er leikstjóri og aðalsprautan á bakvið söngleikinn sem krakkarnir hlakka mörg hver til þess að taka þátt í alla sína skólagöngu. „Ég fékk þá hugmynd fyrir fimmtán árum að setja upp söngleik í unglingadeildinni," segir Anna Flosadóttir. Þetta fyrsta skipti tóku 45 nemendur unglingadeildarinnar þátt í söngleiknum.

Flest vilja leika

„Það er óhætt að segja að hann hafi slegið í gegn," segir Anna og brosir að minningunni. Síðan þá hefur söngleikur verið settur upp í unglingadeildinni á þriggja ára fresti og framleiðslan hefur undið upp á sig, um hundrað krakkar hafa tekið þátt í verkinu, samið leikritið, sungið, leikið, dansað og séð um velflest sem að verkinu lýtur undir handleiðslu Önnu og fleiri fagmanna. „Flest vilja leika og við högum því þannig að allir fá að gera það, krökkunum er því skipt upp í hópa sem vinna senur en það kemur fyrir að þau eru öll að leika í einu og þá eru hundrað á sviðinu og mikið að gerast."

Anna er myndlistarmenntuð, kennir myndlist og leiklist. „Ég hef áhuga og ástríðu fyrir leikhúsi og hef viljað auka hlut leiklistar í skólum," segir Anna sem hefur orðið að þeirri ósk sinni í Hlíðaskóla en á árunum 2003 til 2007 var hann móðurskóli í listum og hefur haldið áfram þeirri stefnu og þróun sem það hafði í för með sér. „Við gerum listgreinunum jafn hátt undir höfði, og kennum þær í sjö vikna lotum." Leiklist er að mati Önnu mikilvæg listgrein og gagnleg til að kenna í skólum, allir þurfa jú að koma fram og standa fyrir máli sínu og leiklistin þjálfar fólk í því. Á hverju ári frá fyrsta og upp í sjöunda bekk er settur upp söngleikur í Hlíðaskóla undir stjórn tónmenntakennarans Sigríðar Johannsdóttur og því þjálfaðir nemendur á ferð þegar þau koma upp á unglingastigið. „Leiklistin er skylda upp í sjöunda bekk en þátttaka í söngleiknum er auðvitað frjáls"

Skrúfað fyrir styrki

Vinnuferlið hefur verið þannig hjá Önnu og krökkunum að þau semja leikritið sjálf, Anna hefur samið grind og þau spunnið í kringum hana. Síðastliðið haust hófst þessi vinna „Svo kom í ljós að ÍTR hafði skrúfað fyrir alla styrki til svona verkefna og það var hætt við sýninguna." Anna var ekki tilbúin til þess að samþykkja þessa niðurstöðu, verkið hefur verið svo gefandi auk þess sem að krakkarnir hafa beðið eftir því að taka þátt í söngleiknum, sum hver síðan í sex ára bekk. „Ég settist bara niður og skrifaði fyrrverandi nemendum hér og bað þá um að hjálpa mér með tónlistina, þeir gera það í sjálfboðavinnu. Svo vinnum við þetta kauplaust ég og Elva Dögg Númadóttir kennari sem sér um að þjálfa dansana." Þar fyrir utan hafa tveir kennaranemar lagt söngleiknum lið þær Hildur Magnúsdóttir og Elísa Snæbjörnsdóttir. „Svo skrifaði ég foreldrum í fyrsta skipti, og það er skemmst frá því að segja að viðbrögðin voru ótrúlega góð, pósthólfið var fullt um leið, allir vilja aðstoða."

ÞAÐ ER AÐ KOMA Mikil innlifun á æfingu hjá þeim Ásdísi Vídalin Kristjánsdóttur og Róbert Smára Björnssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ANNA FLOSADÓTTIR hefur leitt nemendur Hlíðaskóla í viðamiklum söngleik síðastliðin fimmtán ár, og lætur kreppuna ekki stoppa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Krakkanir fara að mynda tengsl þvert á árgangana, sem er ekki sjálfgefið í unglingadeildum þar sem hírarkíið er yfirleitt mikið

Jákvæð áhrif

Til að spara var að ákveðið var að taka gamalt verk til sýningar. Það er að koma var samið og sýnt fyrir tólf árum síðan. Verkið segir frá nokkrum fjölskyldum og örlögum þess og óhætt að segja að uppfærslan sé viðamikil, tvær hljómsveitir, dans, söngur og leikur. Leikið er í salnum í Hlíðaskóla, í raun út um allan sal eins og Anna sýnir blaðamanni. „Þegar sem mest er að gerast hafa áhorfendur varla við að fylgjast með því sem er í gangi."

Anna segir uppsetningu á söngleiknum hafa mjög jákvæð áhrif á stemminguna í unglingadeildinni. „Krakkarnir fara að mynda tengsl þvert á árgangana, sem er ekki sjálfgefið í unglingadeildum þar sem hírarkíið er yfirleitt mikið. Það kom líka í ljós þegar við höfðum enn aðgang að niðurstöðum í samræmdum prófum að útkoman úr þeim var síst verri þegar söngleikur var settur upp, þó að krakkarnir verji mjög miklum tíma í æfingar. Þau læra að skipuleggja sig, koma með bækur á æfingar og nýta dauðan tíma."

Anna segir einkar jákvætt í Hlíðaskóla hvað strákarnir taka virkan þátt í leiklistinni, þeir eru fleiri en stelpurnar og í sumum senum eru þeir í algjörum meirihluta. „Strákar eru stundum tregari til að taka þátt í leiklist en það á ekki við hjá okkur."

Ekki er stætt á því að trufla æfingu hjá metnaðarfullum nemendum lengur. Þó að vel gangi á margt eftir að gera fyrir frumsýningu. Ýmsir kostnaðarþættir eiga eftir að falla til, eins og í kringum lýsingu á verkinu en Anna vonast til að það leysist farsællega. Frumsýningin er 14. mars og að sjálfsögðu er öllum opið að mæta. „Við höfum sýnt verkin sjö til átta sinnum."

Komum að sjálfsögðu til aðstoðar

„Anna hafði samband við okkur og spurði hvort við værum til í að sjá um tónlistina í söngleiknum í ár, það kom ekki annað til greina en að segja já," segja þeir Kári Allansson og Guðfinnur Einarsson sem fyrir tólf árum voru nemendur í 9. bekk Hlíðaskóla og tóku þá þátt í söngleiknum Það er allt að koma sem var saminn af nemendum það árið. „Við gátum ekki hugsað okkur að söngleikurinn félli niður þó að styrkirnir hefðu gert það," segja þeir en báðir leggja síðdegin undir vinnu með nemendum í Hlíðaskóla um þessar mundir og taka ekki krónu fyrir. „Það var alveg sjálfsagt að hjálpa til, okkur finnst bara gaman að geta gefið til baka það sem við fengum sjálfir."

Kári og Guðfinnur segja það hafa verið frábær upplifun á unglingsárunum að semja söngleik og flytja hann. „Þetta var algjörlega ógleymanlegt, það var talað um fyrir og eftir söngleik í unglingadeildinni," segja þeir félagar sem spiluðu í hljómsveit söngleiksins. „Það sem var til dæmis svo skemmtilegt var að söngleikurinn þjappaði okkur saman, krökkunum í unglingadeildinni, skilin á milli árganga þurrkuðust út og það gerðist að áttundu bekkingar og tíundu bekkingar töluðu saman," segja þeir og hlæja.

Tvær hljómsveitir skipaðar nemendum taka þátt í leikritinu, rokkhljómsveit og sígildari sveit. „Þeir er þvílíkt fljótir

GUÐBRANDUR OG KÁRI Skemmtu sér mjög vel þegar þeir tóku þátt í söngleiknum fyrir tólf árum.

að læra, krakkarnir, en það er auðvitað mikil vinna eftir." Kári er orgelleikari og nemandi í Listaháskóla Íslands og hefur því haldið sig í tónlistarheiminum síðan á unglingsárum. Guðfinnur er viðskiptafræðingur en þeir hafa leikið saman í ballsveitum. „Maður spilar samt mest í brúðkaupum núorðið, það er aldurinn."

Biðum spennt eftir að fá að taka þátt

Þau Sigríður Kristín Kristjánsdóttir, Hildur Sveinbjörnsdóttir og Ástráður Stefánsson taka öll þátt í söngleiknum Það er að koma. Sigríður er í níunda bekk og Hildur og Ástríður í þeim tíunda. Þau eru sammála um að einkar gaman sé að taka þátt í söngleiknum og telja ekki eftir sér veru í skólanum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. „Ég á eldri systkini og ég hef verið að bíða eftir þessu síðan ég var í sex ára bekk," segir Hildur sem leikur hjúkrunarfræðing í leikritinu sem keppir við fjóra kollega sína um athygli læknisins. Þau segja það hjálpa þeim í leiknum að hafa tekið þátt í uppfærslum í yngri deildum. „Við erum öll vön að vera á sviði." Ástráður leikur hlutverk einstæðs föður í sýningunni, reyndar föður stúlkunnar sem Sigríður leikur og spilar líka á píanó. „Þetta er rosalega skemmtilegt og svo kynnumst við hvert öðru betur en við myndum gera annars."

GAMAN AÐ TAKA ÞÁTT Sigríður Kristín Kristjánsdóttir, Ástráður Stefánsson og Hildur Sveinbjörnsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU REKKJUNNAR ER Í DAG!

20-60% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
Verð frá 38.000 kr.

SÆNGURVER
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 3.710 kr.

Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ 99.300 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ 89.000 kr.

HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 5.530 kr.

COMODO
Svefnsófi
Verð áður 398.950 kr.
KOSTAR NÚ 279.265 kr.

RÚMSTÆÐI MEÐ LATEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Heilsan er ekki ókeypis

Þegar breytingar eiga sér stað í þjóðfélaginu er fólk opnara fyrir því að gera breytingar á eigin lífi, segir **Kolbrún Björnsdóttir** grasalæknir. *Anna Margrét Björnsson* fékk að skyggnast inn í heim jurtanna og heilnæm áhrif þeirra á mannfólkið.

Jurtaapótekið á Laugavegi hefur átt töluverðum vinsældum að fagna en þar er að finna lyf Kolbrúnar Björnsdóttur grasalæknis. Sterkur og dásamlegur ilmur af jurtum tekur á móti fólki þegar það gengur inn í þennan ævintýralega heim af alls kyns töflum, teblöndum, smyrslum og vökvum sem er skapaður úr gnægtarbrunni náttúrunnar. „Þegar ég var í menntaskóla var ég heilsufrík," útskýrir Kolbrún. „Ég var mikið í íþróttum og spáði mikið í mataræði. Ég las allt sem ég gat hendur á fest um þessi mál. Á þessum tíma var ekki mikið til um náttúrulækningar, en þá aðallega bækur og blöð frá Náttúrulækningafélaginu. Ég réð mig í vinnu í Heilsuhúsinu og vann í eldhúsinu á heilsuhælinu í Hveragerði og fann að þetta var virkilega það sem ég hafði áhuga á að gera í lífinu. Ég ákvað að fara í einhvers konar nám tengt náttúrulækningum, fyrst ætlaði ég að fara út í hómópatíu í Þýskalandi en las svo viðtal við konu sem hafði lært grasalækningar í skóla í Bretlandi og ákvað að gera slíkt hið sama. Ég var tuttugu og sex ára þegar ég lauk námi í Bretlandi og þá var enga vinnu að finna í þessum geira nema að skapa hana sjálfur. Það var líka það sem ég gerði, ég opnaði stofu og var svo heppin að fá mikla kynningu um leið og ég byrjaði. Íslendingar reyndust mjög opnir fyrir þessari tegund af lækningu."

KOLBRÚN GRASALÆKNIR „Draumur minn væri sá að fræðin á bak við grasalækningar yrðu kennd í barnaskólum." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég hef orðið mjög vör við það á þessum síðustu mánuðum að fólk hefur komið mikið í Jurtaapótekið til þess að leita ráða gegn svefnleysi.

Að hjálpa líkamanum að hjálpa sér sjálfum

Kolbrún segir þær grasalækningar sem hún lærði í Bretlandi vera mjög sérhæfð fræði sem byggja ekki á gamalli heimspeki eins og til dæmis Ayurveda-lækningar Indlands eða grasalækningar Kínverja. „Þetta eru í raun mjög læknisfræðilegar kenningar og ég lærði sömu sjúkdómsgreiningar og hefðbundnir læknar. Grasalækningar hafa færst nær læknisfræðinni að ákveðnu leyti þar sem reynt hefur verið að fá meiri viðurkenningu fyrir fagið sem slíkt, en Bretland er það land sem er lengst komið hvað varðar grasalækningar og hómópatíu. En hverjir eru kostirnir við grasalækningar? „Í mörgum tilfellum er hægt að koma í veg fyrir að fólk þurfi að nota sterk lyf með því að nota jurtalyf. Því miður er því þó oft þannig háttað að fólk bíður svo lengi með að laga kvillana að þeir grassera og þá er erfiðara að notast við jurtalyf þar sem þau eru ekki nógu sterk." Kolbrún segir að grasalækningar hafi einstaklega góð áhrif á kvilla eins og til dæmis gigt og ofnæmi. „Það eru margar jurtir sem eru bólgueyðandi, kvalastillandi og auka blóðflæði og þetta hefur allt reynst afbragðsvel við gigt. Meltingarvandamál eru einnig oft auðleyst með jurtum." Það sem Kolbrún fæst hins vegar mest við í dag er hreinsun, eða eins og hún orðar það, „tiltekt" í líkamanum. „Í okkar nútímasamfélagi neytum við einfaldlega allt of mikils af unnum vörum, aukaefnum, sykri, koffíni og öðrum efnum sem setjast að í líkamanum og gera hann þreyttan. Það verður mikið álag á lifrina og orkuflæðið minnkar. Ég er þá almennt að reyna að koma líkamanum í gang til þess að hann eigi auðveldara með að verja sig gegn sjúkdómum og kvillum."

Megnið af jurtunum flytur Kolbrún inn óunnar og býr til úr þeim lyf auk þess sem hún tínir íslenskar jurtir. „Allt sem ég er með í Jurtaapótekinu eru lyf sem ég bý til sjálf." Á hillum er að sjá stærðarinnar krukkur fylltar exótískum ginseng-rótum og rauðum rósaknúppum auk kunnunglegra jurta eins og blóðbergs og kamillublóma. Aðspurð segist Kolbrún búa að fjölmörgum sögum af fólki sem nær góðum bata með grasalækningum. „Ég hef tekið um fimm þúsund manns í viðtalstíma og margir hafa náð mjög góðum árangri. En bati hefur fyrst og fremst með vilja fólks og ætlun þeirra að gera.

Fólk þarf til dæmis að breyta um lífsstíl og mataræði auk þess að taka inn lyfin reglulega. Þegar fólk kemur til mín í viðtal fæ ég sjúkrasögu þess, lyfjasögu og matarsögu og spyr einnig spurninga um lífsstíl þeirra. Einnig er ég með lithimnulestur sem ég nota mikið sem stuðning við sjúkdómsgreiningar, en þá les ég bæði hvituna og lithimnuna. Þetta hljómar kannski órökrétt fræði en ég hef gert þetta í tólf ár og þau hafa ætíð staðfest grun minn um sjúkdóma."

Aukin ásókn í svefn- og þunglyndislyf

Svefnleysi og þunglyndi eru því miður gjarnan fylgifiskar þeirra krepputíma sem eru að skella á þjóðina og þeirra breytinga sem áttu sér stað við bankahrunið síðastliðið haust. „Ég hef orðið mjög vör við það að fólk hefur komið mikið í Jurtaapótekið til þess að leita ráða gegn svefnleysi," segir Kolbrún. „Við erum með tilbúna blöndu sem heitir Nótt og er dálítið sterk, og svo milda róandi blöndu sem heitir Heiðrún. Einnig mælum við með því að fólk taki inn malaða, óhitaða hafra í hylkjum, þar sem hafrar hafa mjög góð áhrif á svefn. Við erum líka með blöndu sem virkar vel við vægu þunglyndi, jurtablöndu sem örvar blóðflæði til heilans og gefur orku. Það er gott að auka virkni lifrarinnar til þess að sporna við þunglyndi því þegar starfsemi lifrarinnar er hæg verður fólk oft miklu þyngra." Kolbrún segist sjá áberandi mikla vakningu meðal fólks í þjóðfélaginu um að breyta lífsstílnum til batnaðar. „Mér finnst fullt af fólki vera að vakna til vitundar um að hugsa miklu betur um sjálft sig, bæði líkamlega og andlega. Fólk er núna verulega tilbúið að láta til skarar skríða og breyta lífi sínu. Þetta er væntanlega bara endurspeglun á því að svona miklar breytingar eru að eiga sér stað í þjóðfélaginu." En ef fólk hefur ekki efni á dýrari jurtameðferðum hvetur Kolbrún eindregið til þess að það prófi að tína og nota íslenskar jurtir sjálft, eins og fjallagrös, birki og blóðberg. „Mín ósk er sú að fólk læri á jurtir sjálft og noti þær meira heima hjá sér, en það dregur úr þörfinni fyrir sterk hefðbundin lyf síðar á ævinni. Það væri æskilegt að fólk kynni að bregðast við litlum kvillum áður en þeir verða stórir. Draumur minn væri sá að fræðin á bak við grasalækningar yrðu kennd í barnaskólum. Hefðbundin lyf virka líka þannig að það er ekki verið að takast á við vandann, heldur að bæla niður einkennin. Jurtir hjálpa líkamanum til að komast í gang og hjálpa sér sjálfum." Kolbrún segir að margir komi með börn og ungbörn til sín enda sé gott að fyrirbyggja langvarandi penisillín og lyfjanotkun hjá þeim. Einnig hafa kvef- og flensublöndur fyrir börn og fullorðna mælst vel fyrir og gefið góðan árangur þegar ekkert annað dugar. „En maður þarf sannarlega að hafa fyrir því að halda góðri heilsu. Heilsan er ekki ókeypis."

➜ DEKRAÐU VIÐ LÍKAMA OG SÁL

Kolbrún heldur fyrirlestur hjá Manni lifandi hinn 25. febrúar um náttúrulegt spa-dekur sem hægt er að búa til í eldhúsinu heima. „Í Jurtaapótekinu sel ég talsvert af líkamsvörum eins og skrúbb og maska, krem og olíur. Mig langar til þess að kenna fólki hvernig það getur búið til heima-spa í eldhúsinu hjá sér með því að nota hversdagslega hluti eins og gróft sjávarsalt, hunang, te, avókadó, gúrkur, mjólk, olíur og þara. Með því að gefa sjálfum þér tíma í slíkt dekur ertu um leið að gefa sjálfum þér gjöf sem er góð fyrir líkama og sál. Slíkar meðferðir eru ekki einungis til að fegra líkamann að utan heldur fara öll virku efnin inn í gegnum húðina og inn í blóðstreymið og veita aukna orku eða slökun, og draga eiturefni úr líkamanum. Tíminn sem þú gefur þér í slíkt dekur færðu borgað margfalt til baka."

Upplýsingar um fyrirlesturinn er að finna á www.madurlifandi.is

BROT AF ÞVÍ BESTA

UNITED UNITED UNITED UNITED UNITED UNITED UNITED

United TVD8819
19" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, Video, S-Video og VGA tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 64.990

United TVD8822
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

TOSHIBA TOSHIBA TOSHIBA TOSHIBA TOSHIBA TOSHIBA

Toshiba 37XV555DP
37" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Full-HD Progressive Scan, Active Vision LCD, innb. DVB-T stafr. mótt., 18.000:1 skerpa, DCDi Faroudja, Game Mode, Auto Backlight Control, 24 FPS Compatible (100hz), Luma Sense, 20w (RMS) Nicam Stereó SRS WOW, 3x HDMI, 3x Scart, Component, VGA, Optical Digital, heyrnatóls- og Sub-woofer tengi ofl.

TILBOÐ 229.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

Toshiba 42XV555DG
42" FULL HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, 25000:1 skerpu, DCDi Faroudja tækni, 20w RMS Nicam Stereó, Bass Boost & SRS SRS WOW, 3x HDMI, 2X Scart, RGB & Component, VGA, AV, Audio, Optical Digital og heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 299.990

GRUNDIG GRUNDIG GRUNDIG GRUNDIG GRUNDIG

Grundig 377851T
37" BREIÐTJALD með 1920x1080 upplausn, TFT Active Matrix tækni, Full-HD 1080 Progressive Scan, 12.000:1 skerpu, Digital Color Transient Improver (DCTI), innb. DVB-T Digital mótt., PAL og NTSC afsp., SRS TruSurround XT Nicam Stereó, Scart(AV/RGB/S-VIDEO), 3x HDMI, Component & Composite, S-Video, VGA, Audio RCA, S/PDIF, heyrnatóls- USB tengi ofl.

TILBOÐ 199.990
FULLT VERÐ kr. 239.990

Grundig 376831T
37" BREIÐTJALD með 1366x768 uppl., TFT Active Matrix, HD-Ready, 720 Progressive Scan, 10.000:1 skerpu, Digital Color Transient Improver (DCTI), innb. DVB-T Digital mótt., PAL og NTSC afsp., SRS TruSurround XT Nicam Stereó, Scart(AV/RGB/S-VIDEO), 3x HDMI, Component & Composite, S-Video, VGA, Audio RCA, S/PDIF, heyrnatóls- USB tengi ofl.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS PHILIPS

Philips 19PFL3403
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartóls-tengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 84.990

Philips 42PFL3403
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, 24000:1 skerpu, LCD WXGA Active Matrix TFT, HD-READY(720p/1080i), Crystal Clear III og Progressive Scan, Digital Crystal Clear ofl.

TILBOÐ 179.990
FULLT VERÐ kr. 239.990

Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic

Panasonic TX37LZD80F
37" V-Real Pro3 Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 með punkta uppl., V-Real Pro3 Engine, 10.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, DVB-T stafr. mótt., 20w Nicam Stereó með BBE ViVA HD3D, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 299.990

Panasonic TX26LM70F
26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnatólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

Popphænsn og jaðarhundar

Hópar myndast innan allra stétta, og reykvískir tónlistarmenn og aðdáendur eru engin undantekning. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við valinkunna andans menn og konur í því augnamiði að kortleggja nokkrar af helstu kreðsunum í dag.

ROKK Í REYKJAVÍK „…þegar þessar klíkur eru skoðaðar ofan í kjölinn fer að hrikta örlítið í kenningakerfinu. Það má eiginlega segja að allir séu tengdir öllum á einhvern hátt“. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er ekkert eitt æði yfirstandandi núna. Fólk er kannski meira að pæla í hvernig það á að fá sér að borða,“ segir einn viðmælenda þegar hann er spurður um íslenska tónlistarlandslagið í dag. Þegar annar er spurður um helstu hópana í þessum sama bransa segir hann augljóst að klíkumyndun eigi sér stað. „En þegar þessar klíkur eru skoðaðar ofan í kjölinn fer að hrikta örlítið í kenningakerfinu. Það má eiginlega segja að allir séu tengdir öllum á einhvern hátt.“

Fréttablaðið ákvað að hunsa þessi orð og gerði tilraun til að kortleggja helstu kreðsurnar í tónlistarheimi Reykjavíkur í dag. Eðlilega er áherslan á unga fólkið, sem hvað ötulast er að hópa sig saman, og býr tónlist fyrir sama aldurshóp. Vart þarf að taka fram að úttektin er fyrst og fremst hugsuð sem græskulaust gaman og eins langt frá því að vera tæmandi og hugsast getur. Hún byggist þó á fjölradda kór fólks sem lifir, hrærist og spáir linnulítið í tónlist.

Hvar er draumurinn?

„Þetta er einfalt, liðið sem var mest inni í sveitaballagrúppunum er komið út í eitthvað allt annað,“ segir einn viðmælenda þegar hann er inntur eftir ástandinu hjá „hreinræktuðum“ poppsveitum á borð við Írafár, Í svörtum fötum og Á móti sól, sem seldu breiðskífur í bílförum fyrir fáum árum.

Flestir virðast nokk sammála þessari greiningu. Nokkrir nefna Ingó og Veðurguðina sem einu alvöru kyndilbera geirans í dag, meðan aðrir vilja meina að hljómsveitir eins og Hjaltalín, Sprengjuhöllin og jafnvel Hjálmar hafi erft hlustendahópinn að nokkru leyti.

„Það vantar eitthvert stórt og leiðandi band í sveitaballapoppið síðan Skítamórall hætti. Það er engin sena í gangi núna, ekki eins og þegar Buttercup og Írafár voru hvað vinsælastar fyrir nokkrum árum og meðlimir allra þessara hljómsveita voru vinir,“ segir einn. Annar skellir skuldinni á uppgang Ædolsins. „Almenningsálitið á þessari tónlist breyttist mjög til hins verra þegar tengingin við Ædolið var svona sterk.“

„Fólk á auðvitað minni pening núna og er kannski ekki alveg að kaupa þetta „skítt með allt og dettum í það á sveitaballi“-dæmi lengur. Kannski vill almenningur frekar eyða aurunum sínum í eitthvað sem endist,“ er niðurstaðan hjá einum.

INGÓ OG VEÐURGUÐIRNIR

Annar veltir því fyrir sér hvort sveitaballapoppið sé staðbundnara í dag en áður var. Nóg sé að kíkja við í pulsuvagninum á Selfossi til að sjá að nýjar og nýjar sveitaballagrúppur auglýsi um hverja helgi, en annað gildi um restina af landinu. „Það er mjög lýsandi fyrir stemninguna að spútnikplata síðasta árs var safnkassi með Páli Óskari. Það er greinilegt gat sem þarf að fylla upp í á þessum markaði, og ég lýsi eftir nýjum Einari Bárðarsyni til að redda málunum!“ segir einn álitsgjafi ákveðinn.

Samheldinn harðkjarni

„Pönk- og þungarokkarar sem koma saman undir ákveðnum harðkjarnahatti er alveg furðulega stór hópur, miðað við að þetta er ekki vinsældavæn músík. Vefsíðan taflan.org og Valdi í Geisladiskabúð Valda sjá um að halda hópnum dálítið saman,“ segir einn viðmælenda og bætir við að líklega sé samheldnari hópur en harðkjarnaliðið vandfundinn. „Kannski er mesta gróskan fyrir klíkumyndun einmitt lengst úti á jaðrinum. Þörfin fyrir samheldnina verður meiri.“

Annar bendir á að meðlimum þeirra fjölmörgu hljómsveita sem tilheyra harðkjarnanum, eins og Morðingjanna, Sólstafa, Severed Crotch og margra annarra, sé einkar umhugað um að vera hólfaðir í réttan undirflokk senunnar. „Ef manni verður á að flokka hljómsveit sem spilar black metal grunge death tónlist undir einfaldan death metal hatt er maður nánast að fremja guðlast í þeirra augum. Þetta virðist vera mjög viðkvæmt mál hjá þeim mörgum.“

Nefndir eru til sögunnar nokkrir harðhausar sem flestir eru sammála um að myndi nokkurs konar elítu harðkjarnans, menn á borð við Birki í I adapt, Þóri og Sigga Pönk. „En þeir haga sér samt alls ekki eins og einhverjir hrokagikkir, langt því frá. Þetta eru menn með reynslu og þekkingu, öðlingsdrengir.“

Álitsgjafar eru sammála um að harðkjarnafólk sé upp til hópa hörkuduglegt og taki til að mynda hljómleikaferðum engum vettlingatökum. „Þegar hardcoresenan skipuleggur túra fá þeir inni hjá vinum sínum í Englandi og Þýskalandi, spila á hverjum einasta degi,

MORÐINGJARNIR

keyra sveittir milli staða og vinna alla vinnuna sjálfir. Þeir strita og uppskera eftir því,“ segir einn fullur lotningar.

Annar rifjar upp hugtak sem Birkir í I Adapt notaði um tónleikaferðir sveita úr öðrum geirum, til dæmis Reykjavík og Singapore Sling: „gallabuxnaferðir“. „Margar grúppur fá kannski styrk frá Önnu Hildi í Útóni, fara út, spila fyrir 20 manns í tvo eða þrjá daga og kaupa sér gallabuxur í leiðinni.“ Enn einn heldur því fram að Mínus hafi verið harðkjarnasveit á sínum tíma, en ekki nennt að sofa á hörðum gólfum og frekar kosið téðar gallabuxnaferðir. „Þeir komu heim úr harðkjarnaferð eftir þrjá daga og notuðu þá afsökun að Þröstur bassaleikari hefði handleggsbrotnað. Þetta er fræg saga,“ klykkir hann út með. Ósagt skal látið um sannleiksgildið.

101 Reykjavík

Miðbærinn og nánasta nágrenni er höfuðvígi margra hljómsveita og tónlistarmanna af ýmsum toga, og klíkurnar innan hans nánast óteljandi.

Artíliðið

SIGUR RÓS

Fyrst er það sem flestir viðmælendur kjósa að kalla artí-liðið, hópurinn sem einhvern tíma hefði flokkast undir krúttkynslóðina. „Margir vilja ennþá kalla þetta krúttónlist, en málið er að þeir sem eru flokkaðir undir þann hatt verða svo rosalega sárir og fúlir yfir því, jafnvel svo komið hefur til slagsmála. Svo er líka spurning um hversu viðeigandi krútt-titillinn er í dag,“ veltir álitsgjafi fyrir sér, og annar bætir við: „Krúttin héngu mörg í Klink og Bank, sem er ekki lengur til, og fóru svo saman á Sirkus, sem er heldur ekki til lengur. Krútt stóð líklega fyrir einhverja barnalega eiginleika í músíkinni, en það hefur dreifst í miklu fleiri áttir. Ákveðin þróun hefur átt sér stað.“

Útgáfufyrirtækið Kimi Records og vel nýtt æfingahúsnæði við hlið Grand Rokks á Smiðjustígnum eru gjarnan nefnd sem einkennandi fyrir artí-geirann. Hljómsveitir og listamenn á borð við Sigur Rós, FM Belfast, Reykjavík, Borko, Sin Fang Bous, Ólöfu Arnalds, Skakkamanage og „öll Benna Hemm Hemm klíkan,“ eins og einn viðmælandi orðaði það, séu í raun einn stór vinahópur sem hjálpist að, djammi saman, láni hvert öðru hljóðfæri og jafnvel hljómsveitarmeðlimi ef því er að skipta. Litið sé upp til eldri og reyndari manna eins og Orra í Slowblow og Jóhanns G. Jóhannssonar, „manna sem hafa sögu að segja og muna þegar Sykurmolarnir voru enn að spila í einhverjum skítaholum í Reykjavík“.

„Staðalímyndin er auðvitað sú að artí-liðið teikni sjálft myndir framan á geisladiskana sína, noti torkennilegar myndlíkingar í textum og hendi iðulega random bjöllu eða fiðlu í lögin sín,“ vill álitsgjafi meina. Annar segir tengslin aðallega ímyndarlegs eðlis. „Hvernig er fjallað um þau, hvernig þau koma fram á tónleikum, í viðtölum og þar fram eftir götunum. Þau deila svipaðri ímynd.“

Sveitaballaartí

HJALTALÍN

Artí-sveitaballapoppararnir er önnur kreðsa sem líka heldur sig kirfilega innan 101-póstnúmersins. Nöfnin sem helst eru nefnd í því sambandi eru Sprengjuhöllin, Hjaltalín, Motion Boys og Retro Stefson. „Þetta eru grúppur sem eru dálítið artí og míga utan í indíið, en eru ólíkt hressari. Grallaragrín Sprengjuhallarinnar var til dæmis skemmtileg nýbreytni í viðtölum þegar þeir komu fyrst fram. Það var ekkert feimnis-indí-kúl í gangi þar.“

Sprengjuhöllin er af nokkrum kölluð Stuðmenn okkar tíma, og þá ekki í jákvæðri merkingu hjá öllum. „Það er gjarnan litið á þessi bönd

FRAMHALD Á SÍÐU 33

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR

Vildarklúbbur

Flug til Kaupmannahafnar gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

Norðurbrú

Sankt Hans Torv, rétt hjá Nørregade, er skemmtilegt svæði á Norðurbrú þar sem er hellingur af börum, veitingastöðum og kaffihúsum. Kvöldið á Sankt Hans Torv byrjum við með upphitun á Mexibar, kíkjum síðan á Quattro Fontane og endum á nokkrum „öllurum“ á Laundromat!

Mexibar – Frábær, ódýr kokteilbar með mexíkósku þema. Lítill staður og alltaf troðinn en samt tekst manni oftast að fá sæti. Bestu „frozen strawberry daiquiri“ í N-Evrópu. Kokteilar á um 35–40 DKK. Uppáhaldsstaðurinn okkar! Það er „happy hour“ á milli kl. 19:00–23:00 og þá er kostar tvöfaldur sama og einfaldur. Allir ánægðir.

Quattro Fontane – Ódýr, ítalskur veitingastaður. Góðar pizzur á sanngjörnu verði.

Rust – Næturklúbbur, bar og tónleikastaður á nokkrum hæðum á Norðurbrú.

Útivist, garðar og afþreying

Ég mæli með Frederiksberg Have sem er stór garður í Frederiksberg. Það tekur um 10 mín. að hjóla þangað frá miðbænum. Þar er líka Dýragarðurinn í Kaupmannahöfn. Gaman er að fara í lautarferð í Frederiksberg Have í góðu veðri, mikið mannlíf, fólk að hlaupa, hjóla, viðra hundana sína eða sjálft sig. Í garðinum er flott höll, Frederiksberg Slot, sem gerir garðinn enn meira sjarmerandi.

Amager Strandpark

Nauthólsvík Hafnarbúa var nýlega gerð upp. Þarna er troðið af fólki í góðu veðri en líka ágætt að fara í garðinn á veturna ef veðrið er ekki alveg vonlaust. Neðanjarðarstöð við hliðina og stutt að hjóla frá miðbænum, eitthvað um 15 mín.

Dyrehave – Ég hef stundum farið að hlaupa í Dyrehave. Þetta var einkagarður og einkaveiðisvæði kóngafólksins í gamla daga. Enn er þar mikið af hjartardýrum, sem ganga „villt“ og á rölti um garðinn er maður alltaf að mæta spökum dádýrum. Við hliðina á Dyrehave er Dyrehavsbakken eða Bakken, skemmtigarðurinn vinsæli þar sem hægt er að hrista úr sér skógarstemninguna í ótal tívolítækjum.

Tívolí – Alltaf klassískt og alltaf gaman að fara í Tívolí, um jólin, á hrekkjavöku (kvöldið fyrir Allra heilagra messu) eða á sumrin. Hellingur af afþreyingu og nóg af veitingastöðum. Á sumrin eru oft „þekktir” tónlistarmenn með tónleika í Tívolí.

FCK – Aðalklúbburinn í Köben. Gaman að sjá alvöru handknattleik á veturna þar sem Arnór Atla er í fararbroddi.

Miðbærinn

Hoopers – Uppáhaldskaffihúsið okkar. Góðir réttir í hádeginu, geggjað stórt „nachos“ sem er gaman fá sér með vinum + bjór. Á kvöldin um helgar er tveir fyrir einn á kokeilbarnum. Góður staður til að fá sér hressingu í rólegu en „töff“ andrúmslofti.

Heidi´s – Bar í hliðargötu við Strikið. Andrúmsloftið og umgjörðin eiga að minna á Týról og Alpana. Þjónustustúlkurnar í þýskum „Oktoberfest“ búningum. Stór bjór á 40 DKK en oftast góð tónlist og frábær stemning hvort sem maður vill sitja við borð eða dansa á fullu.

Papas – Mexíkóskur, ódýr staður. Ágæt stemmning og góður matur.

Christianshavn

Þarna er gaman að rölta um og skoða falleg hús og notaleg hverfi. Hef brugðið mér í skoðunarsiglingu um Christianshavn kanal; skemmtileg tilbreyting að sjá Kaupmannahöfn frá nýju sjónarhorni.

Eiffelbar – Lítill, ódýr og skemmtilegur staður í Christianshavn, innréttaður í frönskum stíl. Flöskubjór kostar 16 DKK eftir kl. 17:00 og þar er reykt inni.

Istedgade

Borgaryfirvöld segjast vera búin að hreinsa mikið til við þessa götu sem var alræmd þegar danska klámbylgjan reis sem hæst á árum áður. Enn má þó samt finna einhverjar leifar frá gamla tímanum. Það á ekki við um efri hlutann af Istedgade, nær járnbrautarstöðinni, þar sem allt er í sómanum. Þar er gatan bæði snyrtileg og skemmtileg. Mikið af „töff“ kaffihúsum, börum og verslunum.

Jolene – Barinn þeirra Dóru Dúnu og Dóru Takefusa á „kjötmarkaðnum”, kjötiðnaðarsvæði við hliðargötu út frá Istedgade. Þetta er „spes“ bar. Hann er innréttaður eins og Takefusa hafi farið í „Góða hirðinn“ og fengið öll húsgögnin þaðan – engir tveir stólar eins, og húsgögnin ekki yngri en 25 ára. Mjög mismunandi andrúmsloft þarna inni, annaðhvort góð stemmning eða hræðileg. Íslendingar hittast þarna oft.

Karriere – Bar við hliðina á Jolene. Gott að kíkja þangað líka ef maður er á Jolene.

Ritz – Ódýr skemmtistaður í „minimum-stíl“ við hornið á Istegade og Viktoríugötu. Oftast fullt hús, snúðurinn spilar elektrótónlist og drykkirnir bornir fram í plastglösum. Ekkert snobb hérna.

Flug og gisting í 2 nætur frá 47.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Dgi-byen *** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.*

MÍN KÖB

Hjalti Rafn Gunnarsson, námsmaður í Köben

Reykjavík – Kaupmannahöfn frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 4 sinnum á dag.

„LÍFRÆNIR“ VEITINGASTAÐIR Í KAUPMANNAHÖFN

01 Geranium
Veitingastaðurinn Geranium er ekki aðeins talinn á meðal bestu „lífrænu“ matsölustaðanna í Kaupmannahöfn heldur er hann líka á fallegum stað í Kongens Have, garðinum við Rosenborgarhöll.

02 BioM
Þetta er lítill veitingastaður á Austurbrú. Jafnvel málningin á veggjunum er úr náttúruvænum efnum. Á matseðlinum eru léttir réttir eins og salöt og samlokur en einnig eru í boði seðjandi aðalréttir, súpur og eftirréttir.

03 Cap Horn
Í Nýhöfninni er einn af fyrstu „lífrænu“ matsölustöðunum í Kaupmannahöfn. Á sumrin er hægt að sötra „lífrænan“ bjór eða borða máltíðina úti á stórri verönd og virða á meðan fyrir sér gömlu viðarfleyturnar á Nýhafnarsíkinu.

04 Café Chill Out
Café Chill Out er á Friðriksbergi og „lífræna“ kaffið sem þar er á boðstólum er svo sannarlega peninganna virði.

05 Isværket
Ný, „lífræn“ ísbúð var opnuð á Norðurbrú í maí 2008. Ísinn er fluttur inn frá ísverksmiðju Thorkils Boisens á Borgundarhólmi og öll framleiðslan er „lífræn“. Boisen-ís hefur unnið til ýmissa viðurkenninga í Danmörku.

06 Huks Fluks
Þessi notalegi veitingastaður er sólarmegin við Grábræðratorg.

07 Chr. 4's Køkken
Ef fólk langar að fá sér hefðbundinn danskan málsverð í hádeginu, smurt brauð, snafs og öl, er Eldhús Kristjáns IV. kjörinn staður.

08 Gourmandiet
Gourmandiet opnaði lostætis- og kjötbúð á Austurbrú sumarið 2007. Hægt er að kaupa bragðgóða rétti og eftirrétti til þess að taka með sér eða snæða á á MadBar (matarbarnum) sem er bakatil í búðinni.

09 Løgismose
Sælkerabúð sem býður gott úrval af vínum, ostum, ísum og súkkulaðið margrómaða „Summerbird“.

10 Meyers Deli
Danski sjónvarpskokkurinn og matgæðingurinn Claus Meyer opnaði Meyers Deli árið 2005. Þetta er sambland af íburðarlausum matsölustað, sælkeraverslun, kaffibar og matsölu með rétti sem hægt er að taka með sér.

11 Emmerys
Hér má fá bragðgóð brauð og kökur úr „lífrænu“ hráefni, te af öllum gerðum, súkkulaði, vín, olíur, hrísgrjón, pasta og fleira þess háttar. Í tengslum við Emmerysbúðina í Hellerup er veitingastaður þar sem eru bornir fram heitir réttir.

12 Verde Food & Coffee
Þetta er sælkeraverslun sem var nýlega opnuð við Nørre Farimagsgade þar sem „lífrænt“ vottuð vara skipar öndvegi, kaffi, salöt og samlokur. Þarna er tilvalið að gæða sér á nýpressuðum ávaxtasafa eða ískaffi.

13 Klovnbarinn Vinstue 90, *Gammel Kongevej 90*
Dönsku háðfuglarnir í Klovn hafa skemmt mörgum Íslendingnum í sjónvarpi og hafa reyndar fullyrt sjálfir að þeir eigi Íslendingum „heimsfrægðina“ að þakka. Það er því ekki úr vegi að benda á eina af kránum sem koma allnokkuð við sögu í sjónvarpsþáttunum, Vinstue 90 við Gammel Kongevej.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

febrúar 2009

Sænskt sælgæti

Á bolludag er tilvalið að bera fram gerdeigsbollur með rjóma og marsipani.

BLS. 2

Arabískt í aðalrétt

Sigríður Þóra Árdal sækir innblástur til Mið-Austurlanda í matargerð.

BLS. 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynt undir ástríðurnar

Á Valentínusardag er tilvalið að gleðja ástina sína með tilfinningaþrungnum kortum, blómum og góðgæti sem er víst með að hitta beint í hjartastað. Súkkulaði og suðrænir ávextir henta fullkomlega til að leysa ástríðurnar úr læðingi.

Súkkulaði af ýmsu tagi og annað lostæti hefur í seinni tíð verið vinsælt að gefa á Valentínusardag og ekki þykir verra ef viðkomandi útbýr það sjálfur til að undirstrika einurðina sem að baki ástarjátningunni liggur. Þar sem dagur elskenda er nú upp runninn og tíminn naumur fengum við bakarann Stefán Hrafn Sigfússon og José Garcia eiganda veitingastaðarins Caruso til að gefa uppskriftir að réttum sem eru einfaldir, góðir og umfram allt ávísun á velheppnaða og rómantíska kvöldstund.

Suðrænt sælgæti

Ítalskir og suðrænir réttir eru hvað mest áberandi á matseðli veitingastaðarins Caruso og hefur meirihluti réttanna verið á boðstólum síðastliðin tíu ár. „Við bryddum þó reglulega upp á nýjungum en svo hafa sumir réttir farið af matseðli og komið aftur eftir áskoranir gesta,“ segir eigandinn Luis Freyr José Garcia glaðlega og nefnir þar djúpsteiktan camemb-

FRAMHALD Á BLS. 4



NÝJUNGAGIRNIN VEX MEÐ ALDRINUM

Sólveig Gísladóttir skrifar



Eftir stúdentspróf héldu þrjár vinkonur í fimm vikna Interrail-ferðalag um Evrópu. Ferðinni var heitið víða, frá Þýskalandi til Tékklands, gegnum Austurríki og loks niður Ítalíu. Reynslan var ómetanleg og þroskandi fyrir lítt veraldarvanar stúlkur ofan af landi ísa. Þær gistu á alræmdri lestarstöð í Þýskalandi, lærðu á lítt skiljanlegt lestarkerfi Tékka, eignuðust vini frá hinum ýmsu löndum, skoðuðu Davíð eftir Michelangelo og urðu fyrir áreiti á bökkum Moldár.

Öll eru þessi lönd þekkt fyrir mismunandi matarmenningu. Í Þýskalandi borða menn bratwurst í gríð og erg, í Tékklandi eru soðkökur, knedlíky, borðaðar með ýmsum steikum og drukkinn með heimsfrægur tékkneskur bjór á borð við Pilsner Urquell. Vínarsnitzel og Sachertertur fást um allt Austurríki og Ítalía er land spagettís, pitsu og pasta. Auk þess er ítalski ísinn, gelato, alveg sér á báti.

Þrátt fyrir þessar allsnægtir matar virtist leið þessara þriggja stúlkna allt of oft liggja framhjá þjóðlegum veitingastöðum og inn í alþjóðlegar keðjur. Staðir eins og McDonalds, Kentucky Fried Chicken og Burger King voru dyggilega studdir af stúlkunum sem sátu og tuggðu plastkennda borgara innan um ameríska túrista.

Nokkrum árum síðar áttuðu þær sig á því af hverju þær höfðu misst enda er stór hluti þess að kynnast menningu landa að upplifa matarhefðir þeirra. Ef þessar stúlkur tækju sig upp í dag og héldu í viðlíka ferðalag yrði vissulega ekki arkað framhjá krúttlega veitingahúsinu í kjallaraholu sem lofaði rússneskum kræsinum en gúmmíborgarar og djúpsteiktar hænur yrðu látnar eiga sig.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · E Eftirréttur · Til hátíðabrigða · Hvunndags/til hátíðabrigða · Kökur · Sætindi · Fuglakjöt · Grænmeti



Susanne Lindkvist bakar sænskar gerbollur með marsipani og rjóma á bolludaginn en vatnsdeigsbollur eru ekki vinsælar á heimilinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÆNSKT OG SÆTT

Bolludagurinn nálgast óðum og margir komnir með vatn í munninn. Ekki eru allir hrifnir af rjómafylltum vatnsdeigsbollum en þá eru önnur ráð. Sænskar bollur gætu hentað þeim sem vilja nýjungar.

Nammi namm!

Susanne Lindkvist flutti til Íslands frá Svíþjóð fyrir fjórtán árum. Hún segir krakkana sína aldrei hafa verið hrifna af íslenskum vatnsdeigsbollum á bolludaginn svo hún bakar sænskar gerdeigsbollur og fyllir þær með ekta marsipani og þeyttum rjóma.

„Fólki í kringum okkur finnst þessar bollur algert lostæti," segir Susanne. „Nágrannakrakkarnir og vinir þeirra hafa fengið að smakka og finnst þetta alveg rosalega góðar bollur. Ég baka þær öðru hverju og oft í kringum bolludaginn en það er svolítið vesen að búa þær til. Ég veit ekki til þess að þessar bollur þekkist annars staðar en í Svíþjóð. Sums staðar í Svíþjóð eru þær settar í skál, mjólk hellt út á og borðaðar þannig. En ég er frá Suður-Svíþjóð og þannig borðum við ekki bollur," segir Susanne hlæjandi. Hún mælir að lokum með dönsku marsipani í bollurnar sem sé hægt að kaupa í Bónus. - rat

BOLLUR SUSANNE

20 sænskar bollur

50 g ger
100-150 g smjörlíki
5 dl mjólk
½ tsk. salt
1 dl sykur
1,4 dl hveiti

Bræðið smjörlíki og bætið mjólk út í og hitið við 45° C. Blandið hveiti, sykri, salti og þurrgeri saman í skál og hellið vökvanum saman við. Hnoðið deig samt ekki of mikið. Látið það lyfta sér í 40 mín. við stofuhita, undir viskastykki. Hnoðið deig aftur, skiptið í tvennt, mótið tíu bollur úr hvorum hluta og látið þær lyfta sér í 25 mín. Bakið við 225° C í 10 til 13 mín.

Látið bollur kólna. Þeytið vel ¼ líter rjóma. Hrærið ekta marsipani saman við örlitla mjólk. Skerið lok af bollum. Setjið eina teskeið af marsipani og rjóma inn í hverja. Setjið lok á og stráið flórsykri yfir. Verði ykkur að góðu!

VERSLUN SÆLKERANS

Súkkulaði og rósir

Í Súkkulaði og rósum fæst góðgæti fyrir líkama og sál og eitt og annað sem er til þess fallið að gleðja elskuna á Valentínusardaginn. „Megnið af súkkulaðinu er frá Hafliða Ragnarssyni súkkulaðimeistara sem er mikill ævintýramaður á sínu sviði og leikur sér með alls kyns bragðtegundir," segir Edda Heiðrún Bachman eigandi verslunarinnar. Súkkulaðinu er pakkað inn af einstakri smekkvísi og nú á Valentínusardaginn fást sérstakir truffle-fylltir hjartamolar og hjartalaga öskjur. „Þá höfum við útbúið nokkrar tegundir af gjafakörfum með servíettum, ilmkertum, súkkulaði og blómum."

Rík áhersla er lögð á íslenskt vöruúrval og koma öll blómin í versluninni frá íslenskum blómabændum. Þá annast starfsfólk verslunarinnar blómaskreytingar fyrir hin ýmsu tilefni og má þar nefna brúðkaup og jarðarfarir. Sérstaklega gott aðgengi er fyrir fatlaða og fólk með barnavagna að versluninni, sem er til húsa að Hverfisgötu 52, og þar er ávallt heitt á könnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Pennar:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Spáðu í hvítkál

Áhugaverðar staðreyndir um spádómsgáfu hvítkáls og viðbrögð þess við ísvatni

Geymist best óþvegið í ísskáp og í plastfilmu eða poka

Er sérstaklega næringarríkt í stönglinum sem er bestur eftir 20 mínútna suðu

Er mjög ríkt af C-vítamíni og inniheldur mjög lítið af kalorium

Er hægt að endurlífga ef kálið er orðið slappt með því að leggja það í ísvatn í 30 mínútur

Minnkar líkur á myndun krabbameinsfruma

Er algjörlega fitusnautt og án kólesteróls

Er notað til að spá fyrir um framtíðina með því að sjóða kálhaus og lesa úr kálblöðunum

Er næringarríkast í ystu blöðunum

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍA IS SFG A1 470 07/08

Stál í stál

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍ.IS • SÍA

» Skálarnar frá þýska fyrirtækinu Rösle eru fallegar og endingargóðar en fyrirtækið hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr ryðfríu stáli í nær hundrað ár. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Kókosís að hætti Caruso er einfalt að útbúa en hann nýtur ávallt vinsælda að sögn José.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ert og lasanja. José, sem er arkitekt frá Hondúras, keypti ásamt eiginkonu sinni staðinn fyrir tíu árum, sem hefur verið við lýði frá árinu 1994.

José er ekki kokkur en hefur séð um að hanna pítsur staðarins sem sumar hverjar hafa verið búnar til eftir óskum gesta og nefndar eftir þeim. Til dæmis er ein pítsa á matseðli sem heitir Ragna.

Þá kemur að hinum girnilegu réttum sem kokkurinn Seffredie Gocong skreytti á rómantískan hátt í tilefni Valentínusardags. „Kókosísinn hefur verið á boðstólum í rúm tíu ár. Hann er búinn til á staðnum og er sívinsæll," segir José en um tíma var einnig í boði djúpsteiktur kókosís en vinsældirnar voru of miklar því djúpsteikingarpotturinn kólnaði sífellt.

Fljótandi súkkulaðikakan hefur verið á matseðli í rúm sex ár. „Ég held að við höfum verið fyrst til að vera með fljótandi súkkulaðiköku á Íslandi," segir José en það var vinur hans og kokkur á staðnum sem kom með hugmyndina.

Luis Freyr José Garcia býður upp á ítalska og suðræna rétti á Caruso.

Ljúffengt og lostavekjandi

Allt frá dögum Asteka til okkar tíma hefur neysla súkkulaðis verið tengd munaði og frjósemi og fyrir því liggja rannsóknir sem sýna að í því séu efni sem leysi sælutilfinningu úr læðingi. Ekki skal því undra að vinsælt sé að færa elskhuga sínum þetta eftirsótta góðgæti á Valentínusardag þegar hefð er fyrir að láta ást sína í ljós með ýmsu móti.

Stefán Hrafn Sigfússon, bakari hjá Mosfellsbakaríi, er ekki í nokkrum vafa um þessi meintu

RÉTTIR MEÐ RÓMANTÍSKU ÍVAFI

KRÆSINGAR CARUSO

FLJÓTANDI SÚKKULAÐIKAKA

Fyrir 4

100 g súkkulaði 70%
100 g smjör
50 g sykur
3 stk. egg
26 g hveiti

Hitið ofninn í 180°C. Bræðið súkkulaði og smjör saman við vægan hita og kælið aðeins. Þeytið egg og sykur saman. Blandið bræddu súkkulaði og smjöri varlega út í. Bætið að lokum hveitinu saman við.

Setjið í form og bakið í 7 til 8 mínútur. Stráið flórsykri yfir og skreytið með ferskum berjum.

CARUSO KÓKOSÍS

Fyrir 4

2 eggjarauður
1 heilt egg
3 dl rjómi
70 g sykur
½ pakki kókosduft
1 msk. kókosmjöl
50 g kókosmjólk
1 tsk. kókos-essens
1 tsk. malibu-líkjör (má sleppa)
2 msk. súkkulaðispænir

Þeytið rjómann létt. Þeytið egg, eggjarauður og sykur vel saman. Blandið öllu saman, setjið í form og frystið. Berið fram með karamellusósu og ávöxtum.

EFTIRRÉTTUR STEFÁNS

BAKAÐ SÚKKULAÐI-MOUSSE

Fyrir 6

150 g 70% súkkulaði
100 g ósaltað smjör
1 stk. egg
30 g sykur

Setjið súkkulaði og ósaltað smjör í skál og bræðið yfir vatnsbaði. Þeytið saman egg og sykur, þar til blanda er ljós og vel þykk. Hellið súkkulaðiblöndu (má ekki vera yfir 50°C) saman við. Blandið varlega saman, annars gæti kakan fallið saman við baksturinn). Setjið í 6 lítil form (5 cm í þvermál og 2,5 cm á hæð) eða eitt stórt (20cm í þvermál). (Formin er best að leggja á álpappír og brjóta upp á kantana svo deigið leki ekki út fyrir við baksturinn.) Forhitið ofn í 170 gráður og bakið efst í 8-10 mín. Þegar yfirborðið er slétt

SÓLARSPEGILL
Kenneth Wingard hefur hannað veggspegil sem minnir á sólina og er búinn skemmtilegum eiginleika. **BLS. 4**

Í UPPÁHALDI
Eftir Þórdísi Zoega húsgagnahönnuð liggja ýmis verk en hún heldur þó mest upp á stólinn Sess. **BLS. 3**

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 14. FEBRÚAR 2009

Notað og nýtt

● Síðustu mánuði hefur skapast nýr grundvöllur fyrir sölu notaðra hluta. Í Mörkinni 1 verður verslunin Notað og nýtt opnuð formlega í dag en þar má koma ýmsum vörum í umboðssölu. Jón Halldór Bergsson, annar eigenda, segir verslunina góðan vettvang fyrir þá sem vilja koma ýmsum munum í verð.

„Við tökum hvað sem er í umboðssölu," útskýrir Jón Halldór Bergsson, annar eigenda verslunarinnar Notað og nýtt. „Fólk er með stútfullar geymslur heima og mörg fyrirtæki eru að hætta rekstri með ákveðna vöruflokka sem við getum þá tekið að okkur í umboðssölu. Við verðum því bæði með notað og nýtt."

Eigendurnir hófu að taka við vörum í vikunni og segir Jón Halldór að viðtökurnar hafi farið fram úr vonum. Vörurnar séu í raun bornar út jafnharðan og þær eru bornar inn. Hann segir nýju verslunina ekki beinlínis byggjast á hugmyndinni um kompueða skransölu en þarna geti fólk komið góðum hlutum í verð. Hlutirnir geta verið í sölu í átta vikur til að tryggja endurnýjun á úrvali. „Við komumst að samkomulagi um hvað varan á að kosta og tökum

FRAMHALD Á BLS. 2

„Þetta er auðvitað ekki skemmtilegt ástand en þarna fær fólk tækifæri til að breyta dóti í peninga."

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kíkt í fjársjóðskistuna

● Loftljós frá fyrirtækinu Kari.

Þetta skemmtilega loftljós er á meðal þeirra nýju húsmuna sem verða seldir í bland við notaða hluti í versluninni Notað og nýtt. Að sögn Jón Halldórs kemur það frá þýska fyrirtækinu Kari og er því gott dæmi um þá hágæða vöru sem má finna í búðinni. Líkt og aðrir nýir munir sem þar eru á boðstólum er ljósið á töluvert lækkuðu verði.

OSO HOTWATER



Olíufylltir rafmagnsofnar
Allt til rafhitunar

Norskir hitakútar

Brenna ekki rykagnir. Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.

WÖSAB

10 ára ábyrgð

• Úr ryðfríu stáli
• Fyrir sumarhús og heimili
• Yfir 30 ára reynsla hérlendis

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Fléttuvellir 36
221 Hafnarfjörður
Frábært verð á einbýli

Stærð: 232 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

Opið hús sunnudag 15.feb 16 - 16:30 | **Verð: 49.900.000**

Besta verðið í Hafnarfirði Sérlega glæsilegt og bjart fullbúið einbýlishús að Fléttuvöllum 36 í Hafnarfirði. Húsið er mjög vandað í alla staði og vel staðsett. Vandaðar eikar/hvítar sprautulakkaðar innréttingar með granítborðplötum. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, tvö baðherbergi, stórt eldhús með lítilli eyju. Fullklárað þvottahús með hvítum innréttingum. Stór stofa og borðstofa. Rúmgóður bílskúr Stuttur afhendingartími. Allar upplýsingar gefur Hannes s699-5008

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Hannes Steindórsson
699-5008
hannes@remax.is

RE/MAX Lind

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Hlaðbrekka 4
Kópavogur
Fallegt einbýli á mjög góðu verði.

Stærð: 183 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 25.950.000
Bílskúr: Já

Opið hús sunnudag 15.feb frá 15-15:30 | **Verð: 39.900.000**

Hannes kynnir: Fallegt og mjög vel staðsett einbýli á frábærum stað í Kópavogi með auka íbúð sem er í útleigu. Efri hæð: skiptist í 3 rúmgóð herbergi, Flísalagt baðherbergi, hol,möguleiki á þvottahúsi, stofu og eldhús. Gólefni á stofu og holi er eikarparket. Neðri hæð: skiptist í eitt til tvö herbergi, eldhúskrók og stofu og baðherbergi. Bílskúr: rúmgóður sem er með innréttuðu herbergi og þvottaaðstöðu. Garður: Stór garður með glænýjum og velbyggðum sólpalli með heitum potti.

Hannes Steindórsson
699-5008
hannes@remax.is

RE/MAX Lind

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Íbúðir óskast strax

Höfum verið beðnar um að leita eftir íbúðarhúsnæði í öllum stærðum og gerðum, með yfirtakanlegum lánum, fyrir ákveðinn kaupanda. Allar tegundir íbúðarhúsnæðis koma til greina.

Upplýsingar um eignir óskast sendar á volur@volur.is

Völur
Fasteignasala
Stórhöfða 21, 110 Reykjavík
sími 5108000, www.volur.is

Valborg S. Jónsdóttir og Steinunn A. Frímannsdóttir
Löggilt fasteignasalar

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ýmissa grasa kennir í búðinni þar sem hægt er að fá sófa, golfsett og margt fleira.

35 prósent í okkar hlut. Um leið og varan selst leggjum við inn á reikning viðkomandi aðila," útskýrir Jón Halldór. Hann segir greinilega löngu tímabært að opna verslun sem byggist á umboðssölu því ekki sé vandamálið að selja hlutina. „Undanfarin ár hefur fólk bara ekki litið á þessa hluti sem verðmæti en nú er landslagið breytt. Bæði einstaklingar og fyrirtæki eru að minnka við sig. Þetta er auðvitað ekki skemmtilegt ástand en þarna fær fólk tækifæri til að breyta dóti í peninga."

- rat

Jón Halldór Bergsson segir verslunina þegar hafa vakið töluverða athygli.

BRÚNÁS innréttingar

Brúnás–innréttingar eru íslensk hönnun og íslensk framleiðsla, framleiddar af trésmíðaverkstæði Miðás hf. á Egilsstöðum. Þær eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Í sýningarsal og verslun Brúnás-innréttinga, Ármúla 17a í Reykjavík, býðst viðskiptavinum fagleg þjónusta og ráðgjöf innanhússhönnuða við val á Brúnás–innréttingum. Sýningarsalur er svo einnig á Egilsstöðum að Miðási 11, í sömu byggingu og framleiðslan fer fram í. Þar er einnig að finna aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Miðás 9, 700 Egilsstaðir, sími: 470 1600, fax: 471 1074
Ármúli 17a, 108 Reykjavík, sími: 588 9933, fax: 588 9940

KÆRLEIKSHÁTÍÐ verður haldin í hjarta Reykjavíkurborgar í dag klukkan 18. Gengið verður frá Austurvelli að tjörninni og síðan í kringum hana í eins konar meðmælagöngu þar sem mælt er með hlýju, kærleika og ást.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af íslenskum sófum
Íslensk framleiðsla - Íslensk hönnun - Íslensk framtíð

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Ástarfuglarnir Beggi og Pacas kunna að lifa lífinu í gleði og þökk fyrir hvern dag sem Guð gefur. Hér eru þeir sælir saman á Kaffi Sólon þar sem málverk Pacasar eru sýnd um þessar mundir. Sýningin stendur fram í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valentínus er fimmtugur

Rómantík, blóðhiti og lífsnautnir eru aðalsmerki dagsins, eins og mannsins sem fæddist undir funheitri sólu í Brasilíu fyrir hálfri öld, en lifir nú í ást og samlyndi á ísaköldu landi þar sem eldur kraumar undir.

„Pacas er blóðheitur Suður-Ameríkani sem finnst hann vera Valentínus sjálfur, svo í dag má segja að Valentínus standi á fimmtugu," segir Guðbergur Garðarsson sem þjóðin þekkir betur sem Begga, betri helming Pacasar, en saman unnu þeir veruleika- og hönnunarþáttinn Hæðina í fyrra.

„Pacas velti því einu sinni fyrir sér að breyta nafni sínu í Valentínus, en það þótti mér einum of mikið af því góða," segir Beggi og skellihlær. „Mér finnst dásamlegt við Pacas hve ríkulega hann býr yfir jákvæðri hugsun. Honum er lífsnauðsynlegt að vera jákvæður, glaður og hamingjusamur, og hann dvelur aldrei við fortíðina heldur lifir fyrir daginn í dag og líður eins og 25 ára þótt fimmtugsafmælið blasi við sem veruleiki í dag."

Beggi ætlar að halda sínum heittelskaða mikið afmælishóf. „Í öllu kreppuhjalinu ætlum við að elda með hjartanu handa vinum og vandamönnum og hlýja hvert öðru með söng, dansi og skemmtilegheitum. Við erum svo ríkir að eiga mikið af góðum vinum sem vilja leggja hönd á plóg með skemmtiatriði og erum orðnir virkilega spenntir fyrir kvöldinu," segir Beggi, en þeir Pacas ætla að taka forskot á veisluhöldin með þjóð sinni yfir miðjan daginn. „Húsbændur í Smáralind ætla að bjóða upp á dýrindis hjartalaga Valentínusartertu sem við Pacas skreytum af natni og skerum niður ofan í gesti og gangandi," segir Beggi fullur tilhlökkunar og segist hafa fundið rómantíska sál sína vaxa eftir að leiðir þeirra Pacasar lágu saman. „Við erum báðir ástarinnar menn og njótum þess að hafa fallegt og rómantískt í kringum okkur. Valentínusardag ber náttúrlega upp á afmælisdag Pacasar, og hefur frá fyrsta degi veitt okkur ómælda gleði. Ég veit að margir setja upp snúð og kalla hann amerískan tökudag, en mér finnst við ættum öll að baða okkur í dulúð og ástríðu rauða litarins, sem og rómantík dagsins, ef það á annað borð getur skapað okkur hamingju og gleðilegar stundir."

thordis@frettabladid.is

Steinsmíði – hoggið í stein



Tækniskólinn býður upp á námskeið þar sem kennd eru undirstöðuatriði í almennri steinsmíði og höggverki. Þátttakendur hanna og smíða hlut úr steini. Námskeiðið er í samvinnu við Steinsmiðju S. Helgason.

Tími: 23. feb. - 14. mars, alls 35 klst.

Námskeiðsgjald: 36.900 kr.

Nánari upplýsingar fást í s. **514 9601** og á **ave@tskoli.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

zetor

www.tskoli.is

HELGIN

TANGÓMARAÞON verður haldið í Leikhúskjallaranum við Hverfisgötu frá klukkan 11 til 3 svo dansinn dunar fram á nótt. Sérstakur kvöldverður að hætti Sigga Hall verður í tilefni af Valentínusardegi og er hægt að panta borð í síma 585 1295.

Allir 550 nemendur Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar koma fram á tónleikum á miðsvetrarhátíðinni sem stendur fram á miðvikudag.

Dans og barokk

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar heldur miðsvetrarhátíð sem stendur til 18. febrúar.

„Við brjótum upp skólastarfið í eina viku, byrjuðum á fimmtudag og endum á miðvikudaginn kemur," segir Sigursveinn Magnússon, skólastjóri Tónskóla Sigursveins. „Þá er ekki hefðbundin kennsla heldur spila krakkarnir fyrir hver annan," segir Sigursveinn en tvennir stuttir tónleikar verða á hverjum degi.

Slík miðsvetrarhátíð hefur verið haldin í nokkur ár og ávallt mælst vel fyrir. Hver hátíð hefur sitt stef, í fyrra voru það íslensk þjóðlög en í ár er það dans og barokk.

„Þetta er mjög vinsælt og foreldrar eru ótrúlega duglegir að mæta," segir Sigursveinn en skólinn setur það markmið að allir nemendur hans komi fram í þessari viku. Það er ekki lítið afrek enda eru nemendurnir um 550 talsins.

„Við reynum að gefa hverjum tækifæri við sitt hæfi. Yngstu nemendurnir koma fram í hópum en þeir eldri einir eða í litlum grúppum," segir Sigursveinn. Nánari upplýsingar um tónleika er að finna á www.tonskolinn.com

- sg

Óþekktar ljósmyndir

Gestir eru beðnir um aðstoð við að finna út hvert myndefnið er á ljósmyndum á sýningu í Minjasafninu á Akureyri.

Á Minjasafninu á Akureyri verður opnuð í dag sýning á 80 óþekktum ljósmyndum úr eigu safnsins undir yfirskriftinni Þekkir þú…áningarstaðinn? en óskað er eftir aðstoð sýningargesta við að koma nafni á áningarstaðina sem og andlit þeirra sem þar áðu.

Á sýningunni má meðal annars finna nokkrar litmyndir sem taldar eru meðal þeirra elstu á landinu auk þess sem hluti myndanna er úr eigu Ferðafélags Akureyrar.

Sýningin er opin frá klukkan 14 til 16 allar helgar til 15. mars. *- eö*

Þekkir þú…áningarstaðinn?

Myndir frá Hornafirði

Hornfirskir áhugaljósmyndarar opna sýningu í Pakkhúsinu á Hornafirði í dag.

„Við ákváðum að auglýsa eftir áhugasömum ljósmyndurum til að búa til sýningu," segir Guðlaug Pétursdóttir hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Þar verður í dag opnuð sýning á 340 ljósmyndum 39 áhugaljósmyndara.

Sendar voru inn yfir 500 myndir en Sigurður Mar ljósmyndari var fenginn til að velja 27 myndir sem settar voru í ramma. Yfir 300 myndum verður síðan varpað upp á vegg af skjávarpa. „Þar eru þær flokkaðar niður í þrjá flokka, mannlíf, landslag og ýmislegt," útskýrir Guðlaug.

Sýningin fer fram í Pakkhúsinu sem er eitt af elstu húsum Hafnar og var byggt laust eftir 1930. Pakkhúsið var gert upp og opnað sumarið 1997 af forseta Íslands sem sjóminjasafn með sýninga- og veitingaaðstöðu.

Sýningin stendur yfir í þrjár vikur. Opið verður um helgar og einu sinni í viku að kvöldi.

„Við ætlum að reyna upp úr þessu að virkja áhugaljósmyndara á svæðinu og stofna félag," segir Guðlaug og segir hugmyndir uppi um að búa til sölusíðu enda margir á svæðinu með áhuga á ljósmyndun.

Myndin sem fylgir er eftir 17 ára Hornafjarðarmær, Þórgunni Þórsdóttur. *- sg*

Falleg mynd eftir Þórgunni Þórsdóttur.

Námskeið í Heilsuhúsinu

30 ára heilsuhúsið

Langar þig að breyta mataræðinu til batnaðar en veist ekki hvar þú átt að byrja?

Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.

Á námskeiðinu verður fjallað um:

- *Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!*
- *Hvernig verðum við okkur úti um rétt næringarefni*
- *Hvernig við getum öðlast meiri orku og vellíðan*

Þriðjudaginn 24. febrúar kl: 20 - 22 í Heilsuhúsinu í Lágmúla.
Mánudaginn 2. mars kl: 20 - 22 í Heilsuhúsinu á Akureyri.

Upplýsingar og skráning í síma: 899 5020 eða á eig@heima.is
Verð pr. mann: 3.500 kr.

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Ebba Guðný kennir hvernig má búa til hollan og góðan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Meðal annars er farið yfir á hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær. Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir fylgja með námskeiðinu og verða nokkrir réttir og drykkir útbúnir á staðnum og allir fá að smakka. Þeim sem sækja námskeiðið býðst auk þess að kaupa bókina ***Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?*** með 10% afslætti.

Þriðjudaginn 17. febrúar kl: 20 - 22 í Heilsuhúsinu í Lágmúla.

Upplýsingar og skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com. Verð pr. mann: 3.500 kr.

Hentugt, Hagkvæmt, Hollt og Gott!

Auður Ingibjörg Konráðsdóttir heilsukokkur með meiru heldur matreiðslunámskeið í Heilsuhúsinu. Auður mun sýna fram á hversu einfalt, fljótlegt og budduvænt það er að útbúa gómsæta rétti úr heilsusamlegu hráefni.

Fimmtudaginn 26. febrúar kl: 19 - 21:30 í Heilsuhúsinu í Lágmúla.

Upplýsingar og skráning í síma 865 5576 eða á heilsukokkur@gmail.com. Verð pr mann: 5.200 kr.
Innifalið er uppskriftamappa og sitthvað gott að smakka fyrir alla.



HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE (VITUS BERING DENMARK) Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Aðgangsnámskeið

KYNNINGARDAGUR Í NORRÆNA HÚSINU Í REYKJAVÍK:

Fulltrúar skólans, Eva Þrastardóttir, Johan Eli Ellendersen og Anders Møller verða á Íslandi (Norræna húsinu) laugardaginn 21. febrúar 2009, frá kl. 11-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 5901400 (Hótel Plaza). Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka eða hringið beint í Johan í síma 8458715.

WWW.VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 8755 4000
FAX: +45 8755 4001
MAIL: TEKMERK@VIAUC.DK

VIA UNIVERSITY COLLEGE

Manneskjan öll undir

Námskeið sem ber yfirskriftina Nútímasjúkdómar verður haldið í Sólheimum í Grímsnesi um helgina. Þar fjallar mannspekilæknir um það hvernig sjúkdómar geta leitt af sér jákvæðar breytingar og betra líf.

Hollenski mannspekilæknirinn Aart van der Stel mun leiða kynningarnámskeið sem ber yfirskriftina Nútímasjúkdómar á Sólheimum í Grímsnesi um helgina en þar kynnir hann megináherslur í mannspekilækningum (Anthroposophical Medicine).

Á námskeiðinu verða tengsl nútímasjúkdóma við líðan og lifnaðarhætti skoðuð og farið dýpra í sjúkdóma eins og ofnæmi, offitu, streitu og óútskýrða meltingarsjúkdóma. „Við reynum að svara spurningum eins og hvers vegna við verðum veik, hverjar hætturnar séu, hvaða innri og ytri þættir hafi áhrif og hvað manneskjan getur gert," segir Aart sem kemur til Íslands nokkrum sinnum á ári og heldur námskeið og fyrirlestra ásamt því sem hann starfar sem skólalæknir í Waldorfsskólanum í Lækjarbotnum. Hann er læknir að mennt en mannspekilæknir að auki. Slíkar lækningar eru ávallt framlenging á hefðbundnum lækningum og koma ekki í staðinn fyrir þær. Í mannspekilækningum er lögð áhersla á heildræna meðferð. Sjónum er þá ekki eingöngu beint að því að meðhöndla sjúkdóma heldur manneskjuna alla.

„Það hafa á öllum tímum verið til svokallaðir nútímasjúkdómar sem fólk hefur ekki kunnað skýringar á en síðar fundið orsök og lækningu við," segir Aart. „Við erum meira að velta því fyrir okkur hvað sjúkdómar séu og hvers vegna fólk fær ákveðnar tegundir. Eitt af lykilorðum mannspekinnar er myndun eða þróun. Ég trúi því að sumu fólki sé ætlað að þróa með sér ákveðna sjúkdóma sem svo leiða til þess að það breytir lífi sínu. Fólk ætti auðvitað að forðast það að fá hættulega sjúkdóma en þegar þeir eru til staðar getur það litið á þá sem tækifæri til að gera breytingar og verða betri manneskjur.

Á námskeiðinu verða tengsl nútímasjúkdóma við líðan og lifnaðarhætti skoðuð og farið dýpra í sjúkdóma eins og ofnæmi, offitu, streitu og óútskýrða meltingarsjúkdóma. MYND/STEFÁN

Aart segir að vitaskuld séu notaðar hefðbundnar lækningar til að meðhöndla alvarlega sjúkdóma en að mannspekilækningar bæti ýmsu við. „Meðferðin þarf ekki alltaf að snúast um að fjarlægja sjúkdóminn, þó að það sé auðvitað nauðsynlegt í alvarlegum tilfellum, heldur að fá manneskjuna til að vinna á honum sjálf. Þetta snýst því um að komast að rót vandans, hvort sem um er að ræða sálræna eða utanaðkomandi þætti, og gera breytingar. Ef við meðhöndlum sjúkdóma eingöngu með aðgerðum og lyfjum en komumst ekki að rót vandans þá leiðir sjúkdómurinn ekki af sér neinar jákvæðar breytingar, segir Aart.

Námskeiðið stendur alla helgina og er fullt fæði og gisting innifalið í námskeiðsgjaldi. Nánari upplýsingar fást í síma 869-7673.

vera@frettabladid.is

AFS á Íslandi

Hittu heiminn með AFS

AFS á Íslandi óskar eftir umsækjendum um tvo stóra námsstyrki til skiptinemadvalar í Noregi og í Egyptalandi.

Umsækjendur verða að uppfylla öll þau almennu skilyrði sem sett eru AFS skiptinemum og sjá má nánar á heimasíðu félagsins www.afs.is.

Umfram það verða umsækjendur að hafa sérstakan áhuga á menningu og tungumáli þjóðanna og æskilegt er að umsækjandi um styrkinn til Egyptalands hafi áhuga á mið-austurlöndunum, arabísku og Islam.

Umsækjendur verða að vera á aldrinum 15 til 18 ára og hægt er að sækja um rafrænt á www.afs.is eða fá senda pappírsumsókn.

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri íslenskra nema Ólöf í sima 5525450 eða á skrifstofu AFS, Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík.

Hugsaðu öðruvísi – *gerðu eitthvað nýtt!*

Kári ætlar að bjóða Vestmannaeyingum upp á ástarsögur og ljóð í poka um helgina.

Ást í poka

Um helgina geta safngestir Bókasafnsins í Vestmannaeyjum fengið að láni poka með rómantískum bókum.

„Við ætlum í tilefni Valentínusardagsins að bjóða upp á ástarpoka. Þá setjum við í pokana tvær til þrjár bækur sem fólk getur tekið með sér en það fær ekki að vita hvaða bækur fyrr en heim er komið," segir Kári Bjarnason forstöðumaður Bókasafnsins í Vestmannaeyjum.

Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á slíka ástarpoka í Eyjum en Kári fékk hugmyndina í fyrra þegar hann var staddur á Valentínusardaginn í dönsku bókasafni. „Þá fannst mér vanta að draga fram þennan dag á safninu."

Bækurnar í pokunum eru af ýmsum toga en alls ekki bara Rauða serían. „Ástarbækur eru til í svo mörgum litbrigðum," segir Kári en í pokunum geta verið ljóðabækur og ástarsögur og allt þar á milli. *- sg*

Sevilla

23.-26. apríl

Hin glæsta höfuðborg Andalúsíu!

Frábært sértilboð - mjög fá sæti í boði!

Heimsferðir bjóða nú frábæra helgarferð, á sumardaginn fyrsta til Sevilla höfuðborgar hins einstaka Andalúsíuhéraðs á Spáni. Sevilla er einstaklega fögur borg, rík af sögu og stórfenglegum byggingum, s.s. Dómkirkjunni með Giraldaturninn þeirri þriðju stærstu í heimi. Í miborginni og hinum eldri hlutum borgarinnar er einstök stemmning, þröngar götur, veitinga- og kaffihús og heillandi torg. Auk þess er óendanlegt úrval verslana í borginni. Vorið bregður Sevilla í sinn fegursta búning og hún skartar öllu sem hún hefur til að bera. Bjóðum frábært sértilboð á góðri gistingu, Suites Vega del Rey. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð þar sem tíminn nýtist einstalega vel, en flogið er út að morgni fimmtudags (sumardagsins fyrsta) og komið heim að kvöldi sunnudags (aðeins einn vinnudagur).

Beint morgunflug
- á sumardaginn fyrsta

Frá kr. **69.990**
Netverð á mann. Sértilboð. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Suites Vega del Rey með morgunverði í 3 nætur. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 5.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.200.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

AF LAGER
Á LÆGRA VERÐI

NÚ BJÓÐUM VIÐ ÁKVEÐNAR GERÐIR ELDHÚS, BAÐ - OG ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGA, EINNIG FATASKÁPA TIL AFGREIÐSLU AF LAGER (MEÐAN BIRGÐIR ENDAST) MEÐ 25% AFSLÆTTI.

SÝNINGAINNRÉTTINGAR MEÐ 60% AFSLÆTTI
Vegna breytinga á vöruvali seljum við nú einnig nokkrar sýningainnréttingar með 60% afslætti.

25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRÉTTINGU !



ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

SNAIGE SCÖN ELBA

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • www.friform.is

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

HÖNNUN nokkurra ungra íslenskra hönnuða verður til sýnis í Kraum, Aðalstræti 10, frá klukkan 12 til 17 í dag. Hönnuðirnir eru Örn Smári Gíslason, Stefán Pétur Sólveigarson og Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir.

Rómantískur íburður

Brúðarkjólahönnuðurinn Gina K lék sér með vísanir í Viktoríutímann á brúðarkjólasýningu í Beirút á dögunum. Þar mátti sjá efnismikil pils og slóða á móti aðsniðnum efripörtum.

Brúðarkjólar eru mikið augnayndi enda til þess fallnir að heilla makann endanlega upp úr skónum. Þeir hafa þó ekki síður afþreyingargildi og eru þær ófáar konurnar, giftar jafnt sem ógiftar, sem liggja yfir brúðarkjólablöðum og velta fyrir sér mismunandi sniðum og slörum.

Hönnuðurinn Gina K lagði sitt til málanna á brúðarkjólasýningu í Beirút á dögunum. Þar mátti sjá vísanir í Viktoríutímann með tilheyrandi íburði.

vera@frettabladid.is

Íburður með bleiku ívafi.

Sannkallaður prinsessukjóll.

Því fer fjarri að allar konur gifti sig í hvítu.

Aðalfundur

Aðalfundur Kjósarsýsludeildar Rauða kross Íslands
verður haldinn miðvikudaginn 25. febrúar kl. 20 í Þverholti 7

Dagskrá: **Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál**
Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

MC PLANET
Austurhrauni 3
210 Garðabær
S. 533 3805
www.mc-planet.com

Nýkomnir glæsilegir dömuskór
úr leðri með skinnfóðri. Margir litir
Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.880

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

LAGERSALA
50%-70% AFSLÁTTUR. GÓÐ TILBOÐ
MaxMara MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

BÓKARI

Starf bókara hjá innflutningsfyrirtæki er laust til umsóknar.

Um er að ræða fullt starf.

Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er með mikla reynslu og þekkingu á bókhaldi og bókhaldsstörfum.

Starfssvið

- Færsla bókhalds
- Launaútreikningar
- Afstemmingar
- Frágangur skilagreina o.fl.

Fyrirtækið er staðsett í Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað fyrir 28.2.
Fyllsta trúnaði er heitið!
Umsóknir sendist á netfangið
umsokn@proforma.is fyrir 20. febrúar.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Lágafellsskóli
Mosfellsbæ

Laus störf
Óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:

- Skólaliða til ræstingastarfa frá 1. mars. Starfshlutfall samkomulag.
- Skólaliða í mötuneyti nemenda. Afleysing frá 6. mars til 5. júní. Starfshlutfall u.þ.b. 60%, vinnutími 08:30 til 13:30.
- Leiðbeinanda í Frístundasel skólans. Starfshlutfall u.þ.b. 30%. Vinnutími e.h. Ráðning frá 6. mars til 5.júní.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknareyðublað liggur á skrifstofu skólans en einnig er hægt að sækja um á netföngin efemia@lagafellsskoli.is og johannam@lagafellsskoli.is

Upplýsingar veita : Efemía Gísladóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 6185149 og Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230
Umsóknarfrestur er til 23. febrúar.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

SJÓFISKUR

Vanur Handflakari óskast

Sjófiskur óskar eftir Handflakara sem allra fyrst. Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbert Elí Kristjánsson sími 8638605

Allar umsóknir verður farið með sem trúnaðarmál.

Sjófiskur er leiðandi fyrirtæki á fiskmarkaði innanlands og er að selja og dreifa til stóreldhúsa,mötuneyta,veitingarst aða,skóla og leikskóla. Hjá sjófisk starfa einvala starfsfólk sem telur 40 manns.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

fme Fjármálaeftirlitið

FORSTJÓRI
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur, og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME) er laust til umsóknar. Forstjóri er ráðinn af stjórn stofnunarinnar sem ákvarðar starfskjör hans. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal forstjóri FME hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Þá er æskilegt að forstjóri FME hafi reynslu af alþjóðlegu samstarfi, búi yfir mjög góðri kunnáttu í ensku og hafi reynslu af stjórnun.

Starf forstjóra FME felst einkum í daglegri stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar auk þess sem hann kemur fram fyrir hönd FME.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

HAFNARFJÖRÐUR

SVIÐSSTJÓRI
FRAMKVÆMDASVIÐS HAFNARFJARÐARBÆJAR

Undir Framkvæmdasvið fellur Fasteignafélag Hafnarfjarðar, umhverfis- og hönnunardeild, Vatnsveitan og fráveita. Framkvæmdasvið sér um viðhald og framkvæmd umhverfis- og hönnunarmála, umferðarskipulag, umsjón með hönnun gatna, rekstur, útleigu, kaup og sölu á fasteignum, byggingastarfsemi, umsýslu og viðskipti með fasteignir í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Undir Framkvæmdasvið heyrir einnig Vatnsveitan sem sér um vatnsöflun og dreifingu neysluvatns í Hafnarfirði. Auk þess falla verkefni fráveitu undir stjórn sviðsins.

Hafnarfjarðarbær leitar að sviðsstjóra Framkvæmdasviðs. Meginhlutverk sviðsstjóra er að hafa yfirstjórn og bera ábyrgð á allri starfsemi sem heyrir undir sviðið, yfirsýn yfir heildarverkefni og tryggja framgang þjónustu sviðsins við íbúa og atvinnulíf.

Starfssvið

- Yfirstjórn og ábyrgð á samræmingu verkefna og vinnulags sviðsins og að fylgja eftir að markmiðum sé náð. Í því felst m.a. umsjón með gildandi fjárhagsáætlunum, eftirfylgni og eftirlit með aðgerðum
- Ábyrgð á miðlun upplýsinga um stöðu og árangur sviðsins gagnvart Framkvæmdaráði Hafnarfjarðarbæjar
- Ábyrgð á stefnumótun og frumkvæði að þróun nýjunga í þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Ábyrgð og umsjón með upplýsingagjöf og skýrslugerð
- Samstarf við yfirstjórn bæjarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri fyrirtækis eða stofnunar
- Stjórnunarreynsla og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg

Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Hjúkrunarfræðingar

ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR

Á hjúkrunarheimilið Sólvang bráðvantar hjúkrunarfræðinga til starfa á deild 2 og deild 4 og einnig á 50% fastar næturvaktir. Við leitum eftir áhugasömum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingum sem búa yfir góðri þekkingu og reynslu og hafa áhuga á að starfa að uppbyggingu og þróun öldrunarhjúkrunar. Sólvangur er í fallegu umhverfi rétt við Lækinn í Hafnarfirði. Þar eru þrjár hjúkrunardeildir starfandi með 17-19 heimilismenn á deild. Við leggjum áherslu á umhyggju fyrir starfsfólki, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og að sérhver starfsmaður fái að njóta sín og sé ánægður í starfi.

Nánari upplýsingar gefur Erla M. Helgadóttir, hjúkrunarstjóri Sólvangi í síma 5906500 eða netfang erla@solvangur.is og Birna G. Flygenring, framkvæmdastjóri hjúkrunar við STJS, í síma 520100/5906500, eða netfang: bgf@stjo.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast til Birnu G. Flygenring, framkvæmdastjóra hjúkrunar, Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði, fyrir 1. mars 2009.

Laun ofangreindra starfa er samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást á heimasíðu stofnunarinnar stjs.is og á skrifstofu Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. St. Jósefsspítali Sólvangur er reyklaus vinnustaður.

SJÓFISKUR

Vanur Handflakari óskast

Sjófiskur óskar eftir Handflakara sem allra fyrst. Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbert Elí Kristjánsson sími 8638605

Allar umsóknir verður farið með sem trúnaðarmál.

Sjófiskur er leiðandi fyrirtæki á fiskmarkaði innanlands og er að selja og dreifa til stóreldhúsa,mötuneyta,veitingarstaða,skóla og leikskóla. Hjá sjófisk starfa einvala starfsfólk sem telur 40 manns.

Yfirfélagsráðgjafi – Spennandi starfstækifæri í sveitarfélagi í sókn

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs óskar eftir að ráða yfirfélagsráðgjafa.
Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs annast félagsþjónustu í sex sveitarfélögum frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri. Um er að ræða spennandi og gróskumikið starf í félagsþjónustu í örri þróun. Hjá skrifstofu Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs starfar nú þegar samhent teymi þriggja félagsráðgjafa auk forvarnafulltrúa, uppeldisráðgjafa, iðjuþjálfa, fjármálaráðgjafa og þjónustufulltrúa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Almenn félagsleg ráðgjöf
- Fjölskylduvernd
- Barnavernd
- Málefni aldraðra
- Málefni innflytjenda

Helstu menntunar og hæfniskröfur:
- Menntun í félagsráðgjöf
- Reynsla á sviði barnaverndar og almennrar félagsþjónustu æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt
- Bílpróf

Um er að ræða 100% stöðu.
Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, vinsamlegast hafið samband við Kristínu Þyri Þorsteinsdóttur Félagsmálastjóra í síma 470 0705 eða á netfangið kristinth@egilsstadir.is

Umsóknum skal skila með ferilskrá merkt: Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs – Atvinnuumsókn Lyngási 12, 700 Egilsstaðir eða á netfangið kristinth@egilsstadir.is Einnig má sækja um stöðuna á job.is Umsóknarfrestur er til 1. mars 2009.

Fljótsdalshérað er eitt víðfemasta sveitarfélag landsins, um 8.884 m2. Íbúar eru tæplega fjögur þúsund. Stærstu þéttbýlisstaðir eru Egilsstaðir, Fellabær, Hallormsstaður og Eiðar.

Grunnskóli Grindavíkur

Loftræsting 2009

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf, fyrir hönd Grindavíkurbæjar, óskar eftir tilboðum í verkið: **"Grunnskóli Grindavíkur – Loftræsting 2009".**

Verkið felst í að setja loftræstingu í eldri byggingar grunnskólans, þ.e.a.s. koma fyrir varmaskiptasamstæðu 3300 l/s, stokkum og ristum.

Boðið verður upp á vettvangsskoðun fimmtudaginn 19. febrúar 2009, kl. 16.00.

Verkið skal hefjast að fullu um leið og skóla lýkur í vor.

Þessu verki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. ágúst 2009.

Útboðsgögn (geisladiskur eingöngu) verða seld á skrifstofu Verkfræðistofu Suðurnesja ehf að Víkurbraut 13, 230 Reykjanesbæ, á kr. 5.000,- frá og með þriðjudeginum 17. febrúar 2009. Tilboð verða opnuð á sama stað mánudaginn 2. mars 2009 kl. 14:00 að viðstöddum þeim sem þess óska.

Fyrirspurnir varðandi einstaka liði þurfa að berast fyrir þriðjudaginn 24. febrúar 2009, og verður þeim svarað í síðasta lagi fimmudaginn 26. febrúar.

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

VERKSVIÐ: HÖNNUN ÚTLITS, BURÐARVIRKIS OG LAGNAKERFA EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM

Calidris

SÓKNARTÆKIFÆRI

Calidris er íslenskt fyrirtæki sem þróar og selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og á hæfu og ánægðu starfsfólki. Okkar sterka liðsheild telur nú 35 manns. Meðal viðskiptavina félagsins eru stór og smá flugfélög um allan heim, þar á meðal nokkur þekktustu flugfélög heims.

Calidris óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga til krefjandi starfa.

Vörustjóri yfir gagnavöruhúsi og viðskiptagreind
(Product Manager Data Warehouse and Business Intelligence)

Starfssvið
- Skilgreining á vöru
- Gerð markaðsgagna
- Aðstoð við sölu
- Vinna með viðskiptavinum að þarfagreiningu og innleiðingu
- Verkefnastjórnun við innleiðingu
- Samskipti við viðskiptavini
- Vinna með tæknifólki að þróun vörunnar

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg háskólamenntun
- Reynsla af uppsetningu gagnavöruhúsa og innleiðingu viðskiptagreindar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (íslenska og enska)
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Reynsla af starfsemi flugfélaga æskileg

Sérfræðingur/Ráðgjafi á lausna- og þjónustusviði
(Specialist/Consultant in Solutions and Services Dept)

Starfssvið
- Samskipti við viðskiptavini
- Greining vandamála hjá viðskiptavinum
- Uppsetning ferla til lausnar vandamála hjá viðskiptavinum
- Tæknilegur stuðningur við sölu- og markaðsdeild

Hæfniskröfur og eiginleikar
- Verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg háskólamenntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (íslenska og enska)
- Greiningarhæfni
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
- Góð almenn þekking á tölvukerfum

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SVIÐSSTJÓRI BYGGINGASVIÐS IÐUNNAR fræðsluseturs

IÐAN fræðslusetur auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra byggingasviðs. Sviðsstjóri leiðir starf sviðsins og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem því tilheyra. Sviðstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra IÐUNNAR.

Meðal verkefna hans er:
- að greina fræðsluþarfir í byggingariðnaði.
- að þróa námsframboð í samræmi við þarfagreiningu sem og stefnu og starfsemi IÐUNNAR.
- að leiða þróunarverkefni til hagsbóta fyrir menntun og mannauð í byggingariðnaði.
- að hafa frumkvæði að þjónustu við fyrirtæki og stéttarfélög.
- að beita sér fyrir öflugu samstarfi við alla hagsmuna-aðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leitað er að félagslega sinnuðum einstaklingi sem á auðvelt með að takast á við fjölbreytileg verkefni, vinna í hópi, túlka sameiginlegan ávinning ólíkra aðila og leiða samstarf á farsælan hátt.
- Óskað er eftir einstaklingi með þekkingu og reynslu af samstarfi í atvinnulífinu. Innsýn og reynsla af fræðslustarfi er kostur.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi iðnmenntun á byggingasviði auk háskólamenntunar.
- Munnleg og skrifleg færni í tveimur tungumálum er skilyrði.

Umsóknum skal skilað til IÐUNNAR fræðsluseturs, Skúlatúni 2, 105 Reykjavík, merkt: Sviðsstjóri BYGG eða á hildur@idan.is. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2009.

Hlutverk IÐUNNAR fræðsluseturs er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga-og málmiðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar.

IÐAN fræðslusetur

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

VEFSÍÐA TIL LEIGU

Vinsæl lífstíls- og afþreyingarvefsíða er til leigu. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk. Vefsíðan er uppsett, með fjölda meðlima og heimsókna.

Áhugasamir sendi upplýsingar á box@frett.is fyrir 19 febrúar merkt "vefsíða 233"

Okkar rannsóknir - allra hagur

matís

Okkar starfsemi - allra hagur!

Matís auglýsir eftir verkefnastjóra á sviði fiskeldis á starfstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

Starfssvið:
Að efla starfsemi Matís á sviði fiskeldis og þróa ný atvinnutækifæri.

Í starfinu felst m.a:
- Þróun á eldistækni
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum
- Efling verkefna hjá Matís á Vestfjörðum í tengslum við atvinnulífið

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í raunvísindum s.s. líffræði, verkfræði eða tæknifræði; framhaldsmenntun í fiskeldisfræðum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa u.þ.b. 100 manns á sjö stöðum á landinu. Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu og tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til Matís ohf., Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða á netfangið atvinna@matis.is.

Nánari upplýsingar veitir Jón H. Arnarson, mannauðsstjóri Matís, í síma 422 5000 eða jon.h.arnarson@matis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Matís ohf. | Borgartúni 21, 105 Reykjavík | 422 5000, www.matis.is

Skemmtigarðurinn -í GRAFARVOGI

Sölustjóri Skemmtigarðsins í Grafarvogi

Fjörefli ehf. auglýsir lausa stöðu til umsóknar.

Helstu verkefni
- Umsjón og gerð sölu- og stefnumótunar.
- Þátttaka í skipulagningu og uppbyggingu Skemmtigarðsins
- Kynningar og samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Þróa nýja þjónustupakka og sækja á nýja markaði
- Samvinna við afþreyingar- og ferðamálasamtök innan og utanlands

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf æskilegt
- Þekking og reynsla af markaðs- og sölumálum
- Mikill áhugi á hópefli og skipulagningu viðburða
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og áhugi á að takast á við ný viðfangsefni
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvuþekking

Um er að ræða spennandi starf á sviði afþreyingar og ferðamála. Fjörefli ehf. hefur frá árinu 2000 tekið á móti fyrirtækjahópum í hópefli og staðið fyrir ýmsum viðburðum. Í vor mun Fjörefli opna formlega Skemmtigarðinn í Grafarvogi. Aðaláherslur Skemmtigarðsins verða hópefli, útivist og skemmtun fyrir fyrirtæki, félagasamtök, fjölskyldur, skólahópar og fleiri.

capacent

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Walldén BEMANNING

Jobb i Norge for skandinavisk-talende sykepleiere!

Walldén Bemanning AS søker kreative og eventyrlystne sykepleiere og hjelpepleiere.

Walldén Bemanning AS er lokalisert i Trondheim, Norge. Vi rekrutterer norske og utenlandske sykepleiere og hjelpepleiere for jobb i Norge. Vi tilbyr gode betingelser, kreativt arbeidsmiljø og nye utfordringer for Skandinavisktalende (Norsk, Svensk eller Dansk) sykepleiere og hjelpepleiere. Alle gjennomgår en lønnet praksisperiode for oppgradering og finpuss av språk. I tillegg til norsk tarifflønn dekker vi jevnlige reiser mellom hjemland og oppdragssted og bolig i Norge, inkl. elektrisitet og internett etc.

Vil du vite mer?
Ta kontakt med oss på telefon eller mail.
Vår kontaktperson er Tommy Iversen.
Tlf: +47 922 64 983, mail: tommy@wallden.no

Walldén Bemanning AS

Haakon VII's gt. 27
7041 Trondheim
Norge

Telefon: +47 73 90 18 00
Telefaks: +47 73 90 18 01
E-post: wbas@wbas.no

www.iba.dk

IBA

Alþjóðlegt Markaðs- og Hagfræðinám

Kynningarfundur Fimmtudaginn 19. febrúar 2009
frá kl. 17.00 – 19.00 á Hilton Reykjavik Nordica Hótel

IBA býður upp á 2 ára nám sem veitir AP gráðu í markaðs-og hagfræði

Boðið er upp á tvær brautir sem kenndar eru á ensku:

- **Alþjóðabraut – International Major**
  – með áherslu á alþjóðaviðskipti og útflutning, innkaup og alþjóða markaðsfræði
- **Stjórnunarbraut – Management Major**
  – með áherslu á mannauðsstjórnun (HRM), forystuhæfileika og stjórnunarfræði

Verkleg þjálfun
Námið getur tengst verklegri þjálfun hjá þekktum fyrirtækjum í Danmörku eða víða um heim eins og t.d.: Microsoft, Maersk, IBM, Alfa Laval,Danfoss, LEGO, B-Young o.fl.

Framhaldsnám
Bachelor, MBA, HA, HD - í Danmörku eða erlendis

Komdu á kynningafundinn og finndu út hvernig þú getur orðið hluti af þessu spennandi námsumhverfi sem IBA býður uppá. Einnig geturðu fengið ýtarlegar upplýsingar hjá skólanum.

The International Business Academy · Skamlingvejen 32 · DK-6000 Kolding · Tlf. +45 72 24 18 00
RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

BEINT ÚR ALPAFJÖLLUM Pour les Alpes kallast samstarfsverkefni hönnuðanna Annina Gähwiler og Tina Stieger. Þær hanna óvenjulega listmuni og húsgögn og sækja innblástur í óútreiknanlega náttúru Alpanna. Kommóðan sem hér sést kallast Ehrfurcht og er úr línunni Echos, eða Bergmál. Svart lakkað yfirborðið er mikil andstæða ljóss innra byrðisins sem kemur í ljós þegar kommóðan er opnuð við stóra sprungu sem gengur í gegnum húsgagnið. Sjá vefsíðuna www.pourlesalpes.ch.

Spegill eftir Kenneth Wingard.

Loftljós eftir Tom Raffield.

Augnakonfekt

Hann fangar augað, spegillinn eftir hönnuðinn Kenneth Wingard. Heiti spegilsins, Large Sunburst Wall Mirror, vísar til útlitsins; miðjan líkist sólinni og út frá henni liggja 64 brot sem minna á sólargeisla, sem fanga og endurvarpa birtu. Bakvið kúluna er svo haganlega útskorið viðarandlit. Sjá www.moderndose.com.

Tom Raffield hannaði loftljósið að ofan sem er frá fyrirtækinu Cornwall. Ljósið, sem kallast Ribbon/pendant, er bæði fáanlegt úr aski og í hvítlakkaðri eik. Sjá www.markproduct.com.

Líðandi stund í sígildri hönnun

Nýju veggklukkurnar frá Oras eru svo sannarlega augnayndi en þær fást í ferns konar mynstri og einnig er hægt að velja á milli fjögurra lita í vísunum: appelsínuguls, perugræns, bleiks og túrkislitar. Klukkurnar eru leysiskornar úr náttúrulegri hnotu og lakkaðar með glæru lakki. Hönnun Oras er innblásin af mynstrum og geometrískum formum og oft nálgast þeir hönnun og híbýli á ferskan, nútímalegan og skemmtilegan máta. Klukkurnar eru lýsandi dæmi um það auk þess að gefa upp hvað tímanum líður. Sjá www.orasdesigns.com/clocks.html.

N&N
NOTAÐ & NÝTT

GRÆDDU Á GEYMSLUNNI

Tökum á móti vörum í umboðssölu.

> Húsgögn > Húsbúnaður > Ljós > Veiðivörur
> Rafmagnsvörur > Golfvörur > Önnur verðmæti

Opnunartími:
Virka daga ***11-18***
Laugardaga ***11-16***
Sunnudaga ***13-16***

>> *Tökum á móti vörum utan opnunartíma, upplýsingar í síma* **517-2030**

Notað og Nýtt > Mörkinni 1 > sími: 517 2030

PIPAR • SÍA • 90187

Bakað súkkulaði-mousse að hætti Stefáns með ljúffengri súkkulaði- og appelsínusósu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að sögn Stefáns er tilvalið að bera réttinn fram með vanilluís að eigin vali.

áhrif súkkulaðis, enda sérfróður um leyndardóm góðra eftirrétta eins og sannaðist í keppni um köku ársins 2009 þar sem hann stóð uppi sem sigurvegari. „Heillar súkkulaði ekki alltaf," spyr Stefán blaðamann hæverskur í bragði og segist sjálfur myndu framreiða ljúffengan súkkulaðirétt til að ganga í augun á hinni einu réttu.

Stefán mælir með bökuðu súkkulaði-mousse með súkkulaði- og appelsínusósu fyrir þá sem vilja ná tilætluðum árangri; rétturinn sé bæði einfaldur og bragðgóður og komi skilaboðunum örugglega á framfæri. „Súkkulaði-mousse er alveg tilvalið að bera fram á þessum degi handa þeim sem manni þykir vænst um, enda eiga elskendur þá að gera vel hvor við annan."

-sg/-rve

Stefán vann um tíma á staðnum Choco Policy sem er í litlum bæ í um klukkutíma akstursfjarlægð frá New York. Þaðan er hugmyndin að eftirréttinum góða komin.

(hugsanlega þakið í loftbólum) er kakan til. Látið kólna og setjið í ísskáp svo hún verði stíf áður en reynt er að losa hana úr forminu svo hún brotni ekki. Vefja má heitum klút um formið til að losa það. Setjið kökuna á disk og vandið staðsetningu. Stundum er erfitt að færa hana eftir að hún nær stofuhita. Takið kökuna úr ísskápnum allt að fjórum tímum áður en hún er borin fram, svo hún verði blaut og ljúffeng. Réttur bökunarhiti og hitastig er mikilvægt svo kakan heppnist. Vanilluís er tilvalinn með.

SÚKKULAÐI- OG APPELSÍNUSÓSA

260 g 70% dökkt súkkulaði
350 g rjómi
1 stk. appelsína
460 g ferskur appelsínusafi
50 g sykur
1 vanillustöng

Hellið rjóma í pott ásamt rifnum appelsínuberki. Látið suðu koma upp, setjið plastfilmu yfir og látið standa í um hálftíma. Hellið appelsínusafa í annan pott og hrærið sykri saman við. Skafið vanillukorn innan úr vanillustöng og setjið allt út í appelsínusafann. Látið sjóða á meðalhita í um 15 mín og takið af hellu. Blandið djúsblöndu út í rjómann. Látið suðuna koma upp. Sigtið súkkulaði yfir og hrærið þar til það bráðnar. Setjið súkkulaðiblönduna í matvinnsluvél og vinnið saman. Notið sósuna fljótlega eða geymið í krukku í ísskáp.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Hef flutt starfssemi mína í lækninga og fræðslusetur Forvarna ehf. Lágmúla 5 Reykjavík

Viðtöl og ráðgjöf fyrir einstaklinga, pör og fjölskyldur. Fyrirlestrar og námskeið innan fyrirtækja.

Ólafur Árnason Hjónabands – og fjölskylduráðgjafi.
Forvarnir, Lágmúla 5. 4 hæð 108 Rvk.
Tímapantanir virka daga milli 10-12 í síma 590-9290, annars í síma 695-4000. www.forvarnir.net oli@forvarnir.net

KRONAN
fyrst og fremst... ódýr!

Leiðin að hjartanu

Heitir litir, sterk krydd og súrsætt lime kveikja óneitanlega upp í líkamanum og á degi elskenda hentar þess háttar samsetning fullkomlega. Sigríður Þóra Árdal eldar fyrir þá sem hún elskar og nýtur þess í botn.

Eldað af ást

Shawarma er eins konar arabísk samloka ættuð frá Mið-Austurlöndum en er líka svipuð og gyros frá Grikklandi og guss í Írak. Sigríður Þóra Árdal, grafískur hönnuður og nemi í vöruhönnun, ákvað að elda þennan kryddaða rétt fyrir okkur í tilefni af degi elskenda.

„Mín uppáhalds matreiðslubók er Google en ég vil helst ekki elda það sama tvisvar, nema sushi. Með Google-leitarvélinni hefur maður aðgang að ótakmörkuðu magni uppskrifta," segir Sigríður en uppskriftina fann hún þegar hún leitaði að grísku gyros. „Ég er bara með tölvuna við hliðina á eldavélinni og slæ inn það sem hugurinn girnist og lendi einhvers staðar á skemmtilegum stað. Eina breytingin sem ég gerði núna var að hafa heila kjúklinga og fjórfaldaði ég uppskriftina þar sem ég bauð svo mörgum í mat," segir Sigríður áhugasöm en hún er mikill matgæðingur.

„Þetta er réttur sem bragð er af og ætti að vekja upp heitar tilfinningar. Hann er því kjörinn sem rómantískur og spennandi réttur sem kemur blóðinu á hreyfingu og er gaman að borða hann með fingrunum. Svolítið subbulegur en skemmtilegur," segir Sigríður glettin og bætir við: „Fátt er betra en að elda fyrir þá sem maður elskar þannig að leiðin að hjartanu er líklega í gegnum magann." - hs

Sigríður Þóra Árdal er mikill matgæðingur en vill helst aldrei elda það sama.

A

KJÚKLINGA-SHAWARMA OG AÐRAR KRÆSINGAR

Fyrir 4

KJÚKLINGUR
1 msk. mulinn kóríander
1 msk. mulið cumin
1 msk. muldar kardimommur
1 msk. chili duft
1 msk. reykt paprikukrydd
1 msk. grillkrydd eða kjúklingakrydd
Safi úr hálfri sítrónu eða lime
1 stórt hvítlauksrif, marið eða fínsaxað
5 msk. jómfrúarolía (3 msk. í kryddblöndu og 2 msk. í steikingu)
4 skinnlausar kjúklingabringur eða einn heill kjúklingur

GRÆNMETI
1 stór laukur, saxaður
1 rauð paprika, söxuð
1 gul paprika, söxuð

BRAUÐ
4 pítubrauð, helminguð eftir endilöngu
Olía
Sjávarsalt

TSATSIKI-SÓSA
2 bollar jógúrt
1 gúrka, fræ fjarlægð og skorin mjög smátt
2-3 hvítlauksrif, marin/söxuð
¼ bolli mynta (ef til)
½ tsk. salt eða meira

Öllu hráefni í tsatsiki-sósuna er blandað saman og hún sett í ísskáp.

Hitið ofninn. Blandið kryddi í skál og setjið sítrónu- eða limesafa, hvítlauk og um þrjár matskeiðar af jómfrúarolíu saman við. Hrærið þar til orðið er að mauki. Dreifið kryddblöndunni jafnt yfir kjúklinginn. Ef þið eruð með bringur er gott að grilla þær í 6-7 mínútur á hvorri hlið, þar til þær eru eldaðar í gegn. Ef þið eldið heilan kjúkling setjið hann þá í ofninn og eldið við 180 gráður í rúman klukkutíma. Kjúklingurinn er lát-

Eldhúsið hjá Sigríði Þóru gæti verið úr skáldsögu eftir Isabel Allende þar sem heitir litir og kryddlegin hjörtu mætast. Shawarma rétturinn með sinn sjarma á svo sannarlega heima þar inni.

MYND/BERGSTEINN BJÖRGULFSSON

Kertaljós og ilmandi blóm eiga svo sannarlega vel við á Valentínusardag.

Súrsuð ást og kitlandi krydd gæla við bragðlaukana í heitum réttum Sigríðar.

VARÚÐ! SJÓÐHEITAR UPPSKRIFTIR

Í tilefni dagsins mælum við með Cosmopolitan eða lostavekjandi martíníkokkteil fyrir elskendur. Blandið saman fjórföldum af kældum vodka á móti einföldum Grand Marnier, safa úr ferskri límónu og þreföldum af kældum trönuberjasafa. Hristið saman með ísmolum og skreytið með ferskum trönuberjum. Martíníkokkteill: Hristið vel saman tvöfaldan vodka og einfaldan espresso, Godiva-súkkulaðilíkjör og Kahlua-líkjör. Hringsprautið súkkulaðisírópi í frosin martíníglös, hellið drykknum út í og skálið fyrir ástinni. Sem lystauka með kokkteilnum eykur enn á áhrifin að sötra ostrur úr skel. Ostrur innihalda meðal annars ýmis næringarefni sem sumir telja að auki kynhvötina.

inn bíða í smá stund og sneiddur þunnt.

Saxið grænmeti og steikið á snarpheitri pönnu í jómfrúarolíu. Kryddið með salti og pipar. Steikið í um fimm mínútur og hrærið af og til.

Helmingið píturnar eftir endilöngu, dreypið olíu yfir og saltið. Grillið í ofni stutta stund. Setjið kjúkling og grænmeti á brauðhelming og væna slettu af tsatsiki-sósu. Gott er að hafa ferskt salat með úr lárperu, vínberjum og fræblöndu.

ÖMMUR VITA BEST.

Þess vegna notum við bara Pillsbury Best í baksturinn.
Próteinríka, ameríska, vítamínbætta hveitið sem amma notaði
- og amma hennar líka.

ÍSLENSKA SÍA IS NR 44272 11/2008

HVERJIR ERU BESTU VINIR OKKAR?

“ Tað eru Foröyingar”

LAUNUM ÞEIM VINARGREIÐANN

SIGLUM GLÖÐ OG FRJÁLS MEÐ

NORRÆNU

“Mær dámar alt væl um borð Norrönu”

**Heimsæktu Færeyjar í sumar,
þeir eru skemmtilegir heim að sækja
“Föroyingar eru teir stuttligastu”**

Norrænu er í eigu margra hluthafa og Færeysku þjóðarinnar. Norræna brúar Atlandshafið og opnar íslendingum möguleika á að taka bílinn með í sumarfríið ásamt ótal öðrum ferðamöguleikum.

Ódýrar vorferðir með Norrænu

DANMÖRK
22.200

Verð frá kr. 22.200 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Verð frá kr. 48.450 m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Fyrir aðeins frá 15.200 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.

FÆREYJAR
16.650

Verð frá kr. 16.650 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Verð frá kr. 33.575 m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Fyrir aðeins frá 14.400 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.

BETRI STOFAN

EVRÓPA
AKTU Á ÞÍNUM EIGIN BÍL
FRÁ DANMÖRKU

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

Breytt áætlun Norrænu
-styttri siglingartími
-góðar fréttir fyrir íslendinga
-sjá www.smyril-line.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Norræna FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is

Besta verðið okkar*

Amsterdam	*frá* 17.300 kr.
Bergen	*frá* 14.900 kr.
Barcelona	*frá* 17.300 kr.
Berlín	*frá* 17.300 kr.
Boston	*frá* 29.720 kr.
Düsseldorf	*frá* 17.300 kr.
Frankfurt	*frá* 17.300 kr.
Glasgow	*frá* 14.900 kr.
Halifax	*frá* 25.400 kr.
Helsinki	*frá* 17.300 kr.
Kaupmannahöfn	*frá* 14.900 kr.
London	*frá* 14.900 kr.
Madrid	*frá* 17.300 kr.
Manchester	*frá* 14.900 kr.
Milano	*frá* 17.300 kr.
Minneapolis	*frá* 29.720 kr.
München	*frá* 17.300 kr.
New York	*frá* 29.720 kr.
Orlando	*frá* 31.220 kr.
Osló	*frá* 14.900 kr.
París	*frá* 17.300 kr.
Stavanger	*frá* 14.900 kr.
Stokkhólmur	*frá* 14.900 kr.
Toronto	*frá* 25.400 kr.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.

BEN

Sorp og endurvinnsla

Hirðingu, meðferð og úrvinnslu sorps og annars úrgangs er á fáum stöðum jafn vel fyrir komið og í Kaupmannahöfn. Um 90% af öllum úrgangi frá byggingastarfsemi eru endurunnin og 75% af heimilisúrgangi er brennt. Orka sem fæst við úrgangbrennsluna er notuð til hitunar og raforkuframleiðslu svo að engu er sóað.

Græna borgin við Eyrarsund

Kaupmannahöfn er ein þeirra átta borga sem „kepptu um“ nafnbótina „Hin græna höfuðborg Evrópu 2010“, nýja heiðursviðkenningu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitir í fyrsta sinn á mánudag eftir viku, 23. febrúar. 35 borgir í Evrópu sóttu um tilnefningu og Kaupmannahöfn komst í úrslitaval ásamt Amsterdam, Osló, Stokkhólmi, Bristol, Freiburg, Hamborg og Münster.

Við val í undanúrslitaflokkinn var tekið tillit til tíu „grænna“ þátta og kom Kaupmannahöfn vel út í því mati. Ekki var einungis höfð hliðsjón af hvernig staðið er að umhverfismálum núna heldur var einnig tekið tillit til stefnu og framkvæmdaáætlana sem miða að því að bæta borgarumhverfið.
Á meðal hinna tíu viðmiðunarþátta voru almenningssamgöngur, „grænn“ opin svæði, loftgæði, hávaðamengun, sorphreinsun, vatnsnotkun, frárennslismál, sjálfbær landnotkun, stjórn umhverfismála og aðgerðir í borginni sem miða að því að draga úr loftslagsbreytingum á heimsvísu.

Sjóböð í höfninni, vindmyllur og reiðhjól

Kaupmannahöfn er borg þar sem gott mannlíf og gott umhverfi eiga samleið. Borgin er ekki hvað síst einstök fyrir að sjórinn í höfninni er svo hreinn að þar er á mörgum stöðum hægt að busla og bregða sér í sund. Rétt fyrir utan borgina eru fjölmargar vindmyllur sem framleiða raforku. Ekki má gleyma reiðhjólamenningu borgarbúa.

Kaupmannahöfn var valin „besta borgin til að búa í“ árið 2008 og breska tímaritið Monocle valdi Kaupmannahöfn sem „bestu hönnunarborgina“. Það er engin tilviljun að tvær af borgunum sem komust í úrslitaval hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Kaupmannahöfn og Amsterdam, eru þær tvær evrópsku borgir þar sem reiðhjólanotkun er áberandi mest.

Heimsmet í kaupum á „lífrænni“ matvöru

Í engri annarri höfuðborg í heiminum er meira keypt og neytt af svonefndri „lífrænni“ matvöru en í Kaupmannahöfn. Fullyrt er að um 51% af matvælum, sem í boði eru og neytt í opinberum stofnunum í Kaupmannahöfn, séu lífræn vara. Lífræn matvæli eru sögð um 23% af matarinkaupum einstaklinga í borginni. Það mun ekki þekkjast annars staðar í veröldinni. Stjórnvöld stefna að því að Kaupmannahöfn verði í fararbroddi á meðal höfuðborga í umhverfismálum árið 2015 og er m.a. stefnt að því að 20% af öllum matvælum sem neytt verði innan borgarmarkanna verði lífrænt vottuð vara.

Hreint vatn

Hafnarböðin vinsælu, sem hafa verið opnuð hjá verslunarmiðstöðinni Fisketorvet og við Islands Brygge, eru vitnisburður um hvað sjórinn er hreinn í höfninni í Kaupmannahöfn. Sjórinn er svo hreinn að enginn þarf að hafa áhyggjur heilsunnar vegna við að fá sér þar sundsprett. Um slíkt eru ekki mörg dæmi í mannmörgum stórborgum.

Reiðhjólaborgin

36% íbúa í Kaupmannahöfn nota reiðhjól til þess að komast til og frá vinnu og skóla. Í borginni eru meira en 300 km af reiðhjólastígum og hin vinsælu „leiguhjól án endurgjalds“ gera ferðamönnum kleift að komast ferða sinna á „tveimur kringlóttum“ mestan hluta ársins.

WONDERFUL COPENHAGEN
www.visitcopenhagen.is

visitdenmark.is

TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Jóhanna Ósk Jónsdóttir var vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Mín borg um síðustu helgi. Hún fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Jóhanna Ósk er tíu ára og er í 5. bekk í Flataskóla. Hún er enn ekki alveg viss um hvert hún ætlar að fara og hverjum hún ætlar að bjóða með sér en segir að sig langi mikið til að skoða sig um í London.

LEYNDARDÓMAR NEW YORK

Leyndardómar New York með íslenskum fararstjóra, Hauki Inga Jónassyni, frá 30. apríl til 4. maí 2009. Í ferðinni gefst þátttakendum kostur á að kynnast New York borg undir tryggri leiðsögn Hauks Inga Jónassonar sem gjörþekkir borgina og leyndardóma hennar.

Flogið er beint til New York og tekin rúta inn í borgina og dvalið á Edison hótelinu.

Hver morgunn hefst með kynningu á þeim bæjarhluta sem skoðaður er þann daginn og síðan er neðanjarðarlestin tekin á vettvang. Haukur mun útdeila „lyklum“ að borginni og ganga með þátttakendum um hverfi borgarinnar og kynna þá fyrir raunverulegum New York búum! Meðal annars er farið í Miðbæinn (Down Town), Miðgarð (Central Park), Efri Vesturs íðu (Upper West Side), Efri Austursíðu (Upper East Side), í „þorpið“, Soho (SouthOfHOuston), Noho, Lægri Austursíðu (Lower East Side), Núllpunkt (Ground Zero), kíkt á Suðurferjustað (South Side Seaport), Brooklynbrúna, í Harlem, o.fl.

Verð á mann í tvíbýli frá 141.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Edison hótelinu *** og íslensk fararstjórn.*

CLAUDE MONET OG GIVERNY
með Laufeyju Helgadóttur

Þriðja árið í röð bjóðum við upp á þessa frábæru 4ra nátta menningarferð með fararstjóra okkar til margra ára, Laufeyju Helgadóttur. Ferðin stendur yfir frá 30. apríl til 4. maí 2009. Laufey mun leiða hópinn og skoða alla helstu merkisstaði Parísar ásamt því að heimsækja valinkunn söfn eins og Monet safnið í Giverny og Orsay eða Marmottan safnið.

Verð á mann í tvíbýli 119.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Holiday Inn Republique**** , morgunverður og rútuferðir til og frá flugvelli erlendis.*

Íslensk fararstjórn og íslensk leiðsögn, skoðunarferðir, aðgangseyrir inn á þau söfn sem skoðuð verða.

Nánari upplýsingar um þessar ferðir og margar aðrar er að finna á heimasíðu okkar www.icelandair.is

Verslaðu YFIR ATLANTSHAFINU

Saga Shop er ein af vinsælustu verslunum landsins og alveg örugglega sú sem fer víðast. Sífellt fleiri hafa líka nýtt sér netverslun Saga Shop, www.sagashop.is, til að kaupa vörur sem fást afhentar þegar það flýgur með Icelandair eða biður vini eða fjölskyldu um að taka með sér í næstu ferð.

FLUG OG BÍLL
í Danmörku

Hertz Flug og bíll í Danmörku

Í samstarfi við Hertz bjóðum við bílaleigubíla í Danmörku. Frá Kaupmannahöfn er hægt að velja um fjölmargar ökuleiðir þar sem bíða fjölskyldunnar ótal tækifæri til að skemmta sér saman. Við bendum á sem dæmi að hægt er að aka yfir Eyrarsund til Suður-Svíþjóðar, aka í vestur og taka stefnuna á Legoland í Billund eða velja Margrétarleiðina (Marguerit-ruten), sérmerkta ökuleið um allar fegurstu ferðamannaslóðir í Danmörku.

FARSÍMAINNRITUN

Með farsímainnritun getur þú innritað þig óháð stað og stund (22 klst fyrir brottför) og valið sæti um borð í flugvélinni. Brottfararspjaldið er síðan prentað út á sjálfsafgreiðslustöðvum Icelandair.

SJÁLFSAFGREIÐSLU STÖÐVAR

Sparið ykkur tíma við innritun með því að nota sjálfsafgreiðslustöðvar Icelandair í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á Hilton Reykjavik og sjálfsafgreiðslustöðvar SAS í Kaupmannahöfn, Osló , Stokkhólmi, Helsinki, Bergen, Stavanger, Amsterdam og París. Á stöðvunum er prentaðir út töskumiðar og farþegi afhendir fangurinn á sérstakri hraðleið ("Fast Bag Drop-off"). Þeir sem engan farangur hafa geta haldið beint á brottfararsvæði.

TRAUSTUR *íslenskur* FERÐAFÉLAGI

Hjá Icelandair búum við að reynslu af flugrekstri og farþegaflugi í meira en sjö áratugi. Flugfélag Íslands var stofnað árið 1937 en reglubundið áætlunarflug hófst fyrst hér á landi vorið 1942. Vélin var 8 sæta Beechcraft D-18 landflugvél og flogið var til Akureyrar, Egilsstaða og Hornafjarðar.

BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 18. feb.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

Icelandair
Mín borg/spurningaleikur
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 18. febrúar
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 19. febrúar, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 21. febrúar).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. Hvað er Dyrehavsbakken?
- ☐ Sædýrasafn í Kaupmannahöfn
- ☐ Skemmtigarður við Dyrehaven
- ☐ Vinsælt kaffihús á Íslandsbryggju

2. Hvar er Frederiksberg Slot?
- ☐ Í Tívolí
- ☐ Við Frederiksberg Have
- ☐ Í Amager Strandpark

3. Í hvaða sjónvarpsþáttum kemur Vinstue 90 við sögu?
- ☐ Sommer
- ☐ Klovn
- ☐ Waking the Dead

Leiðrétting *Í síðasta Ferðablaði Icelandair birtist rangt höfundarnafn með greininni um Toronto. Höfundur hennar er Edda MacKenzie Júlíusdóttir.*

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á fluáætlun og verði.
Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45074 02/09

FRAMHALD AF SÍÐU 26

sem markaðsvænt indí, en ég er ekki alveg á því," vill einn meina. „Hjaltalín smellpassar inn í krúttímyndina og þeir í Sprengjuhöllinni eru bara hreinræktaðir popparar."

Ofannefndar grúppur virðast þó hafa sterk tengsl við artí-liðið. Til dæmis spila Borko, Hjaltalín og Múm-liðar saman fótbolta einu sinni í viku.

SINGAPORE SLING

Sólgleraugu innandyra

Þegar rýnt er í 101-klíkurnar kemur raunar í ljós að þær virðast nánast allar tengjast saman á einhvern máta, enda „Ísland of lítið til að gengin geti ísólerað sig mjög mikið".

Þannig eiga fulltrúar rokksins í 101, eins og Singapore Sling, Evil Madness, Kimono og Hudson Wayne, sína bestu vini innan artí-hópsins. „Þetta er frekar lítill hópur í kringum Singapore Sling og helst að Jakobínarína hafi dottið inn í þeirra ímynd. En sú ímynd er líka mjög sterk, þröngar buxur og sólgleraugu innan dyra," segir einn. „Lítil klíka en ótrúlega stíliseruð og mjög áberandi í bæjarlífinu. Þau vilja vera gríðarlega svöl en eru ósköp fín inn við beinið. Siggi Maggi í Singapore Sling er nokkurs konar brú frá rokkliðinu yfir í artí-liðið. Hann hefur unnið mikið með krúttunum."

FM BELFAST

Tískutechno

Gleðitechno er heiti sem einn viðmælenda gefur sveitum eins og Gus Gus, Hair doctor. Sometime, Bb and Blake og jafnvel FM Belfast. „Tískuliðið og hommarnir fíla þetta stöff." Steed Lord fellur líka undir þessa skilgreiningu. „En þau eru einhvern veginn alveg sér á parti og hafa lítil tengsl við önnur bönd. Ég er ekki viss um að öllum finnist flott að hljómsveit hafi sína eigin fatalínu."

Viðmælendur

Eftirtaldir rýndu í hina ýmsu kima tónlistarheims höfuðborgarinnar:

Arnar Eggert Thoroddsen gagnrýnandi
Atli Bollason gagnrýnandi
Ágúst Bogason útvarpsmaður
Páll Hilmarsson gagnrýnandi
Dóri DNA blaðamaður
Heiða Eiríksdóttir gagnrýnandi
Helga Þórey Jónsdóttir gagnrýnandi
Hildur Maral Hamíðsdóttir gagnrýnandi
Sigvaldi Kaldalóns (Svali) útvarpsmaður
Steinþór Helgi Arnsteinsson umboðsmaður

Klíkukúltúr í rappinu

„Klíkupælingin er auðvitað einna sterkust í rappinu. Innan hverrar klíku eru kannski fimm undirklíkur og þær gera mikið af því að hjálpa hver annarri, til dæmis með því að gerast gestarapparar á plötum og slíkt, en kúltúrinn skilar sér stundum líka í „beefi" milli aðila," segir viðmælandi um hip-hop heiminn á Íslandi. Annar bætir við: „Þarna er oft um mikla samvinnu að ræða, til að mynda kom nánast hver einasti rappari sem maður kannast við á landinu á nýju plötunni hans Adda Intro, en svo eru þeir dálítið gjarnir á að fara í einhvern hip-hop leik í fjölmiðlum, samanber rifrildið milli Poetrix og Móra."

Flestir eru sammála um að rappið hafi horfið kirfilega undir yfirborðið fyrir nokkrum árum. Markaðurinn hafi hreinlega mettast í kringum 2002 þegar gefnar voru út um þrettán íslenskar rappplötur fyrir ein jólin. „Það er nóg í gangi undir niðri, og er á hraðri leið upp á yfirborðið."

Nokkrir minnast á að ekki hafi orðið neinar breytingar á lykilleikmönnum í rappheiminum síðustu ár. „Þetta virðist eiginlega vera nákvæmlega sama liðið og fyrir átta árum. Erpur ennþá ríf-andi kjaft við alla."

Margir álistgjafa lofa hip-hop heiminn fyrir mikla samheldni, til dæmis mæti alltaf sami 500-600 manna kjarninn þegar eitthvað sé að gerast. Annar er ekki svo viss. „Það er eins og allir séu vinir á yfirborðinu, en undir niðri kraumar alltaf eitthvað. En menn leggja sig reyndar fram um að sýna hver öðrum virðingu."

ROTTWEILERHUNDAR

Harðfisksölumaður versta starfið

Hilmir Snær Guðnason leikur alla þrjá fyrrverandi eiginmenn milljarðamærinnar í leikritinu Milljarðamærin snýr aftur sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu eftir tvær vikur. *Sigríður Björg Tómasdóttir* tók **Hilmi Snæ** í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Hilmir Snær Guðnason.

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Hnotskurnin á ekki alveg við mig.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1969. Það markverðasta í mínum huga er fæðing mín.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Þegar dóttir mín, Viktoría Ísold, leit dagsins ljós.

Ef þú værir ekki leikari hvað myndirðu þá vera? Hef starfað sem leikari, leikstjóri, gæslumaður, sölumaður, símadama, vinnumaður í sveit, prentari, sjómaður. En ég er hestamaður og veiðimaður.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Hlutabréfin í nútímaþrælahaldinu: „Húsið mitt“.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? Í góðri grænngrasa sveit á Íslandi.

Uppáhaldslistamaður allra tíma og af hverju? Knut Hamsun. Af því hann er samkvæmur sjálfum sér og segir sannleikann á svo fallegan og dulrænan hátt. Og margir af mínum samtíðamönnum íslenskum. Það er bara ekki pláss fyrir þá alla í þessum dálki. við eigum yndislega listamenn á þessu landi, það kemur sér vel í kreppunni.

Draumahelgin þín í einni setningu? Sofa vel og hvíla sig, á milli þess að ríða út með vinum sínum í björtu veðri og gleyma áhyggjunum með nóg af sígarettum og nokkrum bjórum og enda með góða bók að kveldi.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Harðfisksölumaður á Lækjartorgi þegar ég var sextán.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Hálendi Íslands.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustar þú mest á í dag? Það er svo margt. Ég er svo mikil alæta. En núna er það snillingurinn KK sem á hug minn allan.

Hvaða leikhúsheimsókn er eftirminnilegust og hvers vegna? Það er uppsetning Stefáns Baldurssonar á Degi Vonar í Iðnó fyrir rúmlega tuttugu árum síðan. Ég gersamlega ákvað þá að þetta vildi ég starfa við, þvílíkt leikrit hjá Birgi Sigurðssyni. Og uppsetning Guðjóns Pedersen á Óþelló í Nemendaleikhúsinu. Hún er mér ógleymanleg.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og hvers vegna? Ég myndi hverfa til þess tíma þar sem maðurinn hefur ekkert að styðja sig við nema vopn sín og hyggjuvit til að afla sér fæðu og skjól yfir nótt. Því þar er grunnurinn í okkur öllum.

Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Þetta venjulega, peningaáhyggjur, að ég sé ekki að standa mig hér eða þar. Þetta sem allir eru í en enginn viðurkennir.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni hvað myndi það vera? Að ég hefði getað lært fyrr af mistökum mínum.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Þegar menn töluðu fyrst um kreppu og ég átti ekki krónu hvort eð er.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Himnaríki og helvíti eftir Jón Kalman Stefánsson. Hún snerti mig mikið.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Föður míns.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Yfirleitt þoli ég alla mjög vel, ég er glaður að upplagi. Þó koma stundir sem ég þoli engan.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Frelsi frá skúffu og sænskuskotnu þjóðfélagi.

Hvaða hlutverk verður þú að leika áður en þú deyrð? Ég verð ekki að leika neitt.

Hver verða þín fleygu hinstu orð? Ha? hva?

Hvað er næst á dagskrá? Milljarðamærin snýr aftur og kvikmyndin Mamma Gógó, hjá Friðriki Þór.

HILMIR SNÆR GUÐNASON Knut Hamsun er eftirlætislistamaðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengur þú með viðskiptahugmynd?

Vinnumálastofnun/Félags- og tryggingamálaráðuneyti
auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2009

Átt þú í fórum þér góða viðskiptahugmynd sem fellur að eftirfarandi atriðum?

· Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
· Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
· Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
· Viðskiptahugmynd sé vel útfærð

Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni er 25 milljónir og er umsóknarfrestur til 9. mars.

Sækja skal rafrænt um á heimasíðunni

www.atvinnumalkvenna.is

ATVINNUMÁL KVENNA

Grafika 09

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Mísó-súpur
Japanskur matur er hollur og einkar bragðgóður. Mísósúpur eru undirstaða í japanskri matargerð og þessar mísóbollasúpur er snilldarmillimál, og ekki síst þegar kuldinn bítur kinn.

Svart svart svart Það er engu logið að svart er heitasti liturinn um þessar mundir. Svart naglalakk frá Lancôme er enn ein sönnun þess að gotharar eru ekki lengur einir um hituna er kemur að svörtum förðunarvörum. Lakkaðu neglurnar svartar, litaðu varir og augu svört, þá ertu með á nótunum.

Woody Allen
Nýjasta mynd hins afkastamikla snillings er frábær og sýnir að allt er sjötugum og eldri fært. Barcelona-borg bauð Allen að gera myndina og hann sagði að sjálfsögðu ekki nei við því enda elskar hann evrópskar borgir. Gráupplagt tækifæri fyrir Reykjavíkurborg eða…

Egg nýjustu rannsóknir herma að óhætt sé að borða meira af þessari kostafæðu en látið hefur verið í veðri vaka undanfarin ár. Eitt egg á dag er sem sagt leyfilegt, ekki bara þrjú á viku í mesta lagi eins og heilsugúrúar hafa haldið fram um skeið.

Á niðurleið

Júróvisjon. Umtalað að framlögin í undankeppnina hafi aldrei nokkru sinni verið verri en í ár.

Að dissa valentínusardag. Á þessum síðustu og verstu tímum er bráðnauðsynlegt að hafa ofgnótt af rómantík í lífinu. Bakaðu hjartalaga vöfflur handa elskunni eða snæddu kvöldverð við kertaljós. Ástin er ókeypis.

Ömmur og mömmur á Facebook. Þessar ágætu konur lesa í allt sem þú skrifar og gagnrýna partímyndir. Svo skrifa þær vandræðalega hluti á veggina hjá börnunum sínum.

Skrýtnar sjálfshjálparbækur fyrir konur. Það má víst aldrei hringja í karlmann eftir fyrsta deit og karlmenn eru ekki nógu skotnir í konum ef þeir vilja ekki sofa hjá þeim. Gott að vita það.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

NEO
BORSTOFUBORÐ
99.990
verð áður 169.980

40% AFSLÁTTUR
NEO borðstofuborð B:90 L:180/240 H:76 cm, háglans hvítt.

VEGNA BREYTINGA

RÝMINGAR-SALA Á 1. HÆÐ

30%-80%

AFSLÁTTUR

AF SMÁVÖRU & HÚSGÖGNUM SÍÐUSTU EINTÖK

ALLT Á AÐ SELJAST!

9.990
VERÐ ÁÐUR: 34.980

70% AFSLÁTTUR
MOES borðstofustóll, hvítt leður.

79.990
VERÐ ÁÐUR: 139.980

40% AFSLÁTTUR
ASPEN La-z-boy stóll
B:85 D:85 H:105 cm. Fæst
í hvítu, brúnu og svörtu áklæði.

EXPO

NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ: Laugardag 12 – 18 • Sunnudagur lokað.

HÚSGAGNAHÖLLIN

NÝ & GLÆSILEGRI HÚSGAGNAHÖLL

VIÐ FLYTJUM UPP Á 2. HÆÐ
KOMDU OG UPPLIFÐU

40% AFSLÁTTUR

NEO sjónvarpsborð B:160 D:60 H:40 cm, háglans hvítt.

59.980

VERÐ ÁÐUR: 99.980

40% AFSLÁTTUR

NEO skenkur B:168 D:45 H:80 cm, háglans hvítur.

69.990

VERÐ ÁÐUR: 119.980

NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

ANDREW barstóll, fæst í brúnu eða hvítu leðri.

11.980

VERÐ ÁÐUR: 19980

RIALTO tungusófi B:234 D:153/91 H:71 cm, fæst í brúnu og cappucino áklæði. Hægt er að velja um hægri eða vinstri tungu.

119.980

VERÐ ÁÐUR: 179.980

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

Laufey Guðmundsdóttir

frá Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð.
Síðast til heimilis að
Austurbrún 6, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum þann 12. febrúar sl.
Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
systkini hinnar látnu.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Magnúsar Kristins Finnbogasonar

Álfhólsvegi 151, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítala Landakoti og heimahjúkrun Karitas, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Erlendur Magnússon **Steinunn Hlín Guðbjartsdóttir**
Kristín Magnúsdóttir
Lárus Pálmi Magnússon **Sonja Lampa**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Bjarna Björnssonar

Álfalandi 8, Reykjavík.

Valgerður Gísladóttir
Sólborg Bjarnadóttir **Sigurður Júlíus Kristinsson**
Dagbjört Bjarnadóttir **Páll Högnason**
Hjalti Bjarnason **Kristín Kristjánsdóttir**
Sigríður Bjarnadóttir **Jón Orri Magnússon**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna andláts og útfarar,

Agnars Jörgenssonar

Dalbraut 20, Reykjavík.

Jensey Stefánsdóttir
Edda Agnarsdóttir **Birgir Guðmundsson**
Kolbeinn Agnarsson **Ljósbrá Guðmundsdóttir**
Kjartan Agnarsson
Hlín Agnarsdóttir
Gyða Agnarsdóttir **Guðjón Aðalsteinsson**
Ari Agnarsson **Védís Guðjónsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

TILBOÐSDAGAR

30-50% afsláttur
af völdum legsteinum
á meðan birgðir endast

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

MICHAEL BLOOMBERG ER 67 ÁRA

„Hinn sanni ameríski andi kemur hvergi betur í ljós en í New York-borg."

Bloomberg hefur verið borgarstjóri New York-borgar frá árinu 2001. Árið 2008 var hann í áttunda sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn Bandaríkjanna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 14. FEBRÚAR 1942

BSRB sett á laggirnar

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var stofnað þennan dag árið 1942. BSRB eru samtök launafólks í opinbera geiranum eða þeirra sem starfa hjá ríki, sveitar-félögum eða fyrirtækjum í almannaþjónustu. Í dag standa 28 aðildarfélög að samtökunum og er samanlagður fjöldi félaga um nítján þúsund. Þar af eru um sjötíu prósent konur.

Samtökin hafa komið ýmsu til leiðar og ári eftir stofnunina voru fyrstu lögin um lífeyrissjóði sett. Af öðrum áföngum í baráttunni fyrir kjararéttindum má nefna setningu laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna árið 1954 og samning um verkfallsrétt árið 1976

Fyrsti formaður samtakanna var Sigríður Thorlacius. Ögmundur Jónasson var síðasti formaður þess en hann óskaði nýlega eftir heimild stjórnar til að draga sig í hlé frá störfum fram yfir næstu alþingiskosningar þar sem hann gegnir nú embætti heilbrigðisráðherra.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Snæbjörn Ármann Björnsson

fyrrverandi bóndi á Nolli,
Grenilundi, Grenivík,

lést á Grenilundi fimmtudaginn 12. febrúar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Björn Snæbjörnsson **Magga Kristín Björnsdóttir**
Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir
Stefán Sigurður Snæbjörnsson **Súsanna Poulsen**
Kristinn Snæbjörnsson **Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför systur okkar, mágkonu og frænku,

Maríu Jóhannsdóttur

frá Háagerði, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða og hlýja umönnun.

Benedikt Jóhannsson
Aðalsteinn Jóhannsson **Guðbjörg Stefánsdóttir**
Guðrún Jóhannsdóttir
Freygerður Geirsdóttir **Örn Hansen**

Hjartans þakkir til hinna fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og virðingu í veikindum og við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, tengdasonar, afa og langafa,

Bjarna B. Ásgeirssonar

Efstaleiti 12,

og heiðruðu þannig minningu hans. Guð blessi ykkur öll.

Elín Guðmundsdóttir
Anna Rósa Bjarnadóttir **Kristinn Héðinsson**
Ásgeir G. Bjarnason **Sigríður Hafberg**
Guðrún Helga Bjarnadóttir **Kristján Björnsson**
Regína Bjarnadóttir **Henry Alexander Henrysson**
Guðrún Helgadóttir
afabörn og langafabörn.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÝMISLEGT UM AÐ VERA Sýningin Heyrðist eins og harpan væri að gráta, sem er brúðusýning unnin upp úr sögunni Prinsessan í hörpunni, stendur sem hæst og geta börn sem koma á heimsdaginn virt hana fyrir sér. MYND/ANTON

HEIMSDAGUR BARNA: Í FIMMTA SINN

Kynnast heiminum

Á heimsdegi barna sem verður haldinn í fimmta sinn í dag fá íslensk og erlend börn að kynnast hinum ýmsu heimshornum með áþreifanlegum hætti. Dagurinn er haldinn hátíðlegur í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi þar sem boðið er upp á margs konar listasmiðjur tengdar litríkri menningu ýmissa þjóða.

„Markmiðið með deginum er fyrst og fremst að kynna menningu okkar og annarra þjóða fyrir íslenskum og erlendum börnum og er það gert með ýmsum hætti," segir Guðrún Dís Jónatansdóttir, verkefnisstjóri hjá Gerðubergi. „Að þessu sinni leggjum við ríka áherslu á að bjóða upp á smiðjur sem börnin geta tekið þátt í óháð tungumálakunnáttu. Þetta eru hinar ýmsu dans- og listasmiðjur þar sem engu máli skiptir hvort börnin tala íslensku eða annað tungumál enda tjáningin ekki í gegnum tungumálið." Í smiðjunum gefst börnunum kostur á að kynnast ólíkum menningarheimum með áþreifanlegum hætti en þau geta gert japönsk origami-listaverk, dansað afró, hiphop og salsa og búið til eigin suður-amerískar maracas-hristur svo dæmi séu tekin. Þá er boðið upp á ýmsa aðra skemmtun eins og sjóræningja-, sápukúlu- og brúðuleikhússmiðju. „Við höfum farið ýmsar leiðir í að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og erum alltaf að prófa okkur áfram," segir Guðrún.

Heimsdagur barna er ávallt haldinn í tengslum við vetrarhátíð Reykjavíkurborgar og er hann að mati Guðrúnar búinn að festa sig í sessi. „Þetta er einn af okkar stærstu viðburðum ætlaður börnum og erum við þónokkuð dugleg á því sviði," segir hún en um 1.000 manns hafa að jafnaði sótt viðburði dagsins. „Þá reynum við að bjóða upp á barnasýningar í tengslum við daginn. Að þessu sinni eru það sýningarnar Heyrðist eins og harpan væri að gráta, sem er brúðusýning unnin upp úr sögunni Prinsessan í hörpunni, og svo Þetta vilja börnin sjá!, þar sem gefur að líta nýjar barnabækur og myndir úr þeim."

Nánari upplýsingar um dagskrá heimsdagsins má finna á gerduberg.is.

vera@frettabladid.is

65 ára afmælí

Þórdís Garðarsdóttir

Þessi myndarlega og sterka kona er 65 ára í dag.

Til hamingju með daginn,
Lúlli og Ella

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðbjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

FÁÐU INNEIGN
TILBOÐI LÝKUR
18. FEBRÚAR

10% INNEIGN

10% til inneignar

800kr. til inneignar!

NÝJUNG!
SKRÚFVÉL MEÐ LJÓSI OG SEGUL-SKRÚFUHALDARA Á SLEÐA.

7.999

Skrúfvél
B&D 3.6 V, Lion rafhlaða.
11 bitar, ljós og segulskrúfuhaldari.
5246009

499kr. til inneignar!

10 ltr.

Húsasmiðjumálning
10 ltr. Beinhvítt og Hrímhvítt.
7119963/67

ódýrt 4.990

149kr. til inneignar! á m2

ódýrt 1.490m2

Plastparket
eikarlíki, 3ja stafa.
Borðastærð 1292x192x6.
146956

269kr. til inneignar! á m2

ódýrt 2.690m2

Gólfflís Bardiglio
Dökkgráar, frostþolnar og gegnheilar flísar, 30x30 sm. 8.6 mm á þykkt.
8630033

1.200kr. til inneignar!

2 rafhlöður

Hleðsluborvél
B&D 14.4 V, 2 rafhlöður.
5246006

11.995

kl. 11:30-17:00
laugardag og sunnudag

Hamborgari og Franskar
Í Skútuvogi
190kr

kl. 11:30-14:00

Gúllassúpa
Í Skútuvogi og Selfossi
190kr

***VIÐ BORGUM ÞÉR - SKILMÁLAR.**
Upphæð inneignarnótu miðast við endanlegt verð. Þ.e. 10% af þeirri upphæð sem viðskiptavinur borgar. Tilboðið gildir af öllum vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali að undanskildu steypustyrktarstáli, timbri, plötum og sérpöntunum. Inneignir eru einungis til úttektar í mars 2009.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FEBRÚARFJÖR
blaðbera Pósthússins

*Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins, hefur sett í gang **skemmtilegan leik** sem kallast Febrúarfjör og er markmiðið að verðlauna duglega og kvartanalausa blaðbera með ýmsu móti.*

*Einu sinni í viku í allan febrúar verða **kvartanalausir blaðberar** dregnir út og fá þeir verðlaun á borð við sælgæti frá Nóa, höfuðbuff, pizzuveislu og bíómiða.*

*Um mánaðarlokin verður **blaðberi febrúar** valinn og fær hann glæsilegan Nokia 6085 gsm síma að gjöf.*

*Tilkynnt verður um vinningshafa á heimasíðu Pósthússins **www.posthusid.is***

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is

félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu

TILBOÐ

Gildir 12.-22. febrúar

VELJUM ÍSLENSKT

BÓNUS

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Hrærður en ekki hristur!

Drengir eru gjarnan hrifnir af dóti sem undirstrikar karlmennsku þeirra eins og stórum bílum og verkfærum. Þvottadrengurinn er engin undantekning þar á. Honum líður hvergi betur en í pallbílnum sínum og á merkilega mikið safn verkfæra miðað við verklagni. Eitt hefur hann þó ekki eignast enn en dreymir reglulega um. Appelsínugula steypuhrærivél. Ekki það að þvottadrengur þurfi mikið á steypuhrærivél að halda. Við byggjum varla úr þessu og höfum þar að auki ekkert pláss til að geyma slíkt ferlíki. En hrærivélina sér hann í hillingum og dvelur langdvölum við slíkar þegar hann á erindi í byggingavöruverslun. Ég hef lítinn skilning á þessu svo hann ræðir þessa dagdrauma við föður sinn sem deilir þessum áhuga.

Þvottadrengurinn hefur þó sýnt og sannað að þótt gjarnan vanti eitthvað upp á verklagni við framkvæmdir þá býr hann sannarlega yfir ákveðinni hæfni. Hæfni við matseld. Í eldhúsinu hefur hann því fundið staðgengil steypuhrærivélarinnar, KitchenAid-hrærivél. Og hún er meira að segja appelsínugul! Til að byrja með sýndi hann vélinni lítinn áhuga en eftir að hafa þurft í neyð að hræra pitsudeigið sjálfur uppgötvaði hann töfra hrærivélarinnar. Þeir voru hreint ekki ósvipaðir þeim sem hann hafði ímyndað sér að steypuhrærivélin byggi yfir. Nú hrærir hann öllum stundum. Ekki er nóg með að hann liggi yfir uppskriftum og matreiðsluþáttum í sjónvarpinu, heldur hangir hann á YouTube þess á milli þar sem hann hefur lært að hræra í heimagerðar tortilla-kökur og nú er stefnan sett á að hræra í hamborgarabrauð og jafnvel pylsubrauð. Ég er himinlifandi yfir þessum áhuga og hvet hann sem mest ég má. Veit þó ekki hvort hann hefur rætt þetta við föður sinn.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

PS3 leikir
1.989
PS3 leikir
Allar nýjar DVD
20% afsláttur
afþreying
á ótrúlegu verði
Nýir tölvuleikir - 10% afsláttur
PS2 leikir
989
PS2 leikir
PSP leikir
989
PSP leikir
PC leikir
989
PC leikir
DVD titlar
750
DVD titlar
Xbox 360
1.989
leikir
OPNUNARTÍMI
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-19
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
og í Holtagörðum
MAX
RAFTÆKI

! **Sunnudag kl. 21**
Stórsveit Reykjavíkur endurtekur vegna fjölda áskorana breytilega dagskrá úr nótnabók Thad Jones (1923-86) á fernum tónleikum á Café Rosenberg, Stjórnandi er Sigurður Flosason. Mánudag kl. 21, og sunnudag 22. feb. kl. 21 og mánudag 23. feb. kl. 21.

menning

menning@frettabladid.is

Leiklistin í Kvosinni

Í gærkvöldi var opnuð sýning í Aðalstræti 10 helguð gömlu leikhúsunum í Kvosinni í Reykjavík. Sýningin ber yfirskriftina „Kvosin – vagga leiklistar". Það er Leikminjasafn Íslands sem hefur veg og vanda af sýningunni, en Reykjavíkurborg styrkir gerð hennar. Reykjavík var lengi að heita mátti leikhúslaus bær. Fyrsta húsið, sem byggt var sérstaklega til sjónleikhalds, kom ekki til sögunnar fyrr en árið 1893; það var Fjalakötturinn svonefndi, Aðalstræti 8, sem var rifinn illu heilli fyrir rúmum tuttugu árum. Fjórum árum síðar var Iðnó reist, en það var aðalleikhús Reykvíkinga næstu hálfa öldina. Á fyrri hluta 19. aldar áttu Reykvíkingar að vísu ekkert hús þar sem mátti koma almennum leiksýningum fyrir með góðu móti. Það eignuðust þeir ekki fyrr en árið 1850, þegar byggt var stórt tvílyft timburhús við suðurenda Aðalstrætis á lóðinni sem Herkastalinn stendur nú á. Á neðri hæð þess var rúmgóður samkomusalur þar sem mátti koma fyrir leiksviði. Þar fór fram árið 1854 fyrsta leiksýningin sem almenningi var seldur aðgangur að í sögu Reykjavíkur. Á sýningu Leikminjasafnsins er brugðið upp fáeinum svipleiftrum úr þessari löngu horfnu leikhúsmenningu. **- pbb**

MENNING Fjalakötturinn, fyrsta sérbyggða leikhúsið í Reykjavík og eitt elsta kvikmyndahús Evrópu, var rifið í tíð Davíðs Oddssonar borgarstjóra.

> Ekki missa af…

Söngskólinn í Reykjavík og Listasafn Reykjavíkur bjóða til ókeypis söngtónleika til heiðurs tónskáldinu Jóni Ásgeirssyni. Á tónleikunum verða flutt sönglög og kórverk eftir Jón en flytjendur eru Auður Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson, Jónas Ingimundarson, Jón Stefánsson og Kammerkór Langholtskirkju. Kjarvalsstöðum sunnudag kl. 17.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Þri 17/2 kl. 18:00 fors. U	Sun 1/3 kl. 14:00 U	Lau 21/3 kl. 14:00 U
Mið 18/2 kl. 18.00 fors. U	Sun 1/3 kl. 17:00 U	Lau 21/3 kl. 17:00 U
Fös 20/2 kl. 18:00 fors. U	Lau 7/3 kl. 14:00 U	Sun 22/3 kl. 14:00 U
Lau 21/2 kl. 14:00 frums. U	Lau 7/3 kl. 17:00 U	Sun 22/3 kl. 17:00 U
Lau 21/2 kl. 17:00 U	Sun 8/3 kl. 14:00 U	Lau 28/3 kl. 14:00 U
Sun 22/2 kl. 14:00 U	Sun 8/3 kl. 17:00 U	Lau 28/3 kl. 17:00 U
Sun 22/2 kl. 17:00 U	Lau 14/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 14:00 U
Lau 28/2 kl. 14:00 U	Sun 15/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 17:00 U
Lau 28/2 kl. 17:00 U	Sun 15/3 kl. 17:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 14/2 kl. 20:00 Ö	Fös 27/2 kl. 20:00	Lau 14/3 kl. 20:00 Ö
Fim 19/2 kl. 20:00 Ö	Fim 5/3 kl. 20:00 aukasýn.	Mið 18/3 kl. 20:00 aukasýn.
Fim 26/2 kl. 20:00 Ö	Fös 6/3 kl. 20:00	

Sýningum lýkur 18. mars

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00 Ö	Lau 14/3 kl. 13:00	Lau 28/3 kl. 13:00
Lau 7/3 kl. 13:00 Ö	Lau 21/3 kl. 13:00	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Sumarljós (Stóra sviðið)

Sun 15/2 kl. 20:00 Ö		

Síðasta sýning

Heiður (Kassinn)

Lau 14/2 kl. 20:00 Ö	Fös 20/2 kl. 20:00 Ö	Lau 28/2 kl. 20:00 Ö

Sýningum að ljúka

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

Birtan skær við höfnina

Nýlega var greint frá fyrirhugaðri keppni um endurskipulag svæðisins umhverfis gömlu höfnina í Reykjavík á vegum Faxaflóahafna. Samkeppnin er öllum opin og segja forráðamenn að nú sé tími til að líta til langs tíma.

SKIPULAGSMÁL Ný hverfi eru að rísa við gamla hafnarstæðið í Reykjavík. Ráðstefna um lýsingu nýrra opinna svæða er í Norræna húsinu í dag.

Samkeppnin kemur beint ofan í seinni ráðstefnu á vegum CIA og Norræna hússins um framtíð og endurskipulag hafnarborga sem verður í Norræna húsinu í dag. Breiður hópur erlendra listamanna og ljósahönnuða, arkitekta og fræðimanna flytja erindi og sýna nýleg dæmi um spennandi verkefni sem bera vitni um aukna vitund á birtingarmynd borga og nýja sýn á líf í borg. Í þessum síðari hluta er sjónum beint að mikilvægi fallegrar lýsingar í opinberu rými borga. Efnið er notað sem innblástur í pallborðsumræður um stöðu og möguleika Reykjavíkur í þessu samhengi.

Hafnarborgir hafa í gegnum tíðina mótast af iðnvæðingu og alþjóðaviðskiptum. Síðustu ár hafa hafnir og starfsemi í kringum þær flust í úthverfi. Eldri hafnarsvæði hafa fengið nýtt hlutverk og þar mótuð ný ásýnd til að laða að ferðamenn og skapa nýtt viðskiptaumhverfi. Þá opnast svæði við sjó, sem yfirleitt eru tengd miðborgum, stór hverfi lifna á ný. Allt þetta mótast af því hvernig hafnarborgir eru endurskilgreindar.

Reykjavík, nyrsta höfuðborg heims, er aðeins ein fjölmargra borga um heim allan sem er stöðugt að breytast eftir því sem alþjóðaviðskipti, ferðaþjónusta og samtímamenning hafa mótandi áhrif á þróun borga. Nú gefst tækifæri til að endurmeta stöðuna og skapa nýja framtíðarsýn. Ráðstefnan hefst kl. 13 og fer fram á ensku. **pbb@frettabladid.is**

Heimsdagur barna á Vetrarhátíð

Vetrarhátíð í Reykjavík

Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og félagsmiðstöðinni Miðbergi, laugardaginn 14. febrúar kl. 13.00-17.00

Verið velkomin á Heimsdag barna!
Listsmiðjur tengdar litríkri menningu ýmissa þjóða standa frá 13.00-16.00. Í lokin frá kl. 16.00-17.00 verður boðið upp á skemmtidagskrá og fjörugt salsaball í A-sal á efri hæð Gerðubergs.

LISTSMIÐJUR:

GERÐUBERG - EFRI HÆÐ

Myndlist og manneskjur - eru allir öðruvísi?
Flökkusýning Listasafns Reykjavíkur
Opin listsmiðja í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, krökkum er boðið að búa til sjálfsmynd úr orðum og öðrum efnivið.

Hiphop og break danssmiðja
Þessi vinsæli götudans þróaðist á götum New York á 8. og 9. áratugnum. Lærðu nokkur vel valin spor við taktfasta hiphop tónlistina.

Brúðuleikhússmiðja og sýning
Mjallhvít, sýning kl 13:30 á bókasafninu. Eftir sýninguna geta áhorfendur búið til sínar eigin leikbrúður.

GERÐUBERG - NEÐRI HÆÐ

Sviðsbardagalist til sjálfsstyrkingar – smiðja
Sviðsbardagi í bland við leiklist

Lífræn kviksjá
Upplifðu ævintýraheim ljóss og skugga. Risastór kviksjá gerir manneskjuna að lítilli ögn og ný form myndast þegar stigið er inn í kviksjána.

Origami föndursmiðja
Lærðu að búa til listaverk úr pappír eftir reglum japönsku pappírslistarinnar Origami.

MIÐBERG

Sjóræningjasmiðja
Komið og búið til sjóræningjasverð, lepp fyrir augað og perlufesti og kíkið á sjóræningjabíó!
NEÐRI HÆÐ

Sápukúlusmiðja
Æfið ykkur í að blása sápukúlur af öllum stærðum og gerðum úr ótrúlegustu tækjum!
NEÐRI HÆÐ

Maracas hristusmiðja
Komið og búið til ykkar eigin maracas hristur eins og notaðar eru í suður-amerískri tónlist.
EFRI HÆÐ

Krökkum verður boðið upp á skrautlega andlitsmálningu

Café Haiti er með útibú í Miðbergi og býður upp á ilmandi kaffi og góðgæti!

Dagskrá í sal kl. 16.00-17.00:
Félagar úr hópnum Ice on fire sýna Hip hop dans • Jón Víðis, töframaður, sýnir töfrabrögð með sápukúlum
Börn úr söng- og leiklistarskólanum Sönglist troða upp • Edna Mastache slær upp salsaballi fyrir alla fjölskylduna

Nánari dagskrá er að finna á www.gerduberg.is
Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar!

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 14. febrúar 2009

Tónleikar

15.00 Lúðrasveit Verkalýðsins heldur barnatónleika í Íslensku Óperunni við Ingólfsstræti. Kynnar eru Villi naglbítur og Sveppi. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Hulda Björk Garðarsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Snorri Wium og Ólafur Kjartan Sigurðarson, ásamt píanóleikaranum Helgu Bryndísi Magnúsdóttur, flytja atriði úr þekktum óperum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

21.30 Ljótu hálfvitarnir verða með tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg þar sem flutt verður nýtt efni í bland við eldra.

22.00 Grænlenska hljómsveitin Liima Inui spilar reggae, popp og rokk í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík verða með innsetningar.

Vetrarhátíð

Vetrarhátíð 13. og 14. febrúar Dagskrá hátíðarinnar er afar fjölbreytt og allir viðburðir ókeypis. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.vetrarhatid.is.

Opið Hús

13.00 KorpArt-hópurinn verður með opið hús á Korpúlfsstöðum í Grafarvogi milli kl. 13 og 17, þar sem gestum gefst tækifæri á að skoða listaverk og spjalla við listamennina.

Börn

Í Gerðubergi við Gerðuberg 3-5, verður fjölbreytt dagskrá í tilefni af Heimsdegi barna milli kl. 13 og 17. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 15. febrúar 2009

Tónleikar

17.00 Söngskólinn í Reykjavík heldur tónleika til heiðurs tónskáldinu Jóni Ásgeirssyni á Kjarvalstöðum við Flókagötu. Aðgangur ókeypis.

17.00 Strengjasveit Listaháskóla Íslands heldur tónleika í Neskirkju þar sem á efnisskránni verða verk eftir Mozart, Jón Ásgeirsson og Benjamin Britten. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

20.00 Minningartónleikar um söngkonuna og tónsmiðinn Bergþóru Árnadóttur verða haldnir í Fríkirkjunni. Meðal þeirra sem koma fram eru, Eyjólfur Kristjánsson, Ellen Kristjánsdóttir, Hjörleifur Valsson og Guðrún Gunnarsdóttir.

20.00 Eivör Pálsdóttir heldur tónleika á vegum Listafélags Langholtskirkju við Sólheima.

21.00 Stórsveit Reykjavíkur leikur tónlist Thad Jones á Café Rosenberg við Klapparstíg. Stjórnandi er Sigurður Flosason.

Leiðsögn

Á Kjarvalsstöðum við Flókagötu verður leiðsögn um Kjarvalsýninguna kl. 15.00 og um sýninguna Skáklist kl. 16.00. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

www.bnb.is

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að Kletthálsi 2. Betur yfirfarnir bílar í betra ástandi og á betra verði hjá öllum söluaðilum Toyota.

Opið: **BNB** Kletthálsi, Toyota Kópavogi, Toyota Akureyri, Toyota Reykjanesbæ, Toyota Selfossi og Toyota Austurlandi
laugardag kl. 12–16

GÆÐABÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Yaris
2000 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 05.03 Ekinn: 97.300 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. BR-513

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI
1 ÁRS ÁBYRGÐ

Toyota RAV4 4WD
1300 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.03 Ekinn: 92.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. EN-088

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Auris Sol Diesel MM
1800 Dísel 5 gíra MM sjálfskiptur
Á götuna: 11.07 Ekinn: 5.000 km
Verð: 3.020.000 kr. Skr.nr. II-P36

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 120 VX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 01.07 Ekinn: 77.822 km
Verð: 6.630.000 kr. Skr.nr. ML-356

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 27.000 km
Verð: 6.700.000 kr. Skr.nr. PR-006

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 100
4200 Dísel sjálfsk., sóllúga
Á götuna: 09.04 Ekinn: 97.000 km
Verð: 6.720.000 kr. Skr.nr. PV-827

GÆÐABÍLL KÓPAVOGI

Toyota Avensis S/D Terra
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.02 Ekinn: 130.500 km
Verð: 940.000 kr. Skr.nr. RK-573

ÚRVALSBÍLL KÓPAVOGI

Toyota Avensis S/D Sol
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 09.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 2.890.000 kr. Skr.nr. SZ-156

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 100, Navi, sól
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 42.000 km
Verð: 8.690.000 kr. Skr.nr. UT-630

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI

Lexus IS250 Sport
2500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 30.000 km
Verð: 6.790.000 kr. Skr.nr. VX-791

GÆÐABÍLL KLETTHÁLSI

Toyota Corolla H/B Sport
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 10.04 Ekinn: 82.213 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. YE-270

ÚRVALSBÍLL KÓPAVOGI
1 ÁRS ÁBYRGÐ

Toyota RAV4 4WD
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 63.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. ZP-138

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi	NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Kletthálsi 2	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Reykjavík	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 570-5220	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 44966 01.2009

> TÍSKUTEITI Í KVÖLD

Hönnunarhofið KronKron slær upp veislu í kvöld í tilefni fyrsta bland-disks af fjórum sem plötusnúðarnir B-Ruff og Gísli Galdur hafa sett saman. Gleðin hefst klukkan 21 og heldur svo áfram síðla kvölds á skemmtistaðnum Kúltúra. Þess má einnig geta að verslunin er stútfull af nýjum og spennandi vörum.

stíll

utlit@frettabladid.is



Mix Cd KronKrons Þessi blanda sett saman af B-Ruff og Gísla Galdri kemur öllum í partístuðið um helgina.

OKKUR LANGAR Í ...

Svart gloss með hæfilegum gljáa til að setja upp á síðkvöldum. Úr vorlínu Lancôme.

Lífsleyndarmál Lancôme Hrukkubaninn „Secret de vie“ sem bjargar vetrarþreyttum andlitum. Leynivopn allra fagurra kvenna.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Flottar nærbuxur á degi hverjum

Af einhverjum sorglegum ástæðum er eins og margar konur gleymi gleðinni sem felst í því að klæðast fallegum fötum innan undir því sem þær eru í dags daglega. Svo kemur Valentínusardagur og þá eru þær nærri skikkaðar til að fara í rauðu satínnærfötin sem eiginmaðurinn eða elskhuginn færir þeim, vonandi í réttri stærð, til að koma í veg fyrir rifrildi. En falleg nærföt eru bara alls ekki einungis fyrir Valentínusardag né fyrir karlmanninn í lífi þínu. Það er bókað mál að hvaða konu sem er líður betur í flottum undirfötum (í stíl, í guðanna bænum) heldur en margþvegnum leppum úr næstu stórvöruverslun sem hafa öðlast gráa slikju í þurrkaranum. Hvergi í heiminum er nærfötum hampað jafnmikið og í Frakklandi, landi ástarinnar, en eins og ég komst að þar í landi blómstrar nærfataiðnaðurinn þar og úrvalið hreint með ólíkindum. Alþjóðlega orðið „lingerie“ er einmitt úr frönsku og þýðir í raunninni „þvottur“ enda eru það væntanlega þessar flíkur sem fara oftast í vélina. Hugmyndin um að nærfatnaður kvenna gæti verið fallegur eða jafnvel kynþokkafullur er ekki svo gömul. Fyrr á öldum voru undirföt aðallega notuð til þess að breyta líkamslagi kvenpeningsins, ýkja mjaðmir og mitti eða gera barminn þrýstnari. Á sjötta áratugnum fóru þó undirföt að minnka í ummáli og verða kynþokkafyllri og voru í raun einmitt í þeim anda sem er nú í tísku í undirfataheiminum, svokölluðum „burlesque“-stíl sem nektardansmeyjan Dita Von Teese gerði frægan. En aftur að aðalmergi málsins, falleg nærföt gera meira fyrir sjálfstraustið en Pradakjóll og Rykielskór. Þegar þú ert í fallegum nærfötum geymir þú leyndarmál allan daginn nema ef eða þegar þú kýst að ljóstra því upp fyrir manninum í lífi þínu. Í dag er haldið upp á hina sykursætu bresku uppfinningu Valentínusardag, dag elskendanna, daginn þegar markaðsöflin ýta karlmönnum út í að kaupa rósir, konfekt og nærföt handa konum. Nú er ég alls ekki að halda því fram að okkur konum þyki ekki gaman að fá slíkar gjafir, en skemmtilegast er þó þegar þær ber óvænt að. Fyrir utan það að falleg nærföt ættu að vera einn mikilvægasti hluti af klæðnaði hverrar konu, ekki bara á Valentínusardaginn heldur hvern einasta dag.



REIÐBUXUR Klassískt breskt „lúkk“ fært í stílinn. Beige-litaðar reiðbuxur, grænn hneppt peysa og bindi frá Rag & Bone.

JARÐARLITIR Frumleg samsetning í brúnum tónum frá Marni.

TWEEDKÁPA Flott samsetning sem er smart bæði í borg og sveit, brún tweedkápa við svartar sokkabuxur og alpahúfu frá Rag & Bone.

BRESK SVEITASETURSÁHRIF:

Tweed, gúmmístígvél og loðvesti

Fatahönnuðir hafa oft hrifist af hinu klassíska breska „kántrílúkki“ sem á eflaust rætur sínar að rekja til bókmennta Evelyn Waugh og Brideshead Revisited. Hefðbundin bresk veiðiklæði eru í jarðarlitum og úr tweed-efnum og í vetur notfærðu hönnuðir eins og Rag & Bone, Carolina Herrera, Marni og Alexander McQueen sér þetta útlit óspart. Vissulega er þetta mjög smekklegt í sumarbústaðinn og sveitaferðirnar en spurning um að tóna þetta aðeins niður fyrir regnið í 101 Reykjavík.

- amb

STÍGVÉL Skemmtileg útfærsla af klassískum grænum „wellington boots“ hjá Marni. Þessi eru með opinni tá og tréhæl.

GAMALDAGS Falleg samsetning sem minnir á bresk strákaföt. Hnébuxur, vesti, jakki og sixpensari frá Rag & Bone.

Bifreiðaeigendur athugið!
Tímareimaskipti.
Bremsuviðgerðir.
Kúpplingsviðgerðir.
Smurþjónusta.
Tímapantanir í síma
5355826
FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822

ÓTAL GERÐIR HREINDÝRARIFFLA
frá: Mossberg, Remington, Marlin, CZ, Sako, Tikka, Weatherby og Fabarm.
Verð frá: 59.900
Remington Marlin Weatherby FABARM ČZ sako
INTERSPORT VEIÐIDEILD
Lindum Skógarlind 2 – sími 585 7260
Húsgagnahöllinni Bíldshöfða – sími 585 7239

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

BT

0% VEXTIR

TOSHIBA

P300-1DA
Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
3 GB DDR 800 MHz
250GB SATA 7200rpm diskur
17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
Windows Vista Home Premium

10.000 KR KAUPAUKI!!!*

FYLGIR

159.999

Verð frá: 13.733
12 mánaða vaxtalaust

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BT!!

TOSHIBA

A300
Intel Core 2 Duo T3200 örgjörvi, 2.0GHz
3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
250GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.4" WXGA TruBrite skjár með 1280x800 upplausn
256MB ATI Mobility HD 3470 DX10.1 skjákort með allt að 1GB HyperMemory
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
Windows VISTA Home Premium
1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit

10.000 KR KAUPAUKI!!!*

FYLGIR

139.999

0% VEXTIR

Verð frá: 12.016
12 mánaða vaxtalaust

MARGMIÐLUNARSPILARI

Argosy margmiðlunarspilarinn

Tengist beint í sjónvarp eða græjur
Hágæða kvikmyndaafspilun
Spilar ljósmyndir í slideshow
Fjarstýring
500GB Harður Diskur

500GB DISKUR!!

29.999

2.1 HÁTALARAKERFI

Creative I-Trigue 3000 2.1 hátalarar
Flottar græjur fyrir iPod eða mp3 spilara.
Kraftmikið 2.1 hátalarakerfi
Tveir 6W stereo hátalarar
12W bassabox.

VIRKAR MEÐ IPOD!!!

11.999

XBOX 360 ELITE + GTA IV SE

Fylgihlutir
Þráðlaus stýripinni
120GB harður diskur
Headset
Hdmi kapall

GTA4 SE

0% VEXTIR

74.999

FYLGIR

Verð frá: 6.437
12 mánaða vaxtalaust

BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - 550 4444 - BT.IS

Lægra verð í Lyfju

✚ Gildir út febrúar 2009 www.lyfja.is

20% verðlækkun+
SOTHYS Total Cohesion. Vinsælasta 24 stunda kremið frá Sothys. Þéttir og styrkir frymisgrind frumanna, sem gerir það að verkum að húðin endurnýjast. ~~5.249 kr.~~ **4.199 kr.**

20% verðlækkun+
CLINIQUE Superdefence. Mest selda rakakremið frá Clinique. Ofnæmisprófað og 100% ilmefnalaust. ~~6.739 kr.~~ **5.391 kr.**

20% verðlækkun+
CLARINS 24 stunda krem. Söluhæsta 24 stunda kremið frá Clarins. Ver húðina gegn kulda og stuðlar að rakajafnvægi.
~~6.829 kr.~~ **5.463 kr.**

LYFJA
– Lifið heil

„Maður reynir að láta sér standa á sama, en ég finn fyrir þrýstingnum. Allt þarf að líta vel út frá öllum sjónarhornum þegar það eru myndir af manni í blöðunum.“

TORI SPELLING um þrýstinginn sem hún finnur fyrir í Hollywood gagnvart útliti sínu.

Fólk

folk@frettabladid.is

„Þegar ég varð veik af lungnabólgu í fyrra fylltist ég svo miklum ótta við það að deyja að ég missti sjónina eitt augnablik og það leið næstum því yfir mig.“

GWYNETH PALTROW um ótta sinn við lungnabólgu, en hún missti föður sinn, Bruce Paltrow, úr lungnasjúkdómi árið 2002.

„Við gistum stundum hvort hjá öðru.“

JOHN MAYER svarar Ellen DeGeneres í spjallþætti hennar þegar hún spurði um samband hans við Jennifer Aniston.

Pálmi Gestsson í sjávarháska

Stórleikarinn Pálmi Gestsson lenti í sjávarháska í vikunni við tökur á Spaugstofuþætti kvöldsins. Innan Spaugstofunnar er talað um að efni sé komið í Útkallsbók eftir Óttar Sveinsson.

„Já, mér var bráður bani búinn. Nei, nei, en þetta var ótrúlega kalt. Ég hef sjaldan upplifað annan eins kulda – hvort það var rakinn og vindkælingin,“ segir Pálmi Gestsson Spaugstofumaður sem lenti í sjávarháska í vikunni.

Verið var að taka upp atriði þar sem Pálmi, í hlutverki Davíðs Oddssonar, er að forða sér undan fréttamönnum á gúmmíbát en þá vildi ekki betur til en að utanborðsmótorinn gaf sig. Og Pálma, ásamt Óttarri Hrafnkelssyni, formanni Sigluness, siglingaklúbbs, rak hratt beint á haf út. Menn í landi, úr tökugengi Sjónvarpsins, voru uggandi. Tala jafnvel um að þarna sé komið efni í nýja Útkallsbók eftir Óttar Sveinsson. Formaður siglingaklúbbsins átti engin úrræði en þá „... reif Vestfjarðavíkurinn upp árina og bjargaði bæði sér, bátnum og formanninum“ segir einn úr tökuliðinu. Og bætir því við að hvorki hafi heyrst hósti né stuna í Bolvíkingnum þar sem hann stóð í ísköldum garranum á nælonskyrtunni og reri til lands. Heimtur úr sjávarháska.

PÁLMI BJARGAR SÉR, BÁTNUM OG FORMANNINUM Gúmmíbátinn rak hraðbyri á haf út en þá reif Bolvíkingurinn í árina og bjargaði málunum.

Pálmi dregur ekki úr því að þetta hafi tekið á í samtali við blaðamann en segir, spurður hvort hann hafi ekki verið þarna í bullandi lífsháska: „Ég hef nú séð hann svartari. Menn skulu ekki gleyma að ég er alinn upp í sjávarplássi.“

jakob@frettabladid.is

Undarleg framkoma Phoenix

Framkoma leikarans Joaquins Phoenix í spjallþætti Davids Letterman á dögunum þykir afar skrautleg og hefur viðtalið notið gríðarlegra vinsælda á netinu.

Phoenix var að eigin sögn að kynna sína síðustu bíómynd, Two Lovers, og ætlar í framtíðinni að einbeita sér að hip hop-tónlistarferli sínum. Hlegið var látlaust að Phoenix í þættinum, enda mætti hann fúlskeggjaður með sólgleraugu og svaraði flestum spurningum Lettermans stuttaralega.

Letterman nýtti sér þetta, gerði óspart grín að skegginu og japli hans á tyggjói og sagði í lokin að sér þætti leitt að hann hafi ekki verið á staðnum. Hinn 34 ára Phoenix hefur sjálfur lýst því yfir að honum sé fúlasta alvara með uppátækinu þrátt fyrir að einhverjir telji að um gabb sé að ræða.

PALTROW OG PHOENIX Joaquin Phoenix ásamt Gwyneth Paltrow sem leikur á móti honum í Two Lovers.

„Von mín er að eftir smá frí, eins og þú hefur tekið hér í kvöld, munir þú skipta um skoðun og koma aftur í leiklistina því það er enginn betri en þú,“ sagði Letterman.

Í þætti sínum kvöldið eftir viðtalið gerði Letterman enn meira grín að Phoenix og gaf í skyn að hann hafi verið á eiturlyfjum. Eldri bróðir hans, River Phoenix, lést af völdum eiturlyfja fyrir utan næturklúbb í Los Angeles árið 1993.

GISTING Í HJARTA KAUPMANNAHAFNAR



STÓRGLÆSILEGAR OG BJARTAR ÍBÚÐIR stutt frá miðbæ Kaupmannahafnar og Tivolí. Einstakt tækifæri fyrir einstaklinga eða fjölskyldur sem vilja njóta lífsins í þessari glæsilegu borg. Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar og með öllum húsbúnaði. Í íbúðunum eru 2-3 svefnherbergi, 4-6 rúm í íbúð. Upplýsingar í síma 770 8200 eða á tölvupósti jonas@logheimar.is - JAG ehf.

Pattra heldur fatamarkað

„Ég er búin að vera kaupóð síðustu árin og hefur alltaf langað til að halda fatamarkað," segir Pattra Sriyanonge sem heldur fatamarkað á veitinga- og skemmtistaðnum Domo. Að öllu jöfnu er staðurinn ekki opnaður fyrr en klukkan 18, en í dag verður gerð undantekning og staðurinn opinn fyrir fatamarkað milli 11 og 17. Pattra er í sambúð með fótboltakappanum Arnari Gunnlaugssyni sem er einn af eigendum Domo og mun hún ásamt vinkonum sínum selja ný og notuð föt á neðri hæð staðarins.

„Hanna Kristín Magnúsdóttir og Annetta Rut Kristjánsdóttir, vinkonur mínar, eru með mér í þessu. Það verða alls konar flottheit í boði og þar sem við erum allar í mismunandi stærðum geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi á kreppuverði," útskýrir Pattra sem lék nýverið í sjónvarpsþættinum Rétti.

Aðspurð segist hún íhuga flutninga til útlanda og leggja frekari stund á leiklist. „Mig langar mikið að flytja út og fara í leiklistarnám eða fá mér umboðsmann og stökkva bara út í djúpu laugina. Mig langar mikið til Taílands þar sem ég á fjölskyldu og dvelja þar í eitt ár, en annars heilla New York og Los Angeles líka," útskýrir Pattra sem vonast til að sjá sem flesta á Domo í dag. - ag



FÖT Á KREPPUVERÐI Pattra heldur fatamarkað á Domo í dag.

Vinsælustu ballöðurnar

Safnplötupakkinn 100 íslenskar ballöður er kominn út. Hann hefur að geyma vinsælar íslenskar ballöður allt frá árinu 1953 til dagsins í dag. Þarna er meðal annars að finna lögin: Þó líði ár og öld, Það er gott að elska, Þú komst við hjartað í mér, Bláu augun þín, Samferða, Skólaball og Þú fullkomnar mig.

Pakkinn er hluti af einni vinsælustu safnplöturöð seinni ára, 100-seríunni en 100 íslenskar ballöður er sú níunda í röðinni.

JENNIFER ANISTON Vinurinn fyrrverandi vill endilega eignast börn í framtíðinni.

Aniston vill eignast börn

Leikkonan Jennifer Aniston hefur fullan hug á að eignast börn í framtíðinni. Hún segir að hlutverk sitt sem hundaeigandi í gamanmyndinni Marley & Me hafi vakið upp í sér móðurtilfinningar.

„Mig langar að eignast börn. Það er mitt markmið," sagði Aniston, sem varð fertug fyrir skömmu og hefur því ekki langan tíma til að láta verða af áformum sínum. Hvort kærasti hennar, tónlistarmaðurinn John Mayer, sé á sama máli á aftur á móti eftir að koma í ljós.

Vélvirkjar

Við óskum að ráða vélvirkja í dagvinnu og vaktavinnu hjá Norðuráli á Grundartanga.

Hvaða kröfur gerum við?

- Sveinspróf í vélvirkjun og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir
- Æskilegt er að umsækjendur séu búsettir á Vesturlandi

Hvað veitum við?

Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefnin eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á tæknibúnaði Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

- Starfsþjálfun og símenntun
- Nýtt mötuneyti á staðnum
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Hjá Norðuráli starfar öflugt starfsmannafélag sem stendur reglulega fyrir ýmsum áhugaverðum uppákomum.

Nánari upplýsingar veita:

Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri, og Fjalar Ríkarðsson, framkvæmdastjóri viðhaldssviðs, í síma 430 1000.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 25. febrúar n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsókn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Vélvirki. Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru yfir fimm hundruð talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

512 50 50 Auglýsingasími

- Mest lesið



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
FRIDAY THE 13TH	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
FRIDAY THE 13TH	kl. 8 - 10:20	VIP
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:30D - 3:40D -5:50D	L
CHIHUAHUA m/Ensku tali	kl. 10:20 Ath engin ísl. texti	L
BENJAMIN BUTTON	kl. 2:50 - 6 - 9:10	7
HOTEL FOR DOGS	kl. 1:30 - 3:40 - 6	L
DOUBT	kl. 8	L
DOUBT	kl. 3:40 - 5:50	VIP
ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	12
BEDTIME STORIES	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
ROCKNROLLA	kl. 10:20	16
CHANGELING Síð sýn.	kl. 3:30	16
YES MAN	kl. 8:10	7
MADAGASCAR 2 m/ísl. tali	kl. 1:30	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
FRIDAY THE 13TH	kl. 8:20 - 10:30	16
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 2D - 4D - 6D	L
BENJAMIN BUTTON	kl. 3:20 - 6:30 - 7:15 - 10	7
BLOODY VALENTINE-3D	kl. 10:20(3D)	16
BOLT 3-D m/ísl. tali	kl. 1(3D) - 3 (3D) - 5 (3D)	L
BEDTIME STORIES	kl. 1	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
TAKEN	kl. 8 - 10:10	16
SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali	kl. 2	L
BOLTI m/ísl. tali	kl. 4	L
ROLE MODELS	kl. 6	12
SEVEN POUNDS	kl. 8	L
UNDERWORLD 3	kl. 10:30	16

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
CHIHUAHUA	kl. 2 - 4 - 6	L
FRIDAY THE 13TH	kl. 8 - 10	16
BOLTI m/ísl. tali	kl. 2	L
BEDTIME STORIES	kl. 4	L
ROLE MODELS	kl. 6	12
BENJAMIN BUTTON	kl. 8	7

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
SLUMDOG MILLIONAIRE	kl. 8 - 10:20	12
DOUBT	kl. 8	12
UNDERWORLD	kl. 10:20	16
SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali	kl. 2 - 4	12
BEDTIME STORIES	kl. 5:50	L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
FANBOYS	kl. 1 - 3.20 - 5.50 - 8 - 10.10	L
FANBOYS LÚXUS kl. 1, sunnudag	kl. 3.20 - 5.50 – 8 – 10.10	L
BRIDEWARS	kl. 3.30 - 6 - 8 - 10	L
HOTEL FOR DOGS	kl. 1 - 3.30 - 5.45	L
VALKYRIE	kl. 8 - 10.30	12
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 1 - 3	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 1	L

5% AUKAKRÓNUR

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
THE WRESTLER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
FROST/NIXON	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3	L
REFURINN OG BARNIÐ	kl. 3	L
SÓLSKINSDRENGURINN LAU	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
SÓLSKINSDRENGURINN SUN	kl. 3 - 5.30 - 10.30	L
THE INTERNATIONAL SUN	kl. 8 Forsýning	16

5% AUKAKRÓNUR

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

VALKYRIE	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
BRIDE WARS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 3 - 5.30 - 8	12
TAKEN	kl. 4 - 10.30	16
AUSTRALIA	kl. 6	12
UNDERWORLD 3	kl. 10	16

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
BRIDE WARS	kl. 8 - 10.15	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 10.10	12
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 4 - 6	L
SÓLSKINSDRENGURINN	kl. 6	L
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 4	L
THE INTERNATIONAL	KL. 8 Forsýning	16

5% AUKAKRÓNUR

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

STÓRA STUNDIN Í KVÖLD

Í kvöld kemur í ljós hvaða lag verður tuttugasta og annað Eurovisionlag Íslendinga. Eftir snarpa keppni, sem er ekkert í líkingu við maraþon-keppnina í góðærinu í fyrra, standa eftir átta lög. Dr. Gunni spáði í spilin og fékk hjálp valinkunnra spekinga.

EINHVER ÞESSARA SIGRAR LÍKLEGAST Í ÁR, EN HVER?

Verður það kraftpopp **Elektru**, gæsahúðarballaða **Jógvans**, nútímapoppið með **Kaju** eða léttpopp Ingós?

Lag 1: Easy to fool

Lag: Torfi Ólafsson
Texti: Þorkell Olgeirsson
Flytjandi: Arnar, Edgar, Sverrir og Ólafur
Eagles-legur kántríslagari um ferðalag með Greyhound-rútu til Maine er vissulega öðruvísi Eurovision yrkisefni. Ólíklegt er að Eagles-aðdáendur fari hamförum á gemsunum.
Möguleikar á sigri: 3/10

Lag 2: I think the world of you

Lag og texti: Hallgrímur Óskarsson
Flytjandi: Jógvan Hansen
Traust ballaða með góðum og geislandi flytjanda gæti verið málið í ár, ekki síst vegna þess að hann er færeyskur og kreppupþjóðin stendur í þakkarskuld við Færeyinga.
Möguleikar á sigri: 7/10

Lag 3: Lygin ein

Lag og texti: Albert G. Jónsson
Flytjandi: Kaja Halldórsdóttir
Þetta er „nútímalegasta" lagið og ætti að höfða til gemsaóðra unglinga. Albert lofar íslensku lagi ef það fer til Moskvu, en spurningin er bara hvort hin líttþekkta Kaja nær að brjóta ísinn.
Möguleikar á sigri: 7/10

Lag 4: Vornótt

Lag: Erla Gígja Þorvaldsdóttir
Texti: Hilmir Jóhannesson
Flytjandi: Hreindís Ylva Garðarsdóttir
Þetta gamaldags lag eftir ömmuna frá Sauðárkróki sem óþekkta ömmubarnið syngur gæti orðið óvæntur sigurvegari í ár. Sérstaklega ef Sauðkrækingar og fólk yfir sextugt tekur kast á gemsunum sínum.
Möguleikar á sigri: 4/10

Lag 5: Got no love

Lag: Örlygur Smári
Texti: Örlygur Smári & Sigurður Jónsson
Flytjandi: Elektra
Þessi snöggsoðna kvennasveit hefur vakið einna mesta athygli á sér í ár enda með ofurplöggarann Valla sport í liði. Lagið er hið þokkalegasta og með öruggri framkomu og góðum söng gæti kraftpoppið farið alla leið.
Möguleikar á sigri: 7/10

Lag 6: The kiss we never kissed

Lag: Heimir Sindrason
Texti: Ari Harðarson
Flytjandi: Edgar Smári
Þessi ballaða er ágætlega flutt af fínum söngvara. Þó er lagið líklega of lítið afgerandi til að eiga upp á pallborð gemsaeigenda.
Möguleikar á sigri: 3/10

Lag 7: Undir regnbogann

Lag: Hallgrímur Óskarsson
Texti: Eiríkur Hauksson
Flytjandi: Ingó
Þægilegt lágstemmt gamaldags léttpopp. Ingó á mikið inni hjá krökkunum eftir ferðir sínar til fjár til Bahama með Veðurguðunum. Verða krakkarnir duglegir á gemsunum?
Möguleikar á sigri: 7/10

Lag 8: Is it true

Lag og texti: Óskar Páll Sveinsson
Flytjandi: Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Þrátt fyrir óumdeilda hæfileika hefur barnastjarnan Jóhanna Guðrún aldrei notið mikilla vinsælda á Íslandi. Lagið er traust ballaða sem aðdáendum sígildra Eurovisionlaga líst mjög vel á. En er það nóg?
Möguleikar á sigri: 5/10

HVAÐ FINNST SPEKINGUNUM?

„Lagið sem Jóhanna Guðrún syngur finnst mér standa upp úr, bæði flutningurinn og lagið. Það eru engar frábærar lagasmíðar í keppninni í ár en það er gaman að sjá unga kynslóð koma fram, alla þessa efnilegu söngvara."
Helga Möller, söngkona.

„Þetta er búið að vera hálf skelfilegt í ár. Best finnst mér „Lygin ein". Það hefur smá fíling og hreyfir við manni. Það gæti hugsanlega virkað í Eurovision. Hitt hefur litla tengingu við nútímann og hljómar satt að segja eins og úr tímavél andskotans."
Jóhann Ágúst Jóhannsson tónlistargagnrýnandi.

„Heilt yfir er þetta frekar sorglegt í ár. Þetta er alltof mikil flatneskja og það vantar alveg almennilegt flipp eins og var í fyrra. Ingó er vinur minn og því held ég með honum. Elektra er svo eina atriðið sem er eitthvað að trana sér fram og það má virða það. Ég fíla ekki lagið en það væri ekkert vitlaus hugmynd að senda svona stelpuband með flott atriði."
Atli Fannar Bjarkason ritstjóri Mónitors.

„„Lygin ein" finnst mér persónulega besta lagið í úrslitunum. Það eru svo skrítnar stambakraddir í því og það er eftir sama höfund og gerði „Sá þig" sem mér fannst rosaflott lag 2003. Ef ég fer í spámannskjólinn held ég að Jógvan taki þetta. "
Heiða Eiríksdóttir söngkona.

ÚTSÖLU MARKAÐUR

TÓNLIST OG BÆKUR

Hundruðir titla í boði!

Verð frá **199.-**

Fáanlegt í Skeifu, Kringlu, Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri*

ÚTSALA **1.990.-** Verð áður 3.990.-

ÚTSALA **1.990.-** Verð áður 4.490.-

ÚTSALA **1.990.-** Verð áður 4.480.-

ÚTSALA **2.490.-** Verð áður 4.990.-

ÚTSALA **2.490.-** Verð áður 5.790.-

ÚTSALA **5.990.-** Verð áður 12.980.-

ÚTSALA **1.990.-** Verð áður 2.490.-

ÚTSALA **5.990.-** Verð áður 9.980.-

Fáanlegt í Skeifu, Kringlu, Smáralind og á Akureyri*

*Allt úrvalið fæst í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Hvað gera Haukakonur án Ramune?

Undanúrslitaleikir Eimskips bikars kvenna í handbolta fara fram klukkan 16.00 í dag. KA/Þór tekur á móti FH í KA-heimilinu á Akureyri og topplið Hauka tekur á móti Íslands- og bikarmeisturum Stjörnunnar. Haukar unnu deildarleik liðanna í Mýrinni fyrir viku en misstu þá stórskyttu sína Ramune Pekarskyte útaf með rautt spjald og í leikbann fyrir leikinn í dag. Ramune hefur skorað 7,7 mörk að meðaltali í leik í vetur. Þetta er þriðja árið í röð sem Haukar og Stjarnan mætast í bikarnum, Haukar unnu í 8 liða úrslitum 2007 og urðu bikarmeistarar og Stjarnan lék það síðan eftir í fyrra.

sport
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILDIN HEYRIR SÖGUNNI TIL: MARKAÐSRÉTTURINN EINFALDLEGA OF DÝR FYRIR LANDSBANKANN

Kostar 20-30 milljónir króna að fá nafn sitt á deildina

Örlög Landsbankadeildarinnar réðust í gær þegar Landsbankinn ákvað að afsala sér markaðsrétti á efstu deildum karla og kvenna. Bankastjórn Landsbankans telur ekki rétt að verja háum upphæðum í kaup á markaðsrétti að deildunum með tilheyrandi markaðsherferð.

„Við getum einfaldlega ekki réttlætt það miðað við núverandi árferði að eyða þetta miklum peningum bara í nafnið á deildinni eða markaðsréttinn. Stefna bankans er að hlúa að fjölskyldunum í landinu og því gekk þetta dæmi ekki upp," sagði Viggó Ásgeirsson hjá Landsbankanum sem mun styrkja annað íþróttastarf áfram.

Það er alls ekki ókeypis að fá nafn sitt á efstu deildirnar í knattspyrnunni og þegar búið er að greiða þá upphæð á eftir að leggjast í markaðsherferð með tilheyrandi kostnaði. „Þessi kostnaður hefur verið rokkandi vegna gengisins meðal annars en er um 20 til 30 milljónir króna á ári," sagði Viggó.

Það sem flækir stöðu KSÍ í því að finna nýjan styrktaraðila er sú staðreynd að sambandið framseldi markaðsréttinn til þýska fyrirtækisins Sportfive. Það fyrirtæki sem hefur áhuga á að kaupa réttinn kaupir hann því ekki af KSÍ heldur Sportfive. Eins og sjá má á tölunum hér að ofan er þýska fyrirtækið ekki að gefa þennan rétt og menn hljóta að spyrja sig að því hvort það fyrirtæki finnist hér á landi sem er til í að greiða slíka upphæð fyrir markaðsréttinn.

„Við munum að sjálfsögðu reyna að finna styrktaraðila að deildinni og ég er þokkalega vongóður um að það geti tekist þó svo að tíminn sé skammur," sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, en hann staðfesti enn fremur að KSÍ hefði ekki haft neina varaáætlun uppi í erminni færi svo að Landsbankinn gengi úr skaftinu.

En voru það mistök að selja markaðsréttinn yfir til Sportfive í ljósi þess að líklegra sé að KSÍ væri þægilegra í samningum um þann rétt núna en Sportfive?

„Það á allt eftir að koma í ljós," sagði Þórir og vildi í engu svara því til hvort hann óttaðist að það gæti orðið erfitt að finna nýjan styrktaraðila.

FANNAR OG FANNAR Fyrirliðar bikarúrslitaliðanna eru nafnar. Fannar Ólafsson hjá KR er til hægri og Fannar Freyr Helgason hjá Stjörnunni er til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allir í KR á eftir fyrsta bikarnum

Þrír fyrrum bikarmeistarar eru í liði Stjörnunnar en enginn leikmaður KR hefur orðið bikarmeistari. Liðin mætast í bikarúrslitaleik á sunnudaginn.

KÖRFUBOLTI KR og Stjarnan mætast í bikarúrslitaleik karla í Höllinni á sunnudaginn. Flestir búast kannski við KR-sigri enda liðið búið að vinna alla leiki tímabilsins nema einn þann síðasta á móti Grindavík á mánudaginn.

Því má þó ekki gleyma að Stjörnuliðið hefur tekið algjörum stakkaskiptum eftir að Teitur Örlygsson tók við (8 sigrar í 9 leikjum) sem og þeirri staðreynd sem margir gera sér kannski ekki grein fyrir að einu leikmenn úrslitaleiksins sem hafa unnið bikarinn áður eru allir í Garðabæjarliðinu.

Átta KR-ingar hafa spilað áður bikarúrslitaleikinn en enginn þeirra hefur unnið bikarinn. Það er aðeins þjálfarinn, Benedikt Guðmundsson, sem hefur fengið að lyfta bikarnum en hann gerði Grindavík að bikarmeisturum fyrir ellefu árum.

Bikarmeistarareynsla þjálfara liðanna er í raun af svipuðum toga og hjá leikmönnunum því á móti þessum einum bikarmeistaratitli Benedikts vann Teitur Örlygsson bikarinn sjö sinnum sem leikmaður Njarðvíkur.

Justin með stórleik í fyrra

Stjörnumennirnir þrír sem hafa unnið bikarinn eru Ólafur Jónas Sigurðsson (tvisvar sinnum), Justin Shouse og fyrirliðinn Fannar Freyr Helgason.

Ólafur Jónas var í stóru hlutverki í báðum bikarsigrum ÍR á síðustu árum, var með 5 stig og 5 fráköst á 21 mínútu 2001 og 3 stig og 5 stoðsendingar á 19 mínútum fyrir tveimur árum. Fannar var einnig í ÍR-liðinu sem vann bikarinn 2007 og var þá með 9 stig og 5 fráköst á 17 mínútum í úrslitaleiknum.

Justin Shouse getur orðið fyrsti Bandaríkjamaðurinn í níu ár til þess að ná því að verða bikarmeistari tvö ár í röð. Hann varð bikarmeistari með Snæfelli í fyrra og getur fetað í fótspor Brentons Birmingham sem varð bikarmeistari með Njarðvík 1999 og svo Grindavík árið eftir.

Justin átti frábæran leik í bikarúrslitum í fyrra þar sem hann var með 27 stig, 10 stoðsendingar og hitti úr 11 af 15 skotum sínum.

Átta leikmenn KR með silfur

Í KR-liðinu hafa átta leikmenn liðsins kynnst því að tapa bikarúrslitaleik og enginn þeirra hefur fengið að lyfta bikarnum.

Sex þeirra töpuðu umræddum bikarúrslitaleikjum með KR, þar af voru þeir Hjalti Kristinsson og Ólafur Már Ægisson með árin 2000 og 2002. Fannar Ólafsson lék sinn fyrsta og eina bikarúrslitaleik fyrir tíu árum þegar Keflavík tapaði fyrir Njarðvík í framlengingu og Skarphéðinn Freyr Ingason var í tapliði Hamars fyrir átta árum.

Bæði Jakob Örn Sigurðarson og Jón Arnór Stefánsson eiga ekki góðar minningar úr sínum eina bikarúrslitaleik með KR.

Jakob klikkaði á öllum sex skotum sínum og var stigalaus og með fjóra tapaða bolta á 18 mínútum í tapleik KR fyrir Grindavík árið 2000. Jón Arnór varð fyrir því að meiðast í byrjun fjórða leikhluta í bikarúrslitaleiknum árið 2002 og þurfti að horfa sárþjáður á Njarðvíkinga taka frumkvæðið í leiknum.

Bikarúrslitaleikur KR og Stjörnunnar hefst klukkan 16.00 á sunnudaginn eða strax á eftir úrslitaleik KR og Keflavíkur í kvennaflokki.

ooj@frettabladid.is

FYRIRLIÐAR OG ÞJÁLFARAR Búist er við æsispennandi baráttu milli KR og Keflavíkur í úrslitaleiknum á sunnudaginn. FRÉTTBLAÐIÐ/VILHELM

Keflavík og KR mætast í 7. sinn í úrslitaleik kvenna:

Stefnir í spennandi úrslitaleik enn á ný

KÖRFUBOLTI Sigursælustu bikarlið kvennakörfunnar frá upphafi mætast í bikarúrslitaleiknum á sunnudaginn. Ef marka má deildarleik liðanna á dögunum og fjölmarga úrslitaleiki þeirra á síðustu árum þá stefnir í æsispennandi leik.

Eftir mjög gott gengi í allan vetur kemur Keflavík með tvö töp í röð á bakinu inn í bikarúrslitin á sama tíma og KR vann tvo síðustu leiki sína og hefur unnið 7 af 8 leikjum á nýju ári eða síðan liðið fékk til sín Margréti Köru Sturludóttur. Margrét Kara lék áður með Keflavík og var með liðinu í tapleik liðsins í úrslitaleiknum 2007.

KR vann deildarleik liðanna fyrir tíu dögum með fjórum stigum, 78-74, en leikurinn var frábær auglýsing fyrir leikinn á morgun. Þar sáu menn vel þá baráttu og spennu sem verður á morgun.

Keflavík hefur unnið 4 af 6 bikarúrslitaleikjum sínum á móti KR og hafa 4 af þessum leikjum verið æsispennandi og unnist með fjórum stigum eða minna. Sá mest spennandi var örugglega úrslitaleikurinn 1997 en sá leikur fór í framlengingu. Svo skemmtilega vill til að aðaldómari þess leiks, Björgvin Rúnarsson, er einnig aðaldómari í leiknum á morgun.

Margra augu verða á Birnu Valgarðsdóttur í liði Keflavíkur en hún hefur farið fyrir liði Keflavíkur í vetur og hefur skorað 22,4 stig að meðaltali í leik. Birna hefur ekki náð að sýna sitt besta í síðustu bikarúrslitaleikjum og kannski er komið að stórleik hjá henni í Höllinni.

Stelpurnar í Keflavík unnu bikarinn síðast fyrir fimm árum og hafa aldrei þurft að bíða lengur eftir bikarnum frá því að liðið vann hann fyrst 1988. Sex leikmenn liðsins eru enn með liðinu sem vann KR 2004 en aðeins systurnar Hildur og Guðrún Arna Sigurðardóttir eru enn með KR.

Bikarúrslitaleikur Keflavíkur og KR hefst klukkan 14.00 í Laugardalshöllinni á morgun. **- óój**

ÚRSLITIN Í GÆR

1. deild karla í körfubolta

Haukar-Fjölnir	77-75 (framl.)
Höttur-Valur	90-97
UMFH-Hamar	65-94
KFÍ-Þór Þorl.	84-86 (fram.l.)

Stig efstu liða: Hamar 24 (13 leikir), Valur 20 (14) , Haukar 20 (14), Fjölnir 18 (14), KFÍ 16 (14).

Reykjavíkurmót í fótbolta

KR-Fram	3-2

1-0 Guðmundur Pétursson (40.), 2-0 Óskar Örn Hauksson (57.), 2-1 Viðar Guðjónsson (67.), 3-1 Óskar Örn Hauksson (68.), 3-2 Alexander Þórarinsson (85.) KR mætir Fylki í úrslitaleiknum.

Haukar í Evrópukeppni í gær:

13 marka tap

HANDBOLTI Haukar töpuðu með 13 marka mun, 34-21, fyrir Nordhorn í fyrri leik sínum í 16 liða úrslitum Evrópukeppni bikarhafa. Haukar voru 18-12 undir í hálfleik.

„Þetta var mjög erfitt og við vorum í miklum vandræðum allan tímann. Vörnin var ekki nægilega sterk, markvarslan var léleg og við vorum að gera mikið af sóknarfeilum," sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka. „Sá eini sem var að spila af eðlilegri getu var Sigurbergur Sveinsson," sagði Aron, en Sigurbergur skoraði 11 af 21 marki Hauka.

Seinni leikurinn er einnig í Þýskalandi og er á sunnudaginn. „Markmiðið okkar er að spila betur og við vitum að við getum það. Við höfum verið að spila mjög vel í Evrópukeppninni í ár og þetta var okkar slak-asti leikur í henni," sagði Aron. **- óój**

11 MÖRK Sigurbergur Sveinsson.

dagskrá

> David Duchovny

„Ég elda aldrei og ef ég myndi elda þá myndi ég svo sannarlega ekki borða það.“ Duchovny leikur rithöfundinn Hank Moody í þættinum Californication sem Skjáreinn sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON TÆKLAR TURNANA TVO

Dylan! Allir þurfa góðan Dylan!

Hvað er eiginlega langt síðan Stöð 2 byrjaði að sýna Granna? Ég er ekki viss, en hitt er klárt að ég man vart eftir mér öðruvísi en að hægt væri að ganga að fjölskrúðugum íbúahópi Ramsay-strætis í Erinsborough-úthverfi Melbourne-borgar í Ástralíu vísum á skjánum á hinum undarlegustu tímum dags og nætur. Nú þegar amstur hversdagsins og grámygla efnahagskreppunnar þrengir að er ómetanlegt að geta flúið á vit vitgrannra granna og gleymt þar sorgum sínum í faðmi Harolds, ástarlæknisins Karls Kennedy og persónulegs eftirlætis míns, Körtunnar. Unaðslegri fasti í tilverunni hlýtur að vera vandfundinn.

Nema ef vera skyldi Bob sjálfur Dylan, sem eins og grannarnir góðu hefur fylgt mér í gegnum lífið frá örófi tíunda áratugarins. Því var það nánast kosmísk reynsla þegar ég uppgötvaði hversu órjúfanlegum böndum þessi tvö epísku fyrirbæri tengjast, Grannar og Dylan.

Þannig er mál með vexti að handritshöfundar sápunnar eru gríðarlegir Dylan-unnendur, eins og sést best á titlunum sem þeir gefa hverjum þætti. *Shelter from the Storm*, *Tombstone Blues* og *The Wicked Messenger* eru einungis örfá dæmi um þáttaheiti sem eru tekin beint úr lagasafni þjóðlagapopparans. Skemmtilegast er þó þegar höfundarnir fara á flug og vísa í laga- og plötuheiti með skemmtilegum orðaleikjum, eins og til dæmis *Blood on the Max*, *Hey Mr. Tambourine Sham*, *Blonde on Blind*, *You're a Big Boy Now* og *Licence to Swill*.

Hlýtur ekki að vera næst á dagskránni hjá Dylan að leika gestahlutverk í þætti af Grönnum? Varla myndi það nú teljast stórt skref niður á við hjá gamla byltingarsinnanum, sérstaklega ekki eftir að hann kom fram í auglýsingu fyrir nærbuxnarisann Victoria's Secret hér um árið.

SUNNUDAGUR

▶ **14.20 Everton - Aston Villa** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.55 Sjálfstætt fólk** STÖÐ 2

▶ **20.00 Idol - Stjörnuleit** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.55 Sommer** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 Top Gear** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá.

10.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)

12.00 Kastljós - Samantekt

12.30 Silfur Egils

13.50 Bikarkeppni kvenna í körfubolta

16.00 Bikarkeppni karla í körfubolta

16.30 Táknmálsfréttir

16.45 Bikarkeppni karla í körfubolta

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Fréttaaukinn

20.10 Sjónleikur í átta þáttum Ný þáttaröð um leikið efni í Sjónvarpinu í áranna rás.

▶**20.55 Sommer** (Sommer) (11:20) Danskur myndaflokkur um viðburðaríkt líf læknisfjölskyldu í skugga alsheimersjúkdóms fjölskylduföðurins. Aðalhlutverk: Lars Ranthe, Marie Louise Wille, Cecilie Bøcker Rosling, Jesper Langberg og Camilla Bendix.

21.55 Landamærin (An die Grenze) Þýsk mynd frá 2007. Myndin gerist árið 1974 og segir frá ungum manni í landamæralögreglu Austur-Þýskalands. Aðalhlutverk: Jacob Matschenz, Bernadette Heerwagen, Max Riemelt, Florian Panzner og Dirk Borchardt.

23.40 Silfur Egils (e)

01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Field of Dreams

10.00 Home alone 2

12.00 The Devil Wears Prada

14.00 Field of Dreams

16.00 Home alone 2

18.00 The Devil Wears Prada

20.00 Half Nelson Dan Dunne er kennari í ríkisskóla í Brooklyn sem á við eiturlyfjavandamál að stríða. Hann myndar sérstaka vináttu við stúlku í bekknum eftir að hún kemst að þessu leyndarmáli hans.

22.00 Gacy

00.00 Tremors

02.00 16 Blocks

04.00 Gacy

06.00 Fallen. The Journey Annar hluti

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, The Flinstone Kids og Lalli

08.00 Algjör Sveppi Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.

09.30 Stóra teiknimyndastundin

09.55 Adventures of Jimmy Neutron

10.20 Nancy Drew

12.00 Eldsnöggt með Jóa Fel (5:10)

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 American Idol (8:40)

15.00 American Idol (9:40)

15.45 Worst Week (2:15)

16.10 Two and a Half Men (5:19)

16.35 Logi í beinni

17.20 The Daily Show. Global Edition

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

19.10 60 mínútur

